

**SKOÐUN** Vilhjálmur H. Vilhjálmsson skrifar um kærur á hendur dómurum. 22



**LÍFIÐ** Unnsteinn Manuel Stefánsson hefur sólóferil í dag sem Uni Stefson. 50



**SPORT** Íhuga að kæra borgina og KSÍ vegna framkvæmda við flóðlýsingu í Laugardalnum. 46







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
**26. júní 2014**
148. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



**Lítið netöryggi á Íslandi** Kostnaðurinn við netglæpi er hár og mun halda áfram að hækka samkvæmt samantekt innanríkisráðuneytisins. Staða netöryggismála á Íslandi er ekki nægilega góð að mati sérfræðinga. 10

**Ekki lagastoð** Árið 2010 kom í ljós að einstaklingar höfðu fengið vegabréf án þess að lagaheimild væri fyrir útgáfunni. 2

**Ósáttir við Umboðsmann** Tveir skjólstæðingar Umboðsmanns skuldara eru ósáttir við að embættið hafi sent einkareknu fyrirtæki upplýsingar um þá. 4

**Ósinn breikkar** Rennsli Lagarfljóts og Jöklu að hluta fer nú um nýjan ós sem breikkar hratt. Breikkun hans er þegar orðin tvítugföld. 8




| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 13° | S | 5 |
| Akureyri | 17° | S | 2 |
| Egilsstaðir | 17° | S | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 13° | SA | 4 |
| Reykjavík | 12° | SA | 8 |

**Bjart með köflum** austanlands en dálítil væta vestan til. Fremur hægur vindur og hiti víða á bilinu 10 til 20 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Fólk | Þvottur**






**Í ALDINGARÐI ÆSKUNNAR** Börn gróðursetja aldintré í fyrsta Aldingarði æskunnar í leikskólanum Steinahlíð við Suðurlandsbraut í Reykjavík. Um samstarfsverkefni er að ræða milli Barnavinafélagsins Sumargjafar og Garðyrkjufélags Íslands. Markmið verkefnisins er að efla vitund barna um ræktun ávaxtatrjáa samfara því að skapa fallega trjáreiti. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Erlendir fjárfestar eignast 51% í Advania

Hlutafé upplýsingatæknifyrirtækisins Advania verður aukið um tvo milljarða króna í júlímánuði. Nýir aðaleigendur Advania vilja setja fyrirtækið á markað í Svíþjóð og á Íslandi að nokkrum árum liðnum.

**VIÐSKIPTI** Fámennur hópur norrænna fjárfesta, með mikla reynslu úr upplýsingatæknigeiranum á Norðurlöndum, mun eignast meirihluta í íslenska upplýsingatæknifyrirtækinu Advania. Hlutafé fyrirtækisins verður samhliða þessu aukið um tvo milljarða króna.

Fjárfestarnir hafa ekki viljað opinbera hverjir eru í hópnum en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að um þrjá til fimm aðila sé að ræða. Eignarhald þeirra verður í gegnum sænska félagið AdvInvest.

Hingað til hefur Framtakssjóður Íslands verið aðaleigandi Advania með um 71 prósent hlutafjár. Samkomulag Framtakssjóðsins við fjárfestana gerir ráð fyrir því að þeir eignist að minnsta kosti 51 prósents hlut í fyrirtækinu og verði þar af leiðandi aðaleigandi þess.

Áætlað er að þessar breytingar gangi í gegn hjá fyrirtækinu í júlí að loknum hluthafafundi sem boðaður hefur verið þann 2. júlí næstkomandi. Öðrum hluthöfum Advania verður boðið að framselja forgangsrétt sinn en vegna þessa er í raun óljóst hve stóran hluta fyrirtækisins norrænu fjárfestarnir munu eignast.

Markmið fjárfestanna er að efla uppbyggingu Advania hér á landi og gera það að aðlaðandi fjárfestingarkosti. Að nokkrum árum liðnum er áætlað að fyrirtækið verði skráð á markað bæði hérlendis og í Svíþjóð. Það er þó háð afnámi gjaldeyrishafta.

> **Það eru að koma aðilar með mikla reynslu og þekkingu á mörkuðum í Skandinavíu og þeir ætla að nýta sér sína kunnáttu og sitt tengslanet til að auka veg Advania á erlendum mörkuðum.**
>
> *Gestur G. Gestsson forstjóri Advania*

Fjárfesting AdvInvest í Advania er ein stærsta fjárfesting erlendra aðila í íslensku atvinnulífi frá efnahagshruni árið 2008. Forstjóri Advania, Gestur G. Gestsson, segir fjárfestingu hópsins efla starfsemi fyrirtækisins hérlendis sem og samkeppnishæfni þess í alþjóðlegu samhengi.

„Þetta er gífurlega gott fyrir félagið. Þetta sýnir ekki bara trú á Advania heldur því að það að reka upplýsingatæknifyrirtæki á Íslandi getur verið kjölfesta í öflugri starfsemi á Norðurlöndum," segir Gestur.

Advania er stærsta upplýsingatæknifyrirtæki landsins með um 1.100 starfsmenn. Tap fyrirtækisins árið 2012 nam 1.692 milljónum króna og 360 milljónum á síðasta ári. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir nam þó 1.315 milljónum árið 2013.

**- ssb** / sjá síðu 20






Þúsundir gætu misst aðgang að útvarps- og sjónvarpssendingum RÚV:

# RÚV vill að LÍÚ borgi brúsann

**FJARSKIPTI** Að óbreyttu falla útsendingar RÚV um gervihnött niður um mánaðamótin. Unnið er að því finna fjármagn til að halda útsendingunum áfram.

Atvinnuveganefnd fundar sérstaklega um málið í dag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er hins vegar um árlegt hark innan stjórnkerfisins að ræða við að fjármagna verkefnið, sem ekki er að finna á fjárlögum.

Til marks um vandræðin við fjármögnunina hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að forsvarsmenn RÚV hafi farið þess á leit við LÍÚ að sambandið keypti þessa þjónustu að hluta. LÍÚ vísaði erindinu frá.

Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, segir fundinn kallaðan saman til að skýra málið, en alls óljóst sé hver niðurstaðan verður, enda sé ekki gert ráð fyrir verkefninu á fjárlögum. Til fundarins eru kallaðir fulltrúar RÚV, ráðuneyta og hagsmunaaðila.

Útsendingar um gervihnött hófust 2007 og voru upphaflega á könnu fjarskiptasjóðs. Árið 2010 var verkefnið fært til menntamálaráðuneytisins. Kostnaðurinn við útsendingarnar mun vera allt að 70 milljónir en það fæst ekki staðfest nákvæmlega. **- shá** / sjá síðu 6



### Þúsundir nýta gervihnattaútsendingar

Fjöldi útgefinna áskriftakorta vegna gervihnattaútsendinga er um 1.000. Mörg eru til stórra skipa sem tugir manna nýta. Önnur fara til hópa, fjölskyldna og einstaklinga. Tala notenda er því óljós en hleypur örugglega á þúsundum.




## SPURNING DAGSINS



### Kristín, er rafmagnað andrúmsloft í Eyjafirði?

**„Já, við erum alltaf í stuði.“**

Kristín Halldórsdóttir er mjólkurbússtjóri MS á Akureyri. Fyrirtækið hefur þurft að keyra steinolíutanka til að framleiða vörur því framboð á raforku í Eyjafirði er ekki nægjanlega mikið.

Systir Spánarkonungs og eiginmaður hennar eru grunuð um peningaþvætti, fjárdrátt og skjalafals:

# Kristín Spánarprinsessa fyrir dómstóla

**SPÁNN** Dómsmál yfir Kristínu Spánarprinsessu mun halda áfram fyrir spænskum dómstólum. Kristín er systir Felipes Spánarkonungs sem krýndur var í síðustu viku. Breska blaðið The Guardian greinir frá.

Málið kemur sér afar illa fyrir hinn nýja konung sem lofaði við krýninguna að hafa heiðarleika og gegnsæi að leiðarljósi í nýju starfi. Dómsmálið er talið ein af ástæðunum fyrir því að Juan Carlos afsalaði sér völdum sem konungur Spánar eftir tæplega fjörutíu ára valdasetu.

Spænskir saksóknarar eru einnig á eftir eiginmanni Kristínar, fyrrverandi handboltakappanum Iñaki Urdangarin. Hjónin eru grunuð um skjalafals, fjárdrátt og peningaþvætti.

Urdangarin rak góðgerðarsamtökin Nóos sem sáu um ráðgjöf auk þess að skipuleggja íþróttaviðburði og ráðstefnur.

Hjónin eru grunuð um að hafa notað samtökin og sambönd sín gegnum konungsfjölskylduna til að tryggja samninga við opinbera aðila og ofrukka fyrir þjónustu. Urdangarin og samverkamaður hans, Diego Torres, eiga svo að hafa komið fé þaðan til einkarekinna fyrirtækja og í skattaskjól.

Lögfræðingar hjónanna neita sök og segja þau ekki hafa brotið lög. -ih



**KONUNGUR Í VANDA** Dómsmálið kemur sér afar illa fyrir spænsku konungsfjölskylduna og Felipe Spánarkonung. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SPRENGJUÁRÁS** Minnst 21 er látinn eftir sprengjuárás fyrir utan verslunarmiðstöð í Abuja, höfuðborg Nígeríu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Minnst 21 látinn eftir hryðjuverkaárás í höfuðborg Nígeríu:

# Boko Haram sprengdu í Abuja

**NÍGERÍA Hryðjuverkasamtökin Boko Haram eru talin bera ábyrgð á sprengjuárás í Abuja, höfuðborg Nígeríu, í gær.**

**Sprengjan sprakk við verslunarmiðstöð og heyrðist sprengingin í margra kílómetra fjarlægð. Lögreglan í Nígeríu segir minnst 21 látinn og 17 særða eftir árásina.**

**Boko Haram hafa undanfarna mánuði fremur beitt sér að árásum í austurhluta Nígeríu, nokkur hundruð kílómetra frá Abuja. - ih**

Norrænir ráðherrar á fundi:

# Ræða deilur um síld og makríl

**STJÓRNMÁL** Árlegur fundur Norrænu ráðherranefndarinnar um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt stendur nú yfir á Selfossi.

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, stýrir fundinum. Meðal þess sem er til umfjöllunar eru loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á frumframleiðslugreinar og hvernig lífhagkerfin svo sem í sjávarútvegi og landbúnaði geta brugðist við þeim og hagnýtt sér þær. Þá verða rædd vandamál vegna lyfjaónæmra baktería og deilur um síld og makríl. - jme

Ekki áhrif á fjölda ferðalanga:

# Ríkið getur ekkert aðhafst

**UMHVERFISMÁL** Ragnheiður Elín Árnadóttir, ráðherra ferðamála, óttast ekki að hátt verðlag innan ferðaþjónustunnar hafi áhrif á komu erlendra ferðamanna hingað til lands. Hún segir það vera neytenda en ekki ríkisins að sýna ferðaþjónustufyrirtækjum aðhald.

„Það er ekkert sem hið opinbera getur gert eða í raun á að gera. Ég held að fæst okkar myndu vilja hafa verðlagsráð ríkisins til að gefa út gjaldskrár hvort sem það er í ferðaþjónustu eða öðrum atvinnugreinum,“ segir Ragnheiður. - jme

# Vegabréf voru gefin út án lagaheimildar

Gefin voru út vegabréf af Þjóðskrá andstætt gildandi lögum. Árið 2010 var farið yfir verkferla varðandi útgáfu persónuskilríkja og vegabréfa og kom í ljós að einstaklingar höfðu fengið vegabréf án þess að lagaheimild væri fyrir útgáfunni.

**STJÓRNSÝSLA** Ástæða þess að hin tíu ára gamla Harriet Cardew fær ekki endurnýjað vegabréf má rekja til breytinga á verklagi Þjóðskrár Íslands.

Þetta segir Sólveig Guðmundsdóttir, sviðsstjóri Þjóðskrársviðs hjá Þjóðskrá Íslands.

Foreldrum Harrietar var í fyrradag tilkynnt af Þjóðskrá að hún fengi ekki endurnýjað vegabréf vegna þess að nafn hennar væri ekki samþykkt af mannanafnanefnd. Þeir segja ákvörðunina ekki standast lög og að börnum þeirra sé mismunað. Tvö börn þeirra eru fædd erlendis og eru þar með gilt nafn en tvö önnur eru fædd hér á landi. Mannanafnanefnd hefur ekki samþykkt nöfn þeirra, Harriet og Duncan, sem fædd eru hér á landi og bera þau nöfnin Stúlka og Drengur Cardew í Þjóðskrá.

„Árið 2010 sameinuðust Þjóðskrá og Fasteignaskrá ríkisins. Við þá sameiningu fórum við yfir alla verkferla, bæði í sambandi við vegabréfaútgáfu og mannanöfn. Í kjölfar þeirrar skoðunar sáum við að lögin eru afar skýr í þessum efnum og skerptum á verklagi í samræmi við lög. Fyrir þann tíma höfðu verið gefin út vegabréf, andstætt lögum,“ segir Sólveig. Stofnunin sé aðeins að vinna eftir þeim lögum sem henni eru sett. Þjóðskrá eigi ekki að gera neitt annað en fara eftir þeim lögum og reglum sem um hana gilda. „Ég get ekki tjáð mig um einstök málefni sem koma inn á okkar borð en lagabókstafurinn er nokkuð skýr. Í honum segir að við getum einungis útgefið persónuskilríki og vegabréf til þeirra sem hafa gilt eiginnafn eða millinafn. Ef mannanafnanefnd hefur ekki samþykkt einhver ákveðin nöfn þá er í sjálfu sér ekkert sem við hjá Þjóðskrá getum gert. Við breytum ekki lögum, við förum aðeins eftir þeim.“

Þegar hún er spurð að því hvort lagabókstafurinn sé ekki úreltur og barn síns tíma segist hún ekki vilja leggja mat á það. „Aðalatriðið er það að við förum að þeim lögum sem okkur er skylt að fara eftir. Frá okkar bæjardyrum séð snýst þetta aðeins um það. Ég get svo ekki fyrir mitt leyti lagt mat á hvort lögin séu orðin úrelt, enda er það ekki mitt að skera úr um það,“ segir Sólveig. sveinn@frettabladid.is



**HYGGJAST KÆRA ÚRSKURÐINN** Foreldrar Harrietar munu í dag leggja fram kæru til innanríkisráðuneytisins vegna úrskurðar Þjóðskrár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## SEGIR MIKILVÆGT AÐ BREYTA LÖGUNUM



Óttarr Proppé, þingmaður Bjartrar framtíðar, lagði á síðasta þingi fram frumvarp um breytingu á lögum um mannanafnanefnd. Breytingin byggðist á því að mannanafnanefnd hætti að gefa út lista með samþykktum nöfnum.

„Íslendingar eiga foreldra af mismunandi uppruna. Frumvarpið var til þess gert að koma til móts við þann raunveruleika sem við búum við. Mér finnst þetta tiltekna mál sýna fram á mikilvægi þess að lögunum sé breytt. Auðvitað er hægt að breyta lögunum á annan hátt en frumvarpið gerði ráð fyrir. Þetta var hins vegar hreinlegasta útfærslan á breytingunum. Við fundum einnig fyrir miklum jákvæðum viðbrögðum við frumvarpinu bæði innan sem utan þings,“ segir Óttarr.


SUMARTILBOÐ



Niðurfellanleg hliðarborð

Árgerð 2014

98.900

- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Kveiking í öllum rofum
- Auka steikarplata fylgir
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Efri grind
- Bakki fyrir fitu
- Hitamælir
- Fáanlegt í fleiri litum

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Opið laugardaga til kl. 16


Ríkisendurskoðun segir forsætisráðherra hafa veitt styrki án heimildar:

# Segist hafa farið að lögum

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun segir að ekki hafi verið rétt staðið að úthlutun 205 milljóna sem forsætisráðherra veitti í styrki í fyrra. Styrkirnir hafi ekki verið auglýstir og fjárheimildir frá Alþingi hafi vantað.

Um er að ræða fé sem tekið var af tveimur safnliðum í fjárlögum og forsætisráðherra veitti til 24 verkefna í desember. „Samkvæmt tilkynningu Alþingis frá árinu 2011 skal ekki úthluta styrkjum af safnliðum til verkefna sem falla undir slíka sjóði,“ segir Ríkisendurskoðun sem segir þetta eiga við um flest verkefnin. Meðhöndlun forsætisráðuneytisins á þessum fjárlagaliðum sé „ruglingsleg og villandi og ekki til þess fallin að auðvelda þingheimi að átta sig á stöðu mála“.

Ríkisendurskoðun segir að eftir að ráðherranefnd um atvinnumál hafi lagst af hafi forsætisráðuneytið ekki getað ráðstafað 175 milljónum sem heyrðu undir þann lið nema með heimild frá Alþingi. Í svari ráðuneytisins til Ríkisendurskoðunar segir að þótt ráðherranefndar um atvinnumál sé getið í athugasemdum við fjárlagaliðinn sé ekki hægt að líta svo á að liðurinn hafi „verið eyrnamerktur nefndinni með bindandi hætti“.

Forsætisráðuneytið svarar Ríkisendurskoðun fullum hálsi í tilkynningu og hafnar því að ekki hafi verið staðið rétt að málum. „Úttektin staðfestir að forsætisráðuneytið fór að lögum við úthlutun styrkja bæði í tíð fyrri ríkisstjórnar, þegar ráðherranefnd um atvinnumál var starfandi, og þegar eftirstöðvum þeirrar fjárheimildar sem ráðherranefndin hafði áður haft aðkomu að var úthlutað í desember 2013,“ segir í athugasemdum ráðuneytisins. - gar / jme



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON** Veitti 24 styrki til minjaverndar án þess að auglýsa eftir umsækjendum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


ÚTSALA
HEFST Í DAG
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
Kringlan
KRINGLAN.IS
AF ÖLLU HJARTA
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
#KRINGLANICELAND

## SVONA ERUM VIÐ



**8 karlar og konur, sem ekki hafa verið kjörnir alþingismenn, hafa gegnt ráðherraembætti á Íslandi.**

Sjö karlar og ein kona hafa hlotið þann heiður.

Jón Ólafsson athafnamaður lætur Hellarannsóknarfélagið loka hellinum Gjögri í Ölfusi fyrir umferð:

# Stenst ekki lög að loka hellismunnanum

**UMHVERFISMÁL** Ómar Smári Ármannsson, rannsóknarlögreglumaður og náttúruverndarsinni, kom að hellinum Gjögri í Ölfusi rammlega lokuðum með keðjum á dögunum. Hann telur þann gjörning kolólöglegan. Ómar Smári hefur sent umhverfisráðuneyti og Hellarannsóknarfélagi Íslands erindi vegna málsins.

„Það vantar skýringar,“ segir Ómar Smári. „Það er búið að leita skýringa hjá umhverfisráðuneytinu en engar skýringar hafa fengist. Það er búið að spyrjast fyrir um þetta hjá Hellarannsóknarfélaginu en það hefur ekki gefið skýringar á þessu.“

Guðmundur Þorsteinsson, félagi í Hellarannsóknarfélaginu, staðfestir að félagið hafi lokað hellinum. Hann segir að hellinum hafi verið lokað af verndunar- og öryggissjónarmiðum og að kröfu eigandans, Jóns Ólafssonar kaupsýslumanns. Guðmundur segir að hann viti að áhöld séu um hvort þetta sé löglegt en það verði bara að koma í ljós.

Ellert Grétarsson ljósmyndari hefur sent Umhverfisstofnun erindi og fer fram á að keðjurnar og lásarnir verði fjarlægð. Hann bendir á að hellarnir séu ekki friðaðir.

Gjögur er í landi Hlíðarenda, sem Jón Ólafsson keypti á sínum tíma, eða öllu heldur fyrirtækið Iceland Water Holdings þar sem Jón og sonur hans fara með 55 prósenta hlut. **– jbg / jme**



**KIRFILEGA LOKAÐ** Hellarannsóknarfélagið lokaði hellinum en margir telja að sá gjörningur standist ekki lög. MYND/ELLERT GRÉTARSSON.

Rannsókn á lokametrunum:

## Hópnauðgun til saksóknara

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á hópnauðgun sem kærð var til lögreglunnar í maí síðastliðnum er á lokastigi. Hún verður send til ríkissaksóknara á allra næstu dögum.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn og yfirmaður kynferðisbrotadeildar, staðfestir þetta.



**YFIR KYNFERÐISBROTADEILDINNI** Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn.

Stúlka undir lögaldri kærði fimm menn fyrir nauðgun sem á að hafa átt sér stað í samkvæmi í Breiðholti í maí. Mennirnir voru allir í gæsluvarðhaldi um stund en Hæstiréttur úrskurðaði að áframhaldandi gæsluvarðhald væri óþarft. Fjórir mannanna eru undir átján ára aldri. **– ssb**

Fordæma vinnubrögðin:

## Eiga að fara að þjóðarvilja

**STJÓRNMÁL** „Samtök um nýja stjórnarskrá fordæma andlýðræðisleg vinnubrögð og valdþótta alþingismanna gagnvart framkomnum lýðræðislegum vilja kjósenda í stjórnarskrármálinu,“ segir í yfirlýsingu frá samtökunum.

Enn fremur segir að þjóðin sé stjórnarskrárgjafinn. Hún hafi kveðið upp sinn dóm í þjóðaratkvæðagreiðslu. Niðurstöður almennra kosninga beri öllum að una við. Alþingi beri siðferðileg og pólitísk skylda til að fara að niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslu sem það sjálft boðar til. Í lýðræðisríki sé enginn annar kostur. **– jme**

# Skjólstæðingar gagnrýna miðlun persónuupplýsinga

**Tveir skjólstæðingar Umboðsmanns skuldara eru ósáttir við að embættið hafi sent einkareknu fyrirtæki upplýsingar um þá. Upplýsingarnar notaðar í könnun sem Umboðsmaður skuldara taldi hafa leyfi Persónuverndar.**




**UMBOÐSMAÐUR SKULDARA** Vinna við könnunina hófst í maí og lauk í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**PERSÓNUVERND** Umboðsmanni skuldara hafa borist kvartanir vegna ákvörðunar embættisins um að senda upplýsingar um 1.700 skjólstæðinga þess til einkarekins rannsóknarfyrirtækis. Upplýsingarnar voru notaðar í þjónustukönnun sem embættið taldi að Persónuvernd hefði veitt leyfi fyrir.

Í könnuninni var haft samband við bæði fyrrverandi og núverandi skjólstæðinga sem höfðu sótt ráðgjöf til Umboðsmanns skuldara eða farið í greiðsluaðlögun. Þeir sem samþykktu að taka þátt voru meðal annars spurðir um ánægju þeirra með embættið og hvernig þeim hefði gengið að fara eftir ráðleggingum þess. Fyrirtækið Maskína sá um gerð könnunarinnar. Starfsmenn þess höfðu upplýsingar um kennitölur, símanúmer og netföng einstaklinganna. Þeir vissu einnig hvort skjólstæðingarnir hefðu leitað ráðgjafar eða farið í greiðsluaðlögun.

Viðmælandi Fréttablaðsins, sem vildi ekki láta nafn síns getið, hafði samband við Umboðsmann skuldara í gær til að lýsa óánægju sinni með að upplýsingar um hann hefðu ratað til fyrirtækisins. Þá var honum sagt að Persónuvernd hefði gefið leyfi fyrir könnuninni.



**ÁSTA SIGRÚN HELGADÓTTIR**

„Það er einfaldlega rangt. Við höfum ekki gefið neitt leyfi fyrir þessari könnun,“ segir Þórður Sveinsson, forstöðumaður lögfræðisviðs Persónuverndar. Hann segir Persónuvernd einungis hafa fengið tilkynningu frá Umboðsmanni skuldara um þjónustukönnunina. Í svari Persónuverndar við þeirri tilkynningu hafi verið tekið fram að engin afstaða hefði verið tekin til efnis hennar.

Ásta Sigrún Helgadóttir, umboðsmaður skuldara, segir embættið hafa talið svar Persónuverndar ígildi leyfis.

„Úrtakið var 1.700 manns en það hafa einungis tveir kvartað til okkar. Það má líka ekki gleyma því að fólk sem er ósátt hefur úrræði. Það getur í fyrsta lagi leitað til Persónuverndar og svo getur það auðvitað neitað að svara,“ segir Ásta.

Spurð hvort þau úrræði eigi við í þeim tilvikum þar sem einstaklingar séu ósáttir við upplýsingar um þá hafi farið til þriðja aðila segir Ásta könnunina lúta sömu lögmálum og reglum og ef starfsmenn embættisins hefðu unnið hana.

„Bæði hvað varðar trúnaðarskyldu og hæfisreglur. En ég geri mér fulla grein fyrir að þetta er viðkvæmt mál en mér finnst persónulega ekki mikið að tveir aðilar hafi leitað til okkar til að kvarta af öllu þessu fólki,“ segir Ásta.

**haraldur@frettabladid.is**

### Dreifði lista yfir skjólstæðinga

Umboðsmaður skuldara hefur áður verið gagnrýndur fyrir meðferð persónuupplýsinga. Persónuvernd úrskurðaði í september 2012 að embættinu hefði verið óheimilt að senda bréf með upplýsingum um rúmlega þrjú þúsund einstaklinga til nokkurra lífeyrissjóða. Fyrir mannleg mistök var bréfið einnig sent innheimtudeild Landspítalans.

Þann 27. júní 2012 úrskurðaði Persónuvernd að starfsmanni stofnunarinnar hefði ekki verið heimilt að senda félagsþjónustu Hafnarfjarðar tölvupóst sem innihélt upplýsingar um að skjólstæðingur hefði hlotið greiðslu fyrir tímabundna örorku frá Tryggingastofnun ríkisins.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 29° | Friedrichshafen | 23° | New York | 28° |
| Aþena | 38° | Gautaborg | 20° | Orlando | 32° |
| Basel | 24° | Kaupmannahöfn | 20° | Ósló | 15° |
| Berlín | 21° | Las Palmas | 25° | París | 24° |
| Billund | 20° | London | 20° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 23° | Mallorca | 28° | Stokkhólmur | 16° |




**Á MORGUN** Hægur eða fremur hægur vindur.




**LAUGARDAGUR** Hæg breytileg átt.

**HELGARSPÁIN NOKKUÐ GÓÐ.** Það lítur út fyrir milt veður og hægan vind um helgina og eitthvað ætti að sjást til sólar. Mögulega léttir heldur til vestanlands síðdegis á föstudag. Búast má við síðdegisskúrum norðaustanlands.



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is










ENNEMM / SÍA / NM63133

# Nýi bíllinn er Hyundai

Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur
í Kauptún 1 - beint á móti IKEA



**Kaupauki!**

Nýr iPad
Mini fylgir
öllum nýjum
Hyundai i10



**TAKTU ÞÁTT Í REYNSLUAKSTURSLEIK Í JÚNÍ**

Allir sem fara í reynsluakstur hjá okkur í júní geta skráð sig í pott og átt möguleika á að vinna glæsilegt **50" Samsung Smart** sjónvarp.

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **GE bílar** | **Bílasalan Bílás** | **Bílasala Akureyrar** | **Bílaverkstæði Austurlands** | **IB ehf.** |
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi |
| www.bilahusid.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 |

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir íslenska stúlkan sem fær ekki vegabréf vegna nafns síns?
**2.** Hver er nýr formaður Velferðarvaktarinnar?
**3.** Hver er seðlabankastjóri CCP?

**SVÖR:**
**1.** Harriet.
**2.** Siv Friðleifsdóttir.
**3.** Eyjólfur Guðmundsson.

NATO ætlar að senda Úkraínumönnum fé til að styrkja varnir landsins :

# Íhuga þvinganir gegn Rússum

**ÚKRAÍNA, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti íhugar að beita Rússa harðari efnahagsþvingunum vegna stöðunnar í Úkraínu. Þvinganirnar myndu hafa áhrif á mikinn hluta rússnesks efnahagslífs.

Leiðtogar Evrópuríkja eru taldir tregari til efnahagsþvingana nú því þeir segja Vladímír Pútín, forseta Rússlands, hafa tekið skref í átt til friðar.

Pútín lagði í gær frumvarp fyrir rússneska þingið um að heimild hersins til að grípa til hernaðaraðgerða í Úkraínu verði dregin til baka.

Utanríkisráðherrar NATO-ríkja funduðu í Brussel í gær. Þar sagði Anders Fogh Rasmussen, aðalritari NATO: „Rússar þurfa að beita sér fyrir friði í Úkraínu og hætta stuðningi við uppreisnarmenn.“

Rasmussen bætti við að NATO hygðist senda Úkraínumönnum fé svo hægt yrði að styrkja varnir landsins. **- ih**



**FUNDAÐ Í BRUSSEL** Anders Fogh Rasmussen vill að Rússar hætti stuðningi við uppreisnarmenn í Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ræddu aukin samskipti:

# Kínverskur ráðherra í heimsókn

**VIÐSKIPTI** Iðnaðar- og viðskiptaráðherra Kína, Zhang Mao, sem einnig fer með neytendamál, heimsótti Ísland nýlega og átti fund með Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra.

Ræddu þau ýmsar hliðar neytendamála, lagaumhverfi, neytendavernd og tækifæri sem liggja í auknum viðskiptum ríkjanna.

Kínverski ráðherrann kynnti meðal annars atvinnurekendum og fleirum stefnu og störf Kína á sviði neytendaverndar. **- jme**

Hagkerfi BNA dregst saman:

# Mesti samdráttur síðan 2009

**BANDARÍKIN** Landsframleiðsla Bandaríkjanna skrapp saman um 2,9 prósent á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

Samdrátturinn hefur ekki verið meiri frá árinu 2009. BBC greinir frá.

Mestu munaði um að útgjöld til heilbrigðismála og útflutningur drógust saman.

Stjórnvöld gera þó ráð fyrir að merki séu um að hagvöxtur taki við sér á ársfjórðungnum sem nú er að ljúka. **- ih**



**ANDAR KÖLDU** Maliki hafnaði tillögu Johns Kerry og Bandaríkjanna um þjóðstjórn í Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þverrandi áhrif BNA í Írak:

# Maliki vill ekki sjá þjóðstjórn

**ÍRAK** Núrí al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, hafnar kröfum Bandaríkjanna og fleiri þjóða um að komið verði á þjóðstjórn í Írak. Maliki segir enga ástæðu til að deila völdum þrátt fyrir sókn skæruliða í Írak.

Kúrdar í norðurhluta Íraks hafa einnig tekið hugmyndum um þjóðstjórn fálega.

Viðbrögð Íraka eru talin vera til merkis um þverrandi áhrif Bandaríkjanna í Mið-Austurlöndum. BBC greinir frá. **- ih**

# Óvissa um áframhaldandi útsendingar um gervihnött

**Sjómenn, fólk í jaðarbyggðum, sumarhúsaeigendur og Íslendingar erlendis gætu orðið án útsendinga á dagskrá RÚV um mánaðamótin. Ríkið þarf að finna allt að 70 milljónir. RÚV leitaði til LÍÚ um kaup á þjónustunni.**





**ÓVISSA** Fjármögnun gervihnattaútsendinga er ekki á bókum RÚV heldur er það menntamálaráðuneytið sem fóstrar verkefnið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FJARSKIPTI** Áframhald á dreifingu dagskrár RÚV um gervihnött er í uppnámi, en fjárveiting til verkefnisins liggur ekki fyrir. Dreifing útvarps- og sjónvarpsdagskrár til sjómanna, strjálbýlla svæða og þeirra sem nýta útsendingarnar erlendis fellur því niður að óbreyttu um mánaðamótin.

Eyjólfur Valdimarsson, yfirmaður tæknimála hjá RÚV, staðfestir að ekkert sé í hendi ennþá um hvort útsendingunum verður fram haldið, en þær falla niður strax í næsta mánuði eftir því sem næst verður komist.

Spurður um hversu margir notendur reiði sig á þessa þjónustu segir Eyjólfur það óljóst. „En það er flotinn, sumarhúsaeigendur og jaðarbyggðir sem eru helstu notendurnir,“ segir Eyjólfur og staðfestir að engin önnur tækni sé raunhæf í staðinn sem tryggi útsendingarnar til þeirra þúsunda sem hafa nýtt sér þær.

Kostnaðurinn við útsendingarnar mun vera allt að 70 milljónir en það fæst ekki staðfest nákvæmlega. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er hins vegar um árlegt hark að ræða að fjármagna verkefnið, en atvinnuveganefnd Alþingis fundar sérstaklega um málið í dag.

Til marks um vandræðin við fjármögnunina hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að RÚV hafi farið þess á leit við LÍÚ að sambandið keypti þessa þjónustu að hluta. Var þar um verulega upphæð að ræða, eða 10 til 15 milljónir króna á ári. LÍÚ vísaði erindinu frá sér með því fororði að málið hlyti að vera á könnu ríkisins og dreifing á efni félli undir lögbundið hlutverk RÚV.

Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, segir fundinn kallaðan saman til að skýra málið, en alls óljóst sé hver niðurstaðan verður, enda sé ekki gert ráð fyrir verkefninu á fjárlögum. Til fundarins eru kallaðir fulltrúar RÚV, ráðuneyta og hagsmunaaðila.



**JÓN GUNNARSSON**

Spurður hvort lausn geti falist í að færa verkefnið frá ráðuneytinu og aftur til fjarskiptasjóðs segir Gunnar að þar sé ekki fjármagn til að mæta slíku. Verkefnið var fært frá sjóðnum vegna fjárskorts á sínum tíma, er skilningur Gunnars sem játar því að verkefnið sé mikilvægt fyrir allstóran hóp fólks.

svavar@frettabladid.is

## Útsendingar um gervihnött hófust 2007

Útsendingar um gervihnött hófust veturinn 2007 og voru upphaflega á könnu fjarskiptasjóðs, sem stofnaður var tveimur árum fyrr og voru honum lagðir til 2,5 milljarðar af söluandvirði Landssíma Íslands. Var honum ætlað að standa straum af verkefnum innan fjarskiptaáætlunar, og útsendingar um gervihnött var eitt þeirra. Árið 2010 var verkefnið fært til menntamálaráðuneytisins og svo er enn. Í minnisblaði fjarskiptasjóðs frá 2009 segir að leysa verði verkefnið fljótt enda falli útsendingarnar niður muni það „…valda mikilli óánægju hjá þeim sem fjárfest hafa í búnaði og nýta sér þjónustuna, svo sem sjómönnum og íbúum á svæðum þar sem sjónvarpsskilyrði eru óviðunandi.“



# ÚTSALA

# 40% TIL 70%

## AFSLÁTTUR

af útsöluvörum í fatnaði, skóm og heimilisvöru

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
og á Akureyri í sumar!

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla








**VIÐ HÉRAÐSFLÓA** Greinilega sést á myndinni að Lagarfljót fer allt um nýja ósinn og syðstu kvíslar Jöklu. MYND/STEFÁN SCHEVING EINARSSON

# Nýi ósinn orðinn um 200 metrar að breidd

Rennsli Lagarfljóts og Jöklu að hluta fer nú um nýjan ós sem breikkar hratt. Breikkun hans er þegar orðin tvítugföld. Landsvirkjun gerir sér vonir um að framkvæmdum á Héraðssandi sé nú lokið og gamli ósinn lokist af sjálfu sér í vetur.

**NÁTTÚRA** Nýr ós Lagarfljóts og Jökulsár á Dal í botni Héraðsflóa er orðinn 200 metra breiður hið minnsta, og allt rennsli Lagarfljóts og hluti af rennsli Jöklu fer um hann. Hjá Landsvirkjun standa vonir til að brim loki gamla ósnum í haust og að ekki þurfi að koma til frekari framkvæmda.



HELGI JÓHANNESSON

Forsaga málsins er sú að í vetur fékk Landsvirkjun ábendingu frá landeigendum um að hætta væri á að Lagarfljót bryti sér leið yfir í Fögruhlíðará þar sem ósinn hafði færst nokkra kílómetra í norður. Var ákveðið að grafa nýjan ós þar sem hann hafði löngum verið á síðustu áratugum, eða 3,2 kílómetrum sunnar. Grafinn var um 200 metra langur og um tíu metra breiður skurður í gegnum fjörukambinn, og gert var ráð fyrir að árvatnið myndi síðan grafa út nýjan ós samhliða því að brimið lokaði núverandi ósi. Þetta gekk ekki eftir og var ljóst fljótlega í vetur að brimið hafði lokað ósnum aftur og í vor var ljóst að vatnið frá stóru ánum var tekið að flæða inn í ós Fögruhlíðarár, með tilheyrandi áhyggjum manna af veiði á svæðinu. Leikurinn var því endurtekinn 8. júní síðastliðinn, þó upphaflega hafi menn horft til frekari framkvæmda utan göngutíma laxfiska. Landeigendur, Veiðifélag Jökulsár á Dal og aðrir vildu hins vegar reyna aftur strax. Var orðið við því eftir samráð við Veiðimálastofnun og fleiri.

Helgi Jóhannesson, verkefnisstjóri á þróunarsviði Landsvirkjunar, segir að ósinn líti mjög vel út. Þegar hafi hann náð að minnsta kosti 200 metra breidd og Lagarfljót allt renni um hann til sjávar og hluti Jöklu, sem heldur ennþá í gamla ósinn að hluta.

„Í vetur var miklu meira brim og árnar vatnsminni svo þær náðu ekki að rífa sig út. Við vitum ekki hvort gamli ósinn lokast sjálfkrafa en við vonumst til að þurfa ekki að skipta okkur frekar af þessu því nýi ósinn er orðinn jafn stór eða stærri en sá gamli,“ segir Helgi og bætir við að orsökin fyrir færslu óssins sé ekki þekkt. Horft sé til Kárahnjúka en þá stendur eftir að færslan á ósnum hófst áður en rekstur Kárahnjúkavirkjunar hófst.

Hvorn ósinn árnar velja til framtíðar kemur í ljós fljótt, segir Helgi og jafnvel strax í sumarlok. Kostnaður við verkið var óverulegur, að hans sögn.

svavar@frettabladid.is



# Rauðir dagar



SPARAÐU
50.000,-

SPARAÐU
10.000,-

**MacBook Pro 13' Retina 512GB**
Verð : **279.990,-**
Listaverð: 329.990,-

**iPad mini Retina**
Verð frá: **59.990,-**
Listaverð: 69.990,-

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Tilboð gilda til 1. júlí 2014 eða meðan birgðir endast.
Tilboð gilda í verslun epli í Smáralind.

GoPro
AUKAHLUTIR
**25%**
AFSLÁTTUR

SPARAÐU
50.000,-



**JBL On Air**
Verð : **19.990,-**
Listaverð: 69.990,-
Aðeins 2 stk.

**30%**
AFSLÁTTUR



**Skullcandy**
Heyrnartól
30% afsláttur
Margar gerðir

**40%**
AFSLÁTTUR



CASE SCENARIO
blueLounge

ALLIR
AUKAHLUTIR
Í VERSLUN
**20%**
AFSLÁTTUR

Tilboð gilda aðeins í verslun epli í Smáralind

epli.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

# Netglæpir kosta Íslendinga milljarða

Kostnaðurinn við netglæpi er hár og mun halda áfram að hækka samkvæmt samantekt innanríkisráðuneytisins. Mörg innbrot ná athygli fjölmiðla en ætla má að ótilkynnt innbrot séu mun fleiri. Staða netöryggismála á Íslandi er ekki nægilega góð að mati sérfræðinga.

Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is



Kostnaður sem fylgir tölvuglæpum á Íslandi gæti numið nokkrum milljörðum króna á hverju ári sé hann sambærilegur við kostnaðinn á hvern íbúa á Bretlandi. Með auknni glæpastarfsemi á netinu mun kostnaðurinn halda áfram að vaxa.

Þetta kemur fram í umræðuskjali innanríkisráðuneytisins sem unnið var vegna stefnumótunarvinnu í netöryggismálum. Í skjalinu kemur fram að flest ríki leggi mesta áherslu á vitundarvakningu í málaflokknum, enda ekki á færi einhvers eins aðila í þjóðfélaginu að efla net- og upplýsingaöryggi hér á landi.

Vinna við stefnumótun um net- og upplýsingaöryggi hefur verið í gangi síðastliðið ár. Til stendur að starfshópur sem vinnur að verkefninu skili af sér annars vegar þriggja ára aðgerðaáætlun og hins vegar stefnu sem ná á fram til ársins 2025.

Hópurinn ætlaði upphaflega að skila af sér í lok júní, en ákveðið hefur verið að teygja vinnuna fram á haustið til að koma til móts við óskir um samráð við hagsmunaaðila og vinna úr ábendingum sem þegar eru komnar fram, segir Sigurður Emil Pálsson, formaður starfshópsins.

### Þarf teymi til að verja ríkið

Í skjalinu er farið yfir stöðu mála í þessum geira, og hvernig nágrannaríkin hafa brugðist við sífellt aukinni ógn við netöryggi. Þar kemur meðal annars fram að skipulögð glæpasamtök séu farin að herja á netið í vaxandi mæli, og hafi í sinni þjónustu vel menntaða og upplýsta netglæpamenn.

„Mörg innbrot hafa náð athygli fjölmiðla vegna þess að gerandinn hefur auglýst verknaðinn en ætla má að ótilkynnt innbrot séu mun fleiri,“ segir í skjalinu. Þar er bent á að tungumálið og fjarlægð, sem hafi verið viss vörn gegn mörgum ógnum, sé engin vörn gegn tölvuglæpum.

Íslenskt netöryggisteymi, CERT-ÍS, hefur nú verið starfandi frá því í ársbyrjun 2011. Íslenska teymið hefur einbeitt sér að öryggi fjarskiptafyrirtækja og annarra ómissandi innviða.

Í skjali innanríkisráðuneytisins er bent á að margt í starfsemi ríkisins teljist til ómissandi innviða samfélagsins. Þó þurfi að huga sérstaklega að net- og upplýsingaöryggi ríkisins, og þá hvort stofna þurfi sérstakt CERT-teymi sem hefði aðeins netvarnir á kerfum ríkisins á sinni könnu, svokallað CERT-Gov-teymi. Þar er vitnað í skýrslu sem Capacent vann fyrir ríkið um mögulega stofnun slíks teymis hér á landi.

### Tölvukerfin láku upplýsingum

Þó margt hafi verið vel gert í nýtingu á tölvu-, net- og upplýsingatækni hér á landi hefur öryggi ekki verið gefinn sá gaumur sem skyldi, segir í skjali innanríkisráðuneytisins. Þar er vísað í könnun KPMG sem gerð var á síðasta ári. Í niðurstöðum hennar voru leiddar að því líkur að innan fjölda íslenskra fyrirtækja og stofnana væri lítil þekking á netöryggismálum. Tölvukerfin láku oft upplýsingum sem auðvelt væri að nýta til innbrota.

Aðrar rannsóknir hafa sýnt svipaðar niðurstöður. Það var til dæmis niðurstaða öryggissérfræðinga Landsbankans að öryggismeðvitund á Íslandi væri mjög vanþróuð.

Í úttekt öryggisfyrirtækisins SYNDIS var meðal annars bent á að algengt væri að litið sé á varnir á borð við eldveggi, netsíur og vírusvarnir sem fullnægjandi lausnir á öryggismálum. Mörg fyrirtæki og stofnanir tæmi fjárheimildir sem ætlaðar séu til netöryggismála með kaupum á slíkum búnaði.

### Ábyrg öryggismenning

Sífellt strangari kröfur eru gerðar um vernd persónuupplýsinga og gagnaöryggi í heiminum. Ísland hefur þegar tekið upp mikið af reglum Evrópusambandsins á þessu sviði í gegnum EES-samninginn.

Nágrannalöndin hafa mótað sér stefnur í netöryggismálum, og mun íslenski starfshópurinn nota sér reynslu annarra við mótun stefnu í málaflokknum.

Meðal þess sem nágrannaþjóðirnar leggja áherslu á er að byggja upp vitund og öryggismenningu varðandi netnotkun, á sama hátt og reynt er að byggja upp ábyrga umferðarmenningu.

Nágrannalöndin leggja höfuðáherslu á vernd ómissandi innviða þjóðfélagsins. Með því er átt við innviði sem tryggja eiga þjóðaröryggi og almannaheill, til dæmis stjórn landsins, orkufyrirtæki og fjarskiptafyrirtæki.

„Eftir því sem innviðir þjóðfélaga auka notkun upplýsingatækni og verða háðari henni, þeim mun viðkvæmari eru þeir gagnvart árásum,“ segir í umræðuskjali innanríkisráðuneytisins.



**INNBROT** Persónulegum upplýsingum viðskiptavina var stolið í innbroti á vef Vodafone í nóvember í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## RANNSÓKN Á VODAFONE-MÁLI ENGU SKILAÐ



**FRIÐRIK SMÁRI BJÖRGVINSSON**

Netöryggismál komust í sviðsljósið þegar persónulegum upplýsingum viðskiptavina Vodafone var stolið í nóvember í fyrra. Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn rannsóknardeildar lögreglu höfuðborgarsvæðisins, segir málið enn í rannsókn.

Spurður hvernig rannsóknin hafi gengið sagði hann aðeins: „Hún hefur ekki skilað árangri ennþá.“ Netglæpir af þessu tagi hafa verið lögreglu víða um heim erfiðir í rannsókn, og ekki líklegt að mikið muni koma út úr rannsókninni.



# DEBENHAMS

## Sumar ÚTSALAN ER HAFIN

## 30-70% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

**OPNUM KL. 8.00 Í DAG**



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Úrvali af dömunáttfötum



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Collection „boot leg" gallabuxum



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Úrvali af barnakjólum



**50% AFSLÁTTUR AF*:**
Úrvali af dömu og herrailmum

*Gildir út sunnudag
Gildir á meðan byrgðir endast



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Úrvali af herranáttfötum



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Úrvali af barnaskyrtum



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Öllum herra útsöluskóm



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Öllum dömu útsöluskóm frá Red Herring, Principles og Collection

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**Opið 8:00 - 21:00 í dag**

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Losunarmarkmið talið raunhæft

**Ísland skuldbindur sig til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um tæpan þriðjung á sex árum. Sérfræðingar telja markmiðið raunhæft. Óvissuþættir eru margir, til dæmis hvaða áhrif aukinn ferðamannastraumur kann að hafa. Íslenskur skógur leysir hálfan vandann.**

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is



Ísland hefur skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um nærri þriðjung á næstu sex árum eða fram til ársins 2020. Markmiðið er vel raunhæft, segir sérfræðingur.

### 31 prósent

Ísland og Evrópusambandið undirrituðu samkomulag á fimmtudag um sameiginlegt markmið 29 ríkja innan Kýótó-bókunarinnar varðandi losun gróðurhúsalofttegunda, og hvernig þeim verður náð á tímabilinu 2013 til 2020. Samkvæmt samningnum verða skuldbindingar Íslands tvískiptar. Annars vegar er losun innan viðskiptakerfis ESB, sem er um 40 prósent af heildarlosun Íslands, og munar þar mest um losun frá stóriðju. Þessi losun er á sameiginlegri ábyrgð ríkjanna 29. Hins vegar eru úthlutaðar landsheimildir Íslands sem falla utan viðskiptakerfisins. Þegar allt er talið þyrfti nettólosun að minnka um tæplega 31 prósent.

En er þetta raunhæft markmið og hvernig verður því náð?

### Margt kemur til

Hugi Ólafsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, segir að nú liggi fyrir nákvæmari tölur en árið 2012 þegar annað skuldbindingartímabil Kýóto-bókunarinnar var samþykkt, til dæmis hvað liggur innan viðskiptakerfis ESB og hvað ekki. Unnið verður áfram samkvæmt aðgerðaáætlun sem var dregin upp árið 2010 og felur í sér nokkrar lykilaðgerðir.



HUGI ÓLAFSSON

Hugi segir að almennar aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætluninni séu til dæmis að kolefnisskattur var settur á og innleiðing viðskiptakerfisins í gegnum EES-samninginn. Gjöldum á bíla og eldsneyti hefur verið breytt, sem Hugi telur að haft hafi nokkur áhrif.

„Menn horfa núna til rafbíla, enda loftslagsvænn og ódýr kostur fyrir þjóðarbúið. Það er ástæða til að nefna sértækari hluti eins og rafvæðingu fiskimjölsverksmiðja. Aukin hlutdeild hjólreiða og göngu hefur haft, og mun hafa, áhrif. Þar er margt að hreyfast í rétta átt, hvort sem hugarfarsbreytingu er að þakka eða uppbyggingu. Svo er meiri notkun á almenningssamgöngum þáttur sem hefur hér áhrif,“ segir Hugi og nefnir að fyrir nokkrum árum hafi ríkt mikil bjartsýni um notkun lífeldsneytis sem orkugjafa hér á landi, jafnt sem á heimsvísu. Nú hafi fallið skuggi á þær hugmyndir, og verði að taka það með í reikninginn þegar horft er til framtíðar.

### ➜ Losun á Íslandi




Árið 2011 nam heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi 4,5 milljónum tonna $CO_2$-ígilda. Losun vegna iðnaðar (eldsneytisbrennsla og iðnaðarferlar) er samtals 47 prósent og vegna samgangna 19 prósent.

Eins og áður sagði er reiknað með að binding lofttegunda dugi til að mæta markmiði Íslands um allt að því helming. Hér má segja að skógrækt og landgræðsla síðustu áratuga komi okkur til góða; eftir því sem skógur vex mun kolefnisbinding hans aukast.

### Raunhæft

Páll Kolka, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, telur að markmiðið um 31 prósents minni nettólosun á tímabilinu sé vel raunhæft.



**MATARHOLA** Losun frá samgöngum nemur um 20 prósentum af heildarmagninu; aukning er frá vegaumferð en losun frá flugi og siglingum hefur dregist saman. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Ferðamannastraumur er óvissuþáttur

Spurður um hvað gæti unnið gegn því að Ísland nái markmiðum sínum segir Hugi að dregið hafi úr skógrækt á síðustu árum. Á þetta hafa skógræktarsérfræðingar einnig bent að undanförnu.

„Svo er stórlega aukinn ferðamannastraumur. Við vitum ekki hvað það er mikilvægt atriði varðandi losunina,“ segir Hugi og bætir við að málið varði alla helstu atvinnuvegi þjóðarinnar og daglegt líf fólks. Allar áætlanir þurfi enn fremur að skoða reglulega til að bregðast við hröðum þjóðfélagsbreytingum. Ekki þurfi annað en að líta aftur um áratug, hvað þá til ársins 1990 þegar lagt var af stað í þessa vegferð, því til sönnunar. Markmiðin og leiðir að þeim séu því í sífelldri endurskoðun og strax á næsta ári á Ísland einnig að gera grein fyrir markmiðum sínum fyrir árið 2030 í tengslum við nýjan alþjóðlegan loftslagssamning sem skal liggja fyrir á næsta ári.

Spurður um vistspor Íslands segir Páll það töluvert dýpra og stærra en þeirra landa sem við miðum okkur almennt við. Þó að losun Íslands sé hverfandi lítil í heildarsamhenginu þá megi gera miklu betur. Hvað valdi því segir Páll hins vegar ekki auðvelt að svara enda hafi það ekki verið greint sérstaklega. Hins vegar liggur fyrir að bílaeign Íslendinga sé mikil enda fámenn þjóð sem byggir stórt land og eru samgöngur stór þáttur í öllum reikningum um losun Íslands í alþjóðlegum samanburði.




ÞAÐ ER KOMINN NÝR **LAND ROVER DISCOVERY 4**

210 hestafla dísilvél, 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýri og loftpúðafjöðrun með Terrain Response drifbúnaði á öllum hjólum gera Land Rover Discovery 4 að einum öflugasta og þægilegasta jeppa sem völ er á. Meðal nýjunga er nýr framendi með nýjum aðalljósum, breytt afturljós, start/stopp ræsibúnaður og Meridian 380W hljómtæki.

**Discovery 4 S – verð frá: 11.890.000 kr.**
**Eldsneytisnotkun 8,8 l/100 km* í blönduðum akstri.**

BL

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á **www.landrover.is**

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000




www.siminn.is/landsmot

**Landsmótsrásin í Sjónvarpi Símans**
Landsmót hestamanna verður á Hellu 30. júní til 6. júlí. Með áskrift að Landsmótsrásinni í Sjónvarpi Símans getur þú fylgst með mótinu í beinni útsendingu alla mótsdagana, hvort sem er heima í sófa eða á 4G kerfi Símans í brekkunni á mótinu sjálfu.

Á Landsmótsrásinni í Sjónvarpi Símans býðst þér að flakka á milli beinnar útsendingar frá tveimur völlum, auk þess að skoða margvíslegt ítarefni, s.s. raunveruleikaþáttinn „Leiðin á Landsmótið“ og svo getur þú skoðað allar útsendingar sólarhring aftur í tímann með Tímaflakkinu.

**Þú getur keypt áskrift að Landsmótsrásinni á Þjónustuvef Símans eða með því að hringja í síma 8007000.**




ENNEMM / NM63327


VIÐ HEFJUM ÚTSÖLUNA MEÐ
ÚTSÖLU
SPRENGJU
MORGUNVERÐARTILBOÐ
Kaffitár
TE & KAFFI
CAFÉADESSO
RESTAURANT
Hlölla bátar
JOE & THE JUICE




# OPNUM KL. 08:00

## AUKA-AFSLÆTTIR Í VERSLUNUM

**AÐEINS Í DAG!**

**KYNNTU ÞÉR AFSLÁTTINN Á SMARALIND.IS**

## FINNUR ÞÚ GULLMIÐANN?

50 gullmiðar sem færa þér gjafakort að verðmæti allt að 50.000 kr. eru faldir víðsvegar um Smáralind!
Sá á fund sem finnur…

## BARNAGÆSLAN Í SMÁRATÍVOLÍ OPNAR KL. 8

SMÁRALIND

Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á facebook

ÍSLENSKA/SIA.IS SML 69334 06/14




**BOLTALEIKUR Í BRASILÍU** Drengir í boltaleik á ströndinni Ponta Negra í borginni Natal í Brasilíu. Fjórir leikir í heimsmeistarakeppninni sem nú stendur yfir voru leiknir í borginni.




**MUNAÐARLAUS ÍKORNI** Íbúar í borginni Nýju-Delí á Indlandi hafa tekið að sér munaðarlausan íkorna. Honum var bjargað úr tré sem féll er óveður gekk yfir borgina.

# ÁSTAND HEIMSINS







**MINNAST KÓREUSTRÍÐSINS** Íbúar Norður-Kóreu minnast þess að 64 ár eru síðan Kóreustríðið hófst. Norður-kóreskir hershöfðingjar lofuðu við tilefnið að berjast gegn bandarískri heimsvaldastefnu.




**SYRGIR DÓTTUR SÍNA** Ísraelsk móðir syrgir látna dóttur sína á Gasasvæðinu. Palestínskir skæruliðar skutu eldflaug yfir landamærin sem hæfði hina þriggja ára gömlu stúlku.




**MÓTMÆLT Í CARACAS** Ungur maður kastar bensínsprengju að lögreglu í Caracas, höfuðborg Venesúela. Mótmæli hafa staðið yfir í landinu frá áramótum. Mótmælendur vilja fá að lifa við betri lífskjör.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP




MANO XLARGE ELDHÚS ~~865.700,-~~**

# 769.830,-

Með Xlarge frá Kvik færðu rýmri skápa og betri nýtingu. Nú er bara að grípa tækifærið og kíkja í heimsókn, njóta aðstoðar hönnuða okkar frá hugmynd að veruleika. Við hönnum og gerum þér tilboð að kostnaðarlausu.

**Kvik Reykjavík:** Suðurlandsbraut 16, Sími 5880500

kvik®
allir eiga að geta eignast flott eldhús

* Tilboðið gildir fyrir borðplötur í verðlista Kvik og við kaup á eldhúsinnréttingu t.o.m. 19. júlí 2014 og má ekki nýta samhliða öðrum tilboðum.
** Útsöluverð m.v. skápa, sökkul og borðplötu. Fyrir utan vask, blöndunartæki, heimilistæki og ljós.

**NEYTANDINN** Agnes Björgvinsdóttir

## Sérsaumaður kjóll verstu kaupin



AGNES BJÖRGVINSDÓTTIR Það reyndust vond kaup að láta sérsauma á sig kjól á bakpokaferðalagi í Asíu.

Verstu kaup Agnesar Björgvinsdóttur, söngkonu hljómsveitanna Þoku og Harmónía-Sjarmónía, er sérsaumaður kjóll sem hún fékk á ferðalagi sínu í Asíu.

„Kjóllinn átti að vera einhvers konar hátískuflík með skikkju en í staðinn varð þetta eins og grímubúningur,“ útskýrir Agnes. „Þarna var ég búin að vera í margar vikur á bakpokaferðalagi með vinkonum mínum um alla Asíu. Ég fattaði samt ekki að kjóllinn væri hrikalegur fyrr en ég kom heim og mátaði hann í réttu samhengi, sem sagt ekki við sandala.“

Bestu kaupin eru aftur á móti hinn ástkæri iPhone. „Því miður, eins ömurlegt og það nú er. Hann fór beint á krítarkortið og hefur þjónað mér vel. Ég get til dæmis átt í samskiptum við kærastann sem er í útlöndum. Svo er ég bara svo mikill neytandi.“ - ssb

Loftpúðarnir gætu sprungið:

## Innkalla jeppa vegna loftpúða

Ákveðið hefur verið að innkalla Jeep Grand Cherokee-bifreiðar frá árunum 2002 til 2003 vegna þess að loftpúði í þeim gæti sprungið skyndilega.

Neytendastofa vekur athygli á þessari innköllum á heimasíðu sinni. Ekkert bílaumboð hér á landi er með umboð fyrir þessar tilteknu bifreiðar. Eigendur bifreiða af þessari tegund eru aftur á móti beðnir um að hafa samband við Bíljöfur til þess að fá nánari upplýsingar.

Það er Rapex, eftirlitsstjórnvald ESB og EES, sem stendur fyrir innkölluninni. - ssb

Segir svarta vinnu ólöglega:

## 2.500 fyrir þrif undir lágmarki

Einstaklingur sem tekur 2.500 krónur fyrir þrif á klukkustund er að fá greitt undir lágmarkslaunum í landinu fyrir vinnu sína. Þetta kemur fram á heimasíðu Starfsgreinasambandsins.

Í grein sem Drífa Snædal, framkvæmdastýra sambandsins, skrifar kemur fram að ef þrifin eru gefin upp séu laun einstaklings á klukkustund einungis rúmar 1.600 krónur. Drífa segist í greininni hafa tilfinningu fyrir því að hér á landi þrífist svartur markaður þar sem hlægilega lág laun eru greidd ræstingafólki. - ssb




40% afsláttur af ÖLLUM sjónglerjum

Kíktu við í verslanir okkar og við tökum vel á móti þér

prooptik gleraugu

Kringlunni - Skeifunni - Spönginni


# Vistvæn vottun án eftirlits og villandi

Vottunin Vistvæn landbúnaðarafurð sem matvælaframleiðendur merkja vörur sínar með er villandi að mati formanns Neytendasamtakanna. Ekkert eftirlit er með vottuninni og dæmi um að framleiðendur án vottunar noti merkinguna.

„Það er villandi fyrir neytendur að tala um vistvænan landbúnað. Neytendur rugla saman vistvænu og lífrænu og það er grundvallarmunur þarna á,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.

Vottunin Vistvæn landbúnaðarafurð sem nokkrir matvælaframleiðendur nota hefur enga raunverulega þýðingu lengur. Um er að ræða vottun sem komið var á fót með reglugerð um vistvænan landbúnað árið 1998 en ekkert eftirlit hefur verið með henni um langa hríð.

„Því miður er mér kunnugt um að einhverjir framleiðendur, sérstaklega í grænmeti, hafa verið að nota þetta merki án þess að hafa fengið viðurkenningu. Þetta er ekki í lagi og ekki eins og við hjá Bændasamtökunum viljum hafa þetta,“ segir dr. Ólafur Dýrmundsson, ráðunautur í lífrænni ræktun hjá Bændasamtökum Íslands.



JÓHANNES GUNNARSSON formaður Neytendasamtakanna



ÓLAFUR DÝRMUNDSSON ráðunautur



STEFÁN GÍSLASON umhverfisstjórnunarfræðingur

„Eftirlitið með þessu er í molum,“ segir Ólafur. „Þetta er því miður munaðarlaust kerfi. Það er ekki hægt að gefa vottun svo framleiðandi haldi henni til eilífðar. Það þarf að vera endurtekin skoðun og endurtekið eftirlit eins og er í lífrænum búskap.“

Reglugerðin kveður meðal annars á um að ekki megi nota meira en 180 kg af köfnunarefni á hvern hektara við ræktun grænmetis. „Þetta er í grófum dráttum bara venjulegur landbúnaður og ekkert annað,“ segir Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur.

„Þarna var eiginlega stolið orðinu vistvænt vil ég meina, það hefur enga sérstaka umhverfisskírskotun. Þetta er bara spurning um gæðastjórnun sem ég held að sé ekki mjög vel fylgt eftir.“ Hann segir að kröfur reglugerðarinnar snúi fyrst og fremst að því sem fólk telji almennt til sjálfsagðra landbúnaðarhátta, svo sem að bændur haldi skýrslur um aðföng.

Stefán segir jafnframt að merkingin vistvænt geti reynst villandi fyrir neytendur. „Að einhverju leyti tengir neytandinn þetta við grænt og umhverfisvænt. Ef það er rétt hjá mér er þetta hálfgerður grænþvottur. Það fær fólk til að halda að varan sé næstum því lífræn sem hvetur fólk til að kaupa þetta.“

Undir þetta tekur Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. „Við höfum alltaf verið á móti þessari stimplun. Stundum er þetta kallaður gæðastýrður landbúnaður en að mínu mati eiga þetta bara að vera lágmarkskröfur um venjulegan landbúnað.“ snaeros@frettabladid.is



HANAR Á BEIT Þessir hanar virðast hafa það gott í Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi. Ekki er víst að aðbúnaðurinn sé jafngóður á öllum kjúklingabúum sem stæra sig af vistvænni vottun. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> **Það er ekki hægt að gefa vottun svo framleiðandi haldi henni til eilífðar. Það þarf að vera endurtekin skoðun og endurtekið eftirlit eins og er í lífrænum búskap.**
>
> *Ólafur Dýrmundsson, ráðunautur*

### „Hundfúlt“ fyrir lífræna bændur

„Þetta er hundfúlt fyrir okkur. Það er verið að gefa í skyn að einhver gæði séu á bak við þetta eða aðrar kröfur heldur en í hefðbundnum landbúnaði,“ segir Þórður Halldórsson, formaður VOR, félags bænda í lífrænum búskap. „Ég held að það séu bara nánast allir sem geta sem nota þetta. Þetta krefst engra breytinga en fer vel í augað. Ég veit að margir trúa því að þessi merking hafi eitthvað með lífrænt að gera.“


weber Hágæða flísalím og fúga

DEITERMANN TECHNOLOGY INSIDE



Weber.xerm. 850 BlueComfort C2TE kr. 2.890



Weber.xerm. BlueComfort 852 C2TE S1 kr. 4.090



Weber.xerm. BlueComfort CE /TE S1 Xtra Flex kr. 5.390



Weber.Fug 870 Fúga 1-6 mm CG1 5 kg kr. 1.790



Weber.Fug 880 Silicone EC.1. plus 310 ml. kr. 1.290



Weber.tec 822 Rakakvoða 8 kg kr. 7.995 24 kg kr. 20.990

MÚRBÚÐARVERÐ

Látið fagmenn vinna verkin!

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Klettháls 7. | Opið má-fö kl. 8-18, laug. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið má-fö kl. 9-12 & 13-18 |

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

HEILSURÚM | HEILSUDÝNUR | SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HÆGINDASTÓLAR | LYFTISTÓLAR | KODDAR | SÆNGUR | O.FL.

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ ENN BETRA DORMAVERÐ

# DORMA
– býður góða nótt

# EKKI MISSA AF ÞESSU
# SUMARÚTSALA
# 20-50%
# AFSLÁTTUR

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl og gilda á meðan á útsölunni stendur og birgðir endast.

## NATURE'S COMFORT
heilsurúm

Verðdæmi ➔ 160x200 cm



ÚTSALA 30.000 KRÓNA AFSL.

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
119.900
FULLT VERÐ 149.900

Nature's Bedding

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Burstaðar stállappir

## NATURE'S REST
heilsurúm

Verðdæmi ➔ 90x200 cm



ÚTSALA 20.000 KRÓNA AFSL.

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
48.900
FULLT VERÐ 68.900

Nature's Bedding

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Fábærar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir

## IBIZA
hornsófi með tungu

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
169.900
FULLT VERÐ 229.900

ÚTSALA 60.000 KRÓNA AFSL.



Stærð: 286 x 198 H: 86 cm.
Slitsterkt dökkgrátt áklæði.
Tunga getur verið beggja vegna. Hægri tunga á mynd.

## MILANO
hægindastóll

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
24.950
FULLT VERÐ 49.900

ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR



Brúnt tauáklæði

## AFTON
hægindastóll með skemli

ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR



DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
59.900
FULLT VERÐ 99.900

## MONTARIO svefnsófi

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
79.900
FULLT VERÐ 99.900



ÚTSALA 20.000 KRÓNA AFSL.

Stærð: 158 x 90 cm. Slitsterkt svart áklæði.
Dýnustærð 140x200 cm. Rúmfatageymsla

## DÚNSÆNG
140x200 cm.
50% gæsadúnn
50% smáfiður
ÚTSÖLUVERÐ: 13.230
Fullt verð: 18.900,-

## DÚNKODDI
50x70 cm.
15% gæsadúnn
85% smáfiður
ÚTSÖLUVERÐ: 3.430
Fullt verð: 4.900,-



ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

DORMA
– býður góða nótt

**DORMA Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800** • OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 og Laugardaga frá kl. 11.00-16.00
Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100



**LEITAR OLÍU** Gunnlaugur Jónsson, forstjóri Eykon Energy. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Einbeitir sér að Drekanum:

## Eykon hætt við olíuleit í Noregi

Íslenska fyrirtækið Eykon Energy hefur dregið til baka umsókn sína um að fá viðurkenningu sem sérleyfishafi á norska landgrunninu.

Gunnlaugur Jónsson, forstjóri Eykons, staðfesti í samtali við fréttastofu í gær að fyrirtækið ætlaði að einbeita sér að íslenska Drekasvæðinu og vildi ekki dreifa kröftunum. Því væri þó haldið opnu að fara síðar í olíuleit í Noregi.

Norski olíunetmiðillinn Offshore greindi fyrst frá þessu í gær undir fyrirsögninni „Islendingene dropper norsk sokkel“. - kmu

Samningur undirritaður:

## Hótel Óðinsvé í eigu Regins

Forsvarsmenn Regins fasteignafélags gengu í gær frá kaupum dótturfélags Regins á Hótel Óðinsvéum hf. sem var áður í eigu Gamma ehf.

Stjórnir beggja félaga höfðu áður samþykkt eigendaskiptin. Dótturfélagið, Reginn atvinnuhúsnæði ehf., á nú fasteignirnar Þórsgötu 1 og Lokastíg 2 í miðbæ Reykjavíkur. Þær eru samtals um 2.200 fermetrar að stærð.

Hótel Óðinsvé er fjögurra stjörnu hótel með 50 herbergi. Veitingastaðurinn Snaps er einnig rekinn á Þórsgötu 1 sem og smurbrauðsstofan Brauðbær. Í tilkynningu Regins um eigendaskiptin segir að engar breytingar verði á rekstri fyrirtækjanna. - hg

# Nýir eigendur vilja koma Advania á markað í Svíþjóð

Áætlað er að auka hlutafé í Advania um tvo milljarða í júlímánuði. Um er að ræða eina stærstu fjárfestingu erlendra aðila hérlendis frá hruni. Fjárfestarnir telja Ísland ákjósanlegan stað fyrir upplýsingatæknifyrirtæki.



**FORSTJÓRINN** Gestur G. Gestsson er ánægður með aðkomu hinna erlendu fjárfesta og segir að breytingin verði mikil lyftistöng fyrir fyrirtækið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framtakssjóður Íslands, sem er meirihlutaeigandi í hugbúnaðarfyrirtækinu Advania, hefur gert samkomulag við norræna fjárfesta um að sjóðurinn framselji forgangsrétt sinn til áætlaðrar hlutafjáraukningar í fyrirtækinu. Samkomulagið tryggir fjárfestunum að lágmarki 51 prósents hlut í fyrirtækinu.

Hlutafé í Advania verður aukið um tvo milljarða króna samhliða þessu. Fjárfestarnir koma að Advania í gegnum sænska félagið AdvInvest en hópurinn er samsettur af reynslumiklum mönnum í upplýsingageiranum hið ytra.

„Þetta eru fyrst og fremst stjórnendur og stofnendur upplýsingatæknifyrirtækja síðustu 20 til 30 ára og þeir hafa starfað hjá flestum stærstu upplýsingatæknifyrirtækjunum á Norðurlöndum,“ segir Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania.

Gestur segir að aðkoma fjárfestanna að fyrirtækinu muni reynast Advania vel. „Þetta er gífurlega gott fyrir félagið. Þetta sýnir ekki bara trú á Advania heldur því að það að reka upplýsingatæknifyrirtæki á Íslandi getur verið kjölfesta í öflugri starfsemi á Norðurlöndum.“

Nái áætlanir hinna erlendu fjárfesta hjá AdvInvest fram að ganga verður Advania sett á markað á Íslandi og í Svíþjóð á næstu árum. „Það eru að koma að félaginu aðilar með mikla reynslu og þekkingu á mörkuðum í Skandinavíu. Þeir ætla að nýta sér þá kunnáttu og sitt tengslanet til að auka veg Advania á erlendum mörkuðum. Markaðslega hefur þetta mikið meiri þýðingu erlendis en hér heima,“ segir Gestur.

Aðrir hluthafar í Advania hafa verið boðaðir á fund hjá fyrirtækinu þann 2. júlí næstkomandi. Auk framtakssjóðsins, sem er aðaleigandi Advania, eru liðlega fjörutíu hluthafar í félaginu.

„Þetta er allt háð samþykki hluthafafundar,“ segir Gestur. „Núverandi hluthöfum er boðið hvort heldur sem er að taka þátt og auka sinn hlut eða sitja hjá. Það verða haldnar fjárfestingarkynningar fyrir hluthafa og farið verður í gegnum tækifæri okkar fram undan. Í lok þess verða hluthafar að gera upp við sig hvað þeir vilja gera.“ Afstaða annarra hlutafjáreigenda mun ráða hve stóran hlut AdvInvest mun eignast í Advania. Fjárfesting AdvInvest í Advania er ein stærsta fjárfesting erlendra aðila í íslensku atvinnulífi frá efnahagshruni árið 2008.

### Tap Advania og breytingar fram undan

Advania er stærsta upplýsingatæknifyrirtæki landsins með um 1.100 starfsmenn. Tap fyrirtækisins árið 2012 nam 1.692 milljónum króna og 360 milljónum á síðasta ári. Rekstrarhagnaður Advania fyrir afskriftir nam þó 1.315 milljónum króna árið 2013.

Nú stendur yfir undirbúningur á 2.500 fermetra gagnaveri Advania á Fitjum í Reykjanesbæ. Stefnt er að því að fyrsti hluti gagnaversins verði tekinn til notkunar á þessu ári.

> **Núverandi hluthöfum er boðið hvort heldur sem er að taka þátt og auka sinn hlut eða sitja hjá. Það verða haldnar fjárfestingarkynningar fyrir hluthafa og farið verður í gegnum tækifæri okkar fram undan. Í lok þess verða hluthafar að gera upp við sig hvað þeir vilja gera.**

Advania er stærsta upplýsingatæknifyrirtæki landsins með um 1.100 starfsmenn. Tap fyrirtækisins árið 2012 nam 1.692 milljónum króna og 360 milljónum á síðasta ári. snaeros@frettabladid.is


**JÓNSMESSUHAPPDRÆTTI SJÁLFSBJARGAR**

**DREGIÐ VAR ÞANN 24. JÚNÍ 2014**

**Vinningar og vinningsnúmer**

**1. Ford Fiesta Trend, 5 dyra, sjálfskiptur, bensín frá bílaumboðinu Brimborg að verðmæti kr. 2.790.000.**

23454

**2. - 21. iPad Air spjaldtölvur, Wi-Fi+4G, 64GB frá Epli.is, hver að verðmæti kr. 154.990,-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 968 | 2852 | 4748 | 5113 | 7677 |
| 9897 | 10528 | 11833 | 12620 | 15249 |
| 16733 | 16963 | 17334 | 19551 | 21977 |
| 23367 | 24243 | 25368 | 28536 | 29149 |

**22. - 64. Gjafakort, hvert að verðmæti kr. 150.000,-**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 212 | 897 | 1876 | 1950 |
| 2683 | 3196 | 4337 | 5435 |
| 5730 | 6935 | 8094 | 8351 |
| 9230 | 10332 | 12018 | 12709 |
| 14940 | 16151 | 16447 | 17313 |
| 17725 | 18269 | 19126 | 19857 |
| 20178 | 20722 | 21251 | 21729 |
| 22436 | 22833 | 24091 | 25019 |
| 26532 | 26909 | 28551 | |

(birt án ábyrgðar)

Handhafar vinningsmiða eru vinsamlega beðnir um að framvísa þeim á skrifstofu Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra að Hátúni 12, Reykjavík, sími 550 0360.

**Byrjað verður að greiða út vinninga þann 11. júlí 2014.**

Vinningaskrá er einnig birt á heimasíðu samtakanna, **sjalfsbjorg.is** og textavarpi RÚV.

**Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra þakkar landsmönnum veittan stuðning.**


Ölgerðin ætlar í útflutning á bjór sem verður látinn þroskast í eikartunnum:

# Brugga tunnuþroskaðan bjór

Borg Brugghús, sem er í eigu Ölgerðar Egils Skallagrímssonar, ætlar að framleiða bjór til útflutnings sem verður látinn þroskast í eikartunnum.



**STURLAUGUR BJÖRNSSON**

Bjórinn sem um ræðir heitir Garún og verður geymdur á búrbonviskítunnum. Brugghúsið hefur framleitt og selt bjórinn til Bandaríkjanna og í verslunum ÁTVR en hann hefur aldrei áður verið látinn þroskast í tunnum.

„Við erum að bíða eftir að fá helling af búrbontunnum frá Bandaríkjunum. Við lítum á þetta sem útflutningsverkefni en bjórinn gæti einnig læðst í verslanir hér heima,“ segir Sturlaugur Björnsson, bruggmeistari hjá Borg Brugghúsi.

Árið 2013 setti fyrirtækið þorrabjórinn Surt 8.1 í sölu. Hann var látinn þroskast í koníakstunnum.

„Við erum núna með sex til átta eikartunnur í húsi og erum búnir að fylla nokkrar. En sá bjór gæti endað sem þorrabjór frá okkur,“ segir Sturlaugur. Hann bætir við að starfsmenn brugghússins hafi einnig gert prufanir með sérrítunnum.

„Maður er í raun að krydda bjórinn með því sem var áður í tunnunni. Svo að sjálfsögðu líka að reyna að ná einhverju sem gæti verið eftir af eikarbragðinu. Það er hægt að leika sér endalaust með þetta.“



**VIÐ TÆKIN** Bruggarar Ölgerðarinnar bíða nú eftir búrbonviskítunnum frá Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sturlaugur segir tunnurnar augljóslega fela í sér aukinn kostnað.

„Og ekki síður tíminn og vinnan við þetta allt og geymsluplássið sem fer í að láta þetta standa og þroskast.“

Ölgerðin flytur út sex tegundir af bjór til fimm landa. Þrjár eru seldar undir nafni Ölgerðarinnar; Gull, Boli og Lite. Bjórarnir Bríó, Snorri og Garún eru seldir til útlanda undir merkjum Borgar brugghúss. - hg


HUGGULEGT
Í GARÐINUM
A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
Bast sófi 79.900,-
Bast borð 19.990,-
Bast stóll 49.900,-
ANTON&BERGUR
Mósaíkborð frá 17.990,-
Stólar 9.990,-
Finndu okkur
á facebook
facebook.com/thepier
FLOTT ÚRVAL AF MÓSAÍK BORÐUM - SJÓN ER SÖGU RÍKARI
Útistyttur frá 6.990,-
the PIER
Samanbrjótanleg borð 2 stærðir
Borð 36cm
2.990,-
Borð 43cm
3.990,-
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Skynsamleg nálgun að stjórnarskrárbreytingum:

# Góð byrjun

Áfangaskýrsla stjórnarskrárnefndar er góð byrjun á endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem nefndinni var falin í fyrra. Þar eru teknar fyrir fjórar veigamiklar breytingar á stjórnarskránni, sem einna mest samstaða er um og líklegast að hægt verði að hrinda í framkvæmd á kjörtímabilinu. Þetta eru ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur á grundvelli undirskriftalista, um framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana, um þjóðareign á auðlindum og umhverfismál.

Nefndin slær engu föstu um útfærslu þessara ákvæða, heldur kallar eftir meiri rannsóknum og umræðu. Það er stóri munurinn á nálgun hennar og stjórnlagaráðsins, sem klúðraði verkefni sínu. Ráðið skellti fram illa ígrunduðum tillögum, sem fólu í sér mótsagnir og gríðarlega óvissu um stjórnskipunina og virtist halda að þar með væri komin ný stjórnarskrá, sem ekki mætti breyta eða ræða frekar. Gallarnir höfðu ekki verið sniðnir af tillögum stjórnlagaráðs áður en efnt var til þjóðaratkvæðagreiðslu um þær, sem rýrði stórlega gildi hennar. Stóryrtar yfirlýsingar fyrrverandi stjórnlagaráðsmanna um „valdarán“ og „aðför að lýðræðinu“ í tilefni af áfangaskýrslunni eru fáránlegar. Flest bendir til að málið sé nú einmitt lagt þannig upp að það geti fengið vandlega umræðu og skoðun, Alþingi fjallað um það á vandaðan hátt og þjóðin verði síðan spurð álits – með lýðræðislegum hætti.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Þótt málin fjögur, sem eru til umfjöllunar í skýrslunni, séu minna umdeild en ýmsar aðrar tillögur til breytinga á stjórnarskrá, er að ýmsu að hyggja og augljóslega enn ekki full samstaða í stjórnarskrárnefndinni um hvernig eigi að leggja þau upp.

Það er til dæmis ekki komin nein niðurstaða um hversu margar undirskriftir þurfi til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um mál eða hvort og þá hvaða málaflokka eigi að undanskilja þjóðaratkvæði. Það er rétt hjá nefndinni að þjóðaratkvæðagreiðsla á grundvelli undirskrifta almennings er áreiðanlega heppilegri farvegur en 26. grein stjórnarskrárinnar, sem gefur einum manni, forseta Íslands, geðþóttavald til að synja lögum staðfestingar og setja þau í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá er hins vegar skrýtið að nefndin nefni þann möguleika að 26. greinin geti staðið efnislega óbreytt; það virðist liggja í augum uppi að geti þjóðin krafizt atkvæðagreiðslu um mál, er engin þörf á að forsetinn leiki hlutverk „öryggisventils“.

Heimildarákvæði í stjórnarskrá um framsal valds til alþjóðastofnana er líklega sú breyting sem er brýnust, því að það liggur í augum uppi að margt af því samstarfi sem Ísland tekur nú þátt í, ekki sízt EES-samstarfið, felur í sér svo víðtækt valdaframsal að það hlýtur að brjóta núverandi stjórnarskrá.

Vandséð er hins vegar hvaða tilgangi umræða í nefndinni þjónar, um að heimild til að framselja ríkisvald eigi kannski ekki að ná til hugsanlegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu af því að það framsal væri umfram „afmarkað svið“. Svo mikið er alltént víst að það valdaframsal sem þegar hefur átt sér stað vegna EES-samningsins er langt frá því að vera „afmarkað“.

Þessi atriði og ýmis önnur eiga væntanlega eftir að fá víðtæka umræðu á kjörtímabilinu. Það er von til þess að í lok þess liggi fyrir gagnlegar breytingar á stjórnarskránni, sem nútímavæða hana og skýra, í stað hrærigrautarins sem hin misheppnaða tilraun um stjórnlagaþingið gat af sér.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Af norskum ostatollum

Forsvarsmenn íhaldsflokka í Danmörku, Svíþjóð og Þýskalandi hafa sent kollega sínum í Noregi, Ernu Solberg forsætisráðherra og formanni norska íhaldsflokksins, bréf þar sem þeir lýsa vonbrigðum yfir að hún skuli ekki afnema ostatolla. Í nýlegum búvörusamningum staðfesti norska ríkisstjórnin hækkun þessara tolla til verndar landbúnaði. Bréfritararnir segjast ekki skilja hvernig systurflokkur þeirra í Noregi, sem sjálfur gagnrýndi síðustu ríkisstjórn fyrir verndartollana, geti viðhaldið þessu kerfi. Eftir því sem næst verður komist hefur Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra, ekki fengið sambærileg skilaboð og Erna.

### Pétur á hraðri uppleið



Pétur Ólafsson er á hraðri uppleið eftir að Samfylkingin í Kópavogi hafnaði honum. Eins og menn muna kannski vildi Pétur fyrsta sætið í Kópavogi fyrir kosningarnar í vor en uppstillingarnefnd setti hann í þriðja sætið sem hann þáði ekki. Hann fór til Reykjavíkur og varð kosningastjóri hjá Samfylkingunni, sem vann stórsigur í borginni. Sömu sögu er hins vegar ekki að segja af Samfylkingunni í Kópavogi sem tapaði töluverðu fylgi. Nú er Pétur orðinn aðstoðarmaður borgarstjóra og heldur því áfram að láta að sér kveða í Reykjavík.

### Brýndur til verka



Á Evrópuvaktinni sendir Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, Gunnari Braga Sveinssyni utanríkisráðherra tóninn fyrir að hafa ekki lokað Evrópustofu, sem hann segir útibú stækkunardeildar ESB. Björn segir að utanríkisráðherra eigi að taka af skarið, hann þurfi ekki annað en að rita eitt bréf, þá hætti þessi tímaskakka áróðursstarfsemi í landinu.

Sennilega myndi enginn muna eftir Evrópustofu nema af því Morgunblaðið auk Björns og félaga hans á Evrópuvaktinni minna reglulega á tilvist hennar. Það má svo spyrja hvort það væri ekki alveg galið að banna Evrópusambandinu að reka upplýsingaskrifstofu hér á landi.

johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Tilefnislausar kærur

DÓMSMÁL



**Vilhjálmur H. Vilhjálmsson**

hæstaréttarlögmaður

Ríkissaksóknari hefur haft til meðferðar kærur á hendur Benedikt Bogasyni og Ingveldi Einarsdóttur hæstaréttardómurum fyrir brot í opinberu starfi.

Kæran á hendur Benedikt Bogasyni virðist eingöngu byggð á frásögn „vitnis“ sem er í þjónustu kæranda og virðist þiggja greiðslur fyrir. Það eina sem kann að vera rétt í frásögn vitnisins er að sérstakur saksóknari lét sækja endurrit hlerunarúrskurðar hjá kæranda á heimili Benedikts.

Kæran er því með öllu tilefnislaus og til marks um það virðist sem enginn af lögmönnum kæranda hafi treyst sér til þess að leggja nafn sitt við kæruna. Kærandi undirritaði kæruna því sjálfur. Það eina áhugaverða sem eftir stendur í þessu kærumáli er að „vitnið“ eða jafnvel kærandi sjálfur upplýsi hversu háar fjárhæðir „vitnið“ hefur þegið fyrir þjónustu sína í þágu kæranda.

Kæran á hendur Ingveldi Einarsdóttur er jafn sérkennileg, en efni kærunnar var kynnt á forsíðu Fréttablaðsins áður en kæran barst ríkissaksóknara. Fyrirsvarsmaður kæranda lýsti því strax yfir í fjölmiðlum að lögbrot hæstaréttardómarans hefði verið augljóst og sagði svo: „Við teljum að dómari hafi komist að rangri niðurstöðu og að það hafi verið brotin lög á okkur.“ Tilvitnuð ummæli verða ekki skilin öðruvísi en svo að lögbrot hæstaréttardómarans hafi verið fólgið í því að komast að niðurstöðu sem var fyrirsvarsmanni kæranda ekki að skapi, en hér talar bersýnilega maður sem er vanur að fá vilja sínum framgengt.

> ➜ **Það er augljóst að hæstaréttardómarinn gerðist ekki brotlegur við lög með störfum sínum. Öðru máli kann að gegna með fyrirsvarsmann kæranda.**

Það er augljóst að hæstaréttardómarinn gerðist ekki brotlegur við lög með störfum sínum. Öðru máli kann að gegna með fyrirsvarsmann kæranda, en samkvæmt 1. mgr. 148. gr. laga nr. 19/1940 varðar það allt að 10 ára fangelsi að koma því til leiðar með rangri kæru að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað.

Það er sjálfsagt og þarft að ræða störf og starfshætti dómstóla með gagnrýnum hætti. Öðru máli gegnir um skipulagða aðför að mannorði nafngreindra dómara með tilhæfulausum kærum um brot í opinberu starfi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Valdefling kvenna í þágu mannkynsins

JAFNRÉTTI



Phumzile Mlambo-Ngcuka
Framkvæmdastýra UN Women

Fyrir um það bil 20 árum kom heimurinn saman í Peking á fjórðu heimsráðstefnunni um málefni kvenna. Á ráðstefnunni skrifuðu 189 þjóðir undir aðgerðaráætlun fyrir auknu jafnrétti kynjanna: útkoman var Pekingsáttmálinn. Um 17 þúsund þátttakendur og 30 þúsund aðgerðarsinnar sáu fyrir sér heim þar sem konur og stúlkur nutu jafnréttis, frelsis og jafnra tækifæra á öllum sviðum lífsins.

Þrátt fyrir að miklar framfarir hafi átt sér stað á síðustu tveimur áratugum getur engin þjóð lýst því yfir að náðst hefur jafnrétti milli karla og kvenna. Nú er kominn tími að koma saman á ný fyrir konur og stúlkur um heim allan og ljúka þessari vegferð.

Í tilefni af 20 ára afmæli sáttmálans mun UN Women standa fyrir árslangri herferð sem miðar að því að blása nýju lífi í sáttmálann. Markmiðið er skýrt: endurvekja skuldbindingar aðildarríkjanna, beita frekari þrýstingi á framgang mála og fá aukið fjármagn til að láta jafnrétti kynjanna verða að veruleika, stuðla að valdeflingu kvenna og auknum mannréttindum.

Pekingsáttmálinn byggir á framsækinni áætlun í 12 flokkum sem miðar að því að bæta hag og réttindi kvenna og stúlkna um allan heim. Ríkistjórnir, einkageirinn og aðrir þátttakendur voru hvattir til að draga úr fátækt kvenna og stúlkna, tryggja þeirra réttindi að námi og þjálfun, hlúa að heilsu þeirra, þ.m.t. kyn- og frjósemisheilbrigði, vernda konur og stúlkur gegn ofbeldi og mismunun, tryggja að allir njóti ávinnings tækniframfara og þeirra grundarvallarréttinda að taka þátt í samfélaginu, stjórnmálum og efnahagslífinu.

**Mæta mismunun um allan heim**

Tuttugu árum síðar er Pekingsáttmálinn enn þá ein helsta grundvallarstoð réttindabaráttu kvenna. Það hafa átt sér stað mörg framfaraskref í jafnréttismálum og því ber að fagna. Aldrei hafa fleiri stúlkur gengið í skóla, atvinnuþátttaka kvenna hefur aldrei verið meiri og fleiri konur sitja á þingi og eru í leiðtogahlutverkum en nokkru sinni fyrr. En því miður þá mæta konur mismunun um allan heim fyrir það eitt að vera konur. Við sjáum það daglega, í launamisrétti og ójöfnun tækifærum á atvinnumarkaði … í óeðlilega lágu hlutfalli kvenna í opinbera og einkageiranum … í fjölda barnabrúðkaupa og því að ofbeldi gegn konum er eitt útbreiddasta mannréttindabrot í heiminum, en ein af hverjum þremur konum í heiminum hefur upplifað ofbeldi – það endurspeglar stærri tölu en allir Evrópubúar.

Kannski er sú staðreynd meira áhyggjuefni að ef umræðunur í Peking hefðu átt sér stað í dag þá er líklegt að sáttmálinn hefði ekki verið eins sterkur. Okkur ber öllum skylda til að ýta frekar á innleiðingu sáttmálans, því í hvert skipti sem kona eða stúlka er beitt mismunun eða ofbeldi þá tapar mannkynið.

Síðan að ráðstefnan var haldin í Peking hafa margar rannsóknir sýnt fram á það að við valdeflingu kvenna eflum við um leið mannkynið. Aukið jafnrétti tryggir löndum aukinn hagvöxt. Fyrirtæki með fleiri konur í stjórnum skila meiri arði til eigenda sinna. Þau þjóðþing sem eru með fleiri konur á þingi taka til umræðu fjölbreyttari mál og innleiða frekar lagasetningu tengda heilbrigði, menntun, mismunun og velferð barna. Friðarsáttmálar þar sem bæði konur og karlar koma að samningaborðinu endast lengur og eru traustari.

Rannsóknir sýna að miðað við hvert viðbótarár í menntun kvenna minnkar barnadauði um 9,5 prósent. Við það að tryggja kvenbændum aðgang að fjármagni og þjónustu til jafns við karla myndi það auka framleiðni og koma í veg fyrir hungur 150 milljóna manna. Með jöfnum tækifærum kynjanna mun staðan í heiminum breytast til hins betra og hagsæld aukast.

**Þúsaldarmarkmið fyrir 2015**

Við getum og þurfum að raungera þessa mynd. Öll ríki heimsins vinna nú að því að ná þúsaldarmarkmiðum fyrir árið 2015 og skilgreina nýja alheimsþróunaráætlun. Við þurfum að nýta þetta einnar-kynslóðar-tækifæri og setja barráttuna fyrir auknu jafnrétti kynjanna, réttindum kvenna og valdeflingu kvenna sem þungamiðju í alþjóðasamvinnu. Það er það eina rétta í stöðunni og það besta sem hægt er að gera fyrir mannkynið.

Karlar og strákar, sem hafa verið hljóðir í of langan tíma, hafa verið að standa upp og tala fyrir réttindum kvenna og stúlkna í gegnum átaksverkefni UN Women líkt og herferðina #HeForShe. Við leitum til allra karla og stráka að ganga í lið með okkur.

Um 20 árum eftir Pekingráðstefnuna trúi ég því að heimurinn sé tilbúinn að innleiða framtíðarsýn Pekingsáttmálans um jafnan heim fyrir bæði konur og karla.

Á næstu tólf mánuðum mun UN Women kynna sáttmálann fyrir almenningi, sýna hvaða árangur hefur náðst á þessum 20 árum en einnig að skoða hvar við þurfum að bæta okkur og beita aðildarríki þrýstingi til að leggja meiri áherslu og fjármagn í jafnréttismál.

Saman verðum við að ná jafnrétti milli karla og kvenna. Valdefling kvenna í þágu mannkynsins. Látum það verða að veruleika!

Frekari upplýsingar er að finna á www.beijing20.unwomen.org.

**➜ Rannsóknir sýna að miðað við hvert viðbótarár í menntun kvenna minnkar barnadauði um 9,5 prósent.**

# Gróðarekstur í velferðarkerfinu

HEILBRIGÐISMÁL



Steingrímur J. Sigfússon
þingmaður Vinstri grænna

Fyrir tæplega ári lýsti Kristján Þór Júlússon heilbrigðisráðherra því yfir að hann teldi að ýmis rekstur á sviði heilbrigðisþjónustu væri betur settur hjá einkaaðilum en hinu opinbera. Með öðrum orðum var heilbrigðisráðherra að mæla með auknum einkarekstri heilbrigðiskerfisins og þar með einkavæðingu þess. Einkarekstur er ekkert annað en einkavæðing þó í felulitum sé. Svipuð sjónarmið hafa reglulega skotið upp kollinum hérlendis og urðu beinlínis að trúboði með tilkomu nýfrjálshyggjunnar enda skilgetið afkvæmi hennar. En það hlýtur að teljast bæði áhyggju- og undrunarefni að heilbrigðisráðherra þjóðarinnar sé að daðra við slíkt nú, ekki síst í ljósi reynslu annarra þjóða og biturrar reynslu okkar sjálfra af einkavæðingu.

**Afleit reynsla Svía**

Í Svíþjóð hefur farið fram mikil umræða um einkarekstur undanfarin misseri. Eftir hægrisveiflu í sænskum stjórnmálum í síðustu tvennum kosningum hefur stór hluti heilbrigðiskerfisins verið færður í hendur einkaaðila með útboðum. Oftast er um að ræða fjölþjóðleg stórfyrirtæki sem sérhæfa sig í að bjóða í opinberan rekstur, enda getur „heilbrigðisiðnaðurinn“ verið mjög ábatasamur. Þannig kom til dæmis í ljós árið 2011 að Carema Care, sem rekur elliheimili og er stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í Svíþjóð, hafði veitt æðstu yfirmönnum fyrirtækisins leynilegar bónusgreiðslur í gegnum skúffufyrirtæki í skattaparadísinni Lúxemborg. Á móti var skorið rækilega niður í þjónustu við vistmennina, meðal annars með því að sinna ekki eðlilegri þjálfun starfsmanna. Allt var þetta gert í boði sænskra skattgreiðenda, enda er starfsemi Carema fjármögnuð með skattfé.

**Skert þjónusta, launamunur og skattaundanskot**

Carema-skandallinn er langt frá því að vera einsdæmi. Saga einkareksturs í heilbrigðiskerfinu sýnir að þar gerist iðulega þrennt: Í fyrsta lagi er allt skorið niður sem ekki er sérstaklega kveðið á um í samningnum við viðkomandi fyrirtæki. Einkafyrirtæki hafa að markmiði að hámarka gróða sinn og munu því óhjákvæmilega leitast við að nýta sér glufur í samningum við ríkið til að skera niður í þjónustunni. Í öðru lagi eykst launamunur milli almennra starfsmanna svo sem sjúkraliða, hjúkrunarfræðinga og ræstitækna annars vegar og yfirmanna og ýmissa „ráðgjafa“ hins vegar. (Og þar sem konur eru fjölmennari í fyrrnefnda hópnum eykur þetta launamun kynjanna.) Í þriðja lagi gera þessi fyrirtæki allt sem þau geta til forðast að greiða eðlilega skatta af hagnaði sínum, og nýta til þess ýmsar ósvífnar aðferðir eins og að láta skúffufyrirtæki í skattaskjólum lána dótturfyrirtækjum á háum vöxtum til að þurfa ekki að greiða skatt af hagnaðinum í upprunalandinu. Samkvæmt nýlegri úttekt Dagens Nyheter greiddu fimm stærstu einkareknu velferðarfyrirtæki Svíþjóðar aðeins um 440 milljónir íslenskra króna í skatt, en áætlaður hagnaður þeirra nam 20 milljörðum. Það gerir um 2,2% heildarskatt að meðaltali.

**➜ Ekkert venjulegt fyrirtæki tekur upp á því að semja við hið opinbera um rekstur nema það ætli sér að hafa af því ábata.**

**Vinstri græn ein með skýra afstöðu**

Einkarekstur er í eðli sínu gróðarekstur. Ekkert venjulegt fyrirtæki tekur upp á því að semja við hið opinbera um rekstur nema það ætli sér að hafa af því ábata með einum eða öðrum hætti. Í Svíþjóð hefur umræðan nú farið að snúast um hvort réttlætanlegt sé að verja takmörkuðum fjármunum hins opinbera í arðgreiðslur til gróðafyrirtækja sem hegða sér með þeim hætti sem raun ber vitni. Yfirgnæfandi meirihluti Svía – um 70% – svarar því neitandi samkvæmt nýlegri könnun Som-stofnunarinnar og telur að einkafyrirtæki eigi ekki að geta grætt á rekstri heilbrigðisstofnana og skóla. Fróðlegt væri að gera sambærilega könnun hér á landi, en undirritaður efast um að niðurstaðan yrði önnur. Allt er þetta áhugavert í ljósi þess að fleiri flokkar en Sjálfstæðisflokkurinn hafa talað fyrir eða opnað á aukinn einkarekstur í heilbrigðiskerfinu, þar á meðal Björt framtíð sem með því eins og fleiru undirstrikar stöðu sína hægra megin við miðju íslenskra stjórnmála. Samfylkingin hefur verið veikluleg á köflum í þessari umræðu og ekki þarf að ræða um Framsóknarflokkinn, allra síst þegar hann er í samstarfi við Íhaldið eins og dæmin sanna. Aðeins einn flokkur tekur hreina og afdráttarlausa afstöðu gegn gróðareknu heilbrigðis- og menntakerfi; það er Vinstrihreyfingin – grænt framboð.



# netto

Kræsingar & kostakjör



LAMBAGRILLSNEIÐAR
ESJA
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.298,-
**1.090,-**



-50%

GRÍSAKÓTELETTUR
RAUÐVÍNSKRYDDAÐAR
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 2.398,-
**1.199,-**



-25%

KJÚKLINGALEGGIR
2 KG POKI
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 798,-
**599,-**



NAUTALUNDIR
DANSKAR
KÍLÓVERÐ
**3.789,-**



-40%

KJÚKLINGAVÆNGIR
TEX MEX
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 598,-
**359,-**



-40%

GRÍSAGRILLSNEIÐAR
STJÖRNUGRÍS
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.498,-
**899,-**

-50%



GRÍSARIFJABITAR
GRILL
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 898,-
**449,-**

KJÖTSEL




ORGANIC PIZZUR
3 TEG
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 579,-
**498,-**

-40%




ORKUBOLTI - BRAUÐ 750 G
BAKAÐ Á STAÐNUM
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 498,-
**299,-**

-40%




HEIMILISBRAUÐ
MYLLAN
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 355,-
**213,-**

-36%




FITNESSBRAUÐ
RÚGKJARNABRAUÐ
MESTEMACHER
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 259,-
**166,-**



-30%

PECAN VÍNARBRAUÐ
BAKAÐ Á STAÐNUM
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 198,-
**139,-**

**Tilboðin gilda 26. - 29. júní 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**DISCOVERY**
SALSASÓSUR 290G
**STYKKJAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 389,-~~
# 299,-

-40KR

**DORITOS**
3 TEG
**POKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 239~~
# 199,-



**CADBURY PICNIC**
3 Í PAKKA
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 249,-~~
# 199,-



**BEROCCA**
BOOST
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 1.795,-~~
# 1.436,-



**BEROCCA**
PERFORMANCE
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 1.565,-~~
# 1.252,-



**FREEZY MONSTERS**
FROSTHYRNUR
**PAKKAVERÐ**
# 299,-



**VATNSMELÓNUR**
FRÁ SPÁNI
**KÍLÓVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 259,-~~
# 130,-

-50%

-30%



**PEPSI EÐA PEPSI MAX**
33 CL
**STYKKJAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 99,-~~
# 69,-



**MS KÓKÓMJÓLK**
6 Í PAKKA
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 499,-~~
# 469,-



**FABFRESH**
ILMSPREY
**STYKKJAVERÐ**
# 299,-

# Eru fjölmiðlar að ala upp börnin okkar?

SAMFÉLAG



**Anna Guðrún Steinsen**
heilsumarkþjálfi

Á einni viku horfa unglingar í Bandaríkjunum á sjónvarp í 31 klukkustund, hlusta á tónlist í 17 klukkustundir, horfa á bíómyndir í 3 klst., lesa blöð í 4 klst. og eru á netinu í 10 klukkustundir. Í allt eru þetta tæpar 10 klukkustundir af fjölmiðlaáhrifum á dag!

Dagleg skilaboð eru því hvernig þú átt að haga þér, hvað þú átt að gera, hvernig fötum þú átt að klæðast og yfirhöfuð hvernig þú átt að vera. Þetta eru allt mjög áhrifamikil skilaboð.

Í dag er hægt að „gúgla“ allt og alla. Unglingar og fullorðnir fá nánast allar upplýsingar á „YouTube“ eða „Google“ og þannig mótar þetta huga okkar og skoðanir.

Á nokkrum árum hefur allt breyst. Í dag eru flestir unglingar á „Facebook“, „Instagram“, „Snapchat“ og með snjallsíma. Fólk hittist sjaldnar og talar lítið sem ekkert saman því allir eru í snjallsímanum. Jólaboðið þitt er komið á Facebook áður en það byrjar!

Ef við skoðum fjölmiðlaskilaboð til stúlkna þá eru þau skýr! Það sem skiptir öllu máli er hvernig þær líta út. Líkamsímyndin er það sem allt snýst um. Samkvæmt fjölmiðlastöðlum eiga stúlkur að vera grannar og líta vel út. Stinnur rass, flott brjóst, flatur magi … þá fyrst eru þær sexí og það eykur líkur á árangri!

Kvenlíkaminn selur vörur út um allan heim í formi auglýsinga, viðtala í tímaritum, myndbanda, bíómynda o.s.frv. Fjölmiðlar halda því fram að þetta sé það sem fólk vill kaupa. Þeir eru svo áhrifamiklir og sterkir að það er vonlítið að stöðva þá. Í lok dags er þetta alls ekki það sem almenningur vill. Allavega ekki fyrir dætur sínar, systur eða vinkonur. Allar konur sem eru sexí í fjölmiðlum, bíómyndum eða á myndböndum … þær eru líka dætur, vinkonur eða systur.

Skilaboð til drengja úr fjölmiðlum eru hins vegar þau að þeir eigi að vera sterkir og láta ekki vaða yfir sig. Vertu karlmaður! Þeir eiga að sjá til þess að kröfum þeirra sé fylgt eftir bæði í leik, starfi og einkalífi.

Það er alltaf verið að reyna að „sjokkera“ meira og meira til þess að ná athygli neytandans. Meira ofbeldi, meira kynlíf. Hver þorir lengra? Sá sem fer lengra og gerir meira fær meiri athygli. Hvenær er komið nóg?!

### Hvernig breytum við þessu?

Eitt af því sem mögulega er hægt að gera til að stöðva þessa þróun er að fá fleiri heilbrigðar fyrirmyndir í fjölmiðlana. Ekki endilega þær sem henta staðalímyndinni heldur mismunandi konur og karla. Góð kvenfyrirmynd styrkir sjálfsímynd kvenna, breytir gamaldags hugsunarhætti, hvetur þær til þess að horfa lengra og breytir framtíðarsýn ungra stúlkna. Sama á við um unga stráka. Við þurfum heilbrigðar fyrirmyndir fyrir þá til að breyta gamaldags hugsunarhætti þar líka. Það er ekki alltaf í lagi að bæla eigin tilfinningar og harka af sér, keyra áfram og vera þessi harði nagli. Fyrirmyndir sem þora að synda gegn straumnum og eru ekki endilega þessi týpíska staðalímynd.

**➜ Ef við skoðum fjölmiðlaskilaboð til stúlkna þá eru þau skýr! Það sem skiptir öllu máli er hvernig þær líta út. Líkamsímyndin er það sem allt snýst um.**

Þetta snýst ekki um að vera femínisti, kvenremba eða karlremba!

Tökum afstöðu. Þín hugsun og afstaða hefur áhrif á fólkið í kringum þig og á endanum getur það breytt afstöðu annarra og haft margföldunaráhrif á jákvæðan hátt.




# Um öryggi Íslands

EFNAHAGSMÁL



**Einar Benediktsson**
fv. sendiherra

Íslendingar virðast margir haldnir þeirri trú að lega landsins og herleysi skapi okkur sérstöðu um friðsemd í okkar heimshluta. Allt fram á árið 2014 mátti líka halda því fram að öryggi okkar væri tryggt með aðildinni að NATO, varnarsamningnum við Bandaríkin ásamt tímabundinni loftrýmisgæslu, einnig með þátttöku flugherja Svíþjóðar og Finnlands utan NATO. Þá varð það til mestu óheilla, að Rússar veittust að Úkraínu með valdbeitingu og yfirtóku Krímskaga. Landamærum Evrópu var breytt eins og við innlimun Austurríkis af Þjóðverjum í aðdraganda seinni heimsstyrjaldarinnar. En sagan er því miður ekki þar með öll. Einmitt þegar Rússar höfðu gripið til aðgerða gagnvart Úkraínu, koma yfirlýsingar Pútíns um stórátak í hervæðingu á norðursvæðinu.

Stríðsaðgerðir gegn hryðjuverkastarfsemi sem gripið var til í Írak og Afganistan eftir árásina á Tvíburaturnana 2001, hafa borið allt annað en tilætlaðan árangur, eins og Javier Solana bendir á í Morgunblaðinu 21. júní. Bandaríkin eru vanmáttug um að koma á friðsamlegri sambúð sjíta og súnníta. Þá má ætla að Evrópuþjóðirnar axli sjálfar þá ábyrgð á eigin vörnum sem eðlileg er. Hvert verður þar hlutverk Evrópusambandsins á eftir að koma í ljós. Afstaða Norðurlanda undir forystu Norðmanna til varna og öryggis á Norðurslóðum tengist samvinnu við Bandaríkin. Þar er fengin leið í varnar- og öryggismálum sem tekur tillit til hagsmuna Íslands. Þessa þróun ber straumur sögunnar því innan vaxandi Evrópusamvinnu verður hlutur Norðurlandanna meiri, svo sem vera ber. Hlutverk Íslands í því samstarfi helgast af landlegu og allri fortíð þjóðarinnar sem óaðskiljanlegs hluta Evrópu.

Öllu alvarlegri þróun en aðsteðjandi hernaðarógn eða ágengni Kínverja snertir nú efnahagslegt sjálfstæði Íslands. Þess hefur verið beðið að fyrir lægi endanleg dómsniðurstaða Hæstaréttar Bandaríkjanna í uppgjöri Argentínu við vogunarsjóðina. Nú er niðurstaða fengin og að greiða beri kröfur sem urðu við bankahrunið í Argentínu 2001. Mikil málaferli hafa engu skilað nema kostnaði og að lánardrottnar eru í miklu sterkari stöðu en áður. Bent er á að þetta hafi sömu áhrif alls staðar í fjármálaheiminum. Ef Argentína þverskallast við að gera upp skuldirnar, blasir við áframhaldandi fjármálaleg einagrun með afar neikvæðum efnahagslegum afleiðingum – langtíma efnahagslegum fimbulvetri. Gæti þetta beðið okkar?

Er það rétt, að aðrar kröfur en í þrotabú föllnu bankanna, svokölluð snjóhengja, séu slíkar að án viðunandi samninga við kröfuhafa reki Ísland í gjaldþrot? Við hljóta þá að blasa varanleg gjaldeyrishöft í vaxandi fátækt og landflótta fólks. Öllu verra væri að einmitt þeirri einu lausn, sem við getum vænst, væri rutt út af borðinu með þeirri ólánsaðgerð að aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið voru stöðvaðar. Þegar síðar var gengið svo langt að slíta skyldi alveg viðræðunum féll yfir skriða mótmæla 40.000 Íslendinga. Margir töldu ekki eftir sér sporin á fundina á Austurvelli.

**➜ Er ekki kominn tími til að forgangsraðað sé um aðgerðir sem leiða til þess að þjóðin njóti öryggis um farsæld í stað óvissu?**

Um skuldamálin og ESB er fjallað í skýrslu Alþjóðamálastofnunar HÍ um aðildarviðræðurnar. Þar er gert ráð fyrir að afnám fjármagnshafta verði eitt helsta samningamálið. Bent er á að miðað við reynslu annarra ríkja kæmu nokkrir farvegir til greina fyrir ESB til að styðja við afnám haftanna: 1. Slík aðstoð myndi ráðast á síðustu metrunum í aðildarviðræðunum og engar skuldbindingar af hálfu ESB myndu liggja fyrir fyrr en á síðustu metrunum og aðildarsamningur yrði gerður opinber. 2. Slík aðstoð myndi væntanlega vera hluti af áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. 3. ESB ásamt Evrópska seðlabankanum hafi þegar gefið ádrátt um frumkvæði um stofnun vinnuhóps um afnám hafta.

Er ekki kominn tími til að forgangsraðað sé um aðgerðir sem leiða til þess að þjóðin njóti öryggis um farsæld í stað óvissu? Um það hefur rödd mótmælendanna heyrst skýrt og ákveðið á fundum sem kenna sig við Viðreisn. Sett er fram sú krafa að aðildarviðræðum við ESB verði lokið og lítt eru ummæli Illuga Gunnarssonar á Hrafnseyri 17. júní Jóni Sigurðssyni til virðingar. Jón forseti var alþjóðasinni á vísu síns tíma. Nú er tími fyrir hagstjórn á nýjum grunni um frelsi í viðskiptum með vörur, þjónustu og fjármagn með fastgengi sem stefnir að upptöku evru.

# Lítil saga um mosku og gott fólk

MANNRÉTTINDI



**Laufey Steingrímsdóttir**
næringarfræðingur

Fyrir um 15 árum var byggð moska í grónu íbúahverfi í norðurhluta Seattle. Í þessu hverfi bjó m.a. vinafólk mitt frá háskólaárunum, aldraðir Vestur-Íslendingar, Ray og Doris Olason, sem urðu mér nokkurs konar fósturfjölskylda á námsárunum – og eru raunar enn.

Nokkrum árum eftir að moskan reis á götuhorninu þeirra var ráðist á tvíburaturnana í New York. Nágrannar moskunnar, undir forystu þeirra Dorisar og Rays, hópuðust það sama kvöld til moskunnar með blóm, kerti og mat, og skiptust á um að standa vörð um moskuna alla nóttina. Þau héldu uppteknum hætti vikum saman, sannkristnir nágrannarnir, og gættu þess að bænahúsið í hverfinu þeirra og þeir sem þar komu saman, yrðu ekki fyrir aðkasti eða skaða vegna þess haturs og ótta sem greip víða um sig í tengslum við þessa voðaatburði.

### Þetta er falleg saga, en henni er ekki lokið.

Nokkrum árum síðar var Ray Olason, þá háaldraður, að slá blettinn fyrir framan húsið sitt. Grasbletturinn var við götuna og óvarinn fyrir umferð. Þá gerist það að stór trukkur kemur á fleygiferð og keyrir gamla manninn niður. Hann slasaðist mikið, náði sér aldrei fyllilega eftir þetta slys og er nú látinn. Þegar Doris kona hans kom heim frá sjúkrahúsinu seint um kvöldið eftir slysið var hins vegar búið að hreinsa allt blóð og önnur ummerki við húsið þeirra. Þar höfðu nágrannarnir úr moskunni verið að verki og vildu þar með sýna vinum sínum og velgjörðarmönnum þakklæti fyrir umhyggjuna um árið. Í mörg ár þar á eftir, raunar allt þar til Doris og Ray fluttu á öldrunarheimili, sáu svo múslimarnir úr moskunni um að slá þennan blett þegjandi og hljóðalaust, svo aldraðir íbúarnir þyrftu ekki að stofna sér í hættu við garðsláttinn.

Mér fannst ég þurfa að deila þessari sögu einmitt núna. Flest fólk er nefnilega gott fólk, hvaða trúarbrögð sem það annars aðhyllist, en við getum fyrst og fremst búist við vináttu og velvild þess ef við sýnum hana sjálf.



## JÓNSMESSUHÁTÍÐ Í GARÐABÆ

**Samtökin Gróska, samtök myndlistarmanna og áhugafólks um myndlist í Garðabæ, heldur árlega Jónsmessugleði á göngustígnum við strandlengjuna í Sjálandi í kvöld frá kl. 20–22. Myndlistarmenn sýna list sína og skemmtiatriði eru í boði. Allar ömmur verða heiðursgestir og gaman ef þær mæta með hatta.**


TÆKIFÆRISGJAFIR
f. 12 m. með fylgihl.
Margar gerðir
TILBOÐ
Mikið af flottum tilboðum
www.tk.is
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955




## SÖLUSTAÐIR

*Heilsuhúsið, Lifandi markaður, Heilsutorg í Blómavali, Akureyrarapótek, Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Árbæjarapótek, Garðsapótek, Lyfjaval, Lyfjaver, Siglufjarðarapótek og Urðarapótek. Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is.*

# SVEPPASÝKING EÐA ÞURRKUR Í SLÍMHÚÐ?

**GENGUR VEL KYNNIR** *Topida Intimate Hygiene Sprey sem er sérlega áhrifaríkt við sveppasýkingu, kláða, særindum, þrusku og þurrki í slímhúð. Það inniheldur aðeins náttúruleg efni sem græða sýkta og auma húð.*

Flestar konur þjást einhvern tímann á lífsleiðinni af sveppasýkingu í leggöngum eða þurrki í slímhúð. Sumar konur finna fyrir óþægindum tengdum sundlaugarferðum og veigra sér við því að fara í heita potta. Sýklalyfjameðferðir geta einnig haft áhrif á bakteríuflóruna og finna sumar konur fyrir óþægindum í leggöngum í kjölfarið.

**EINFALT Í NOTKUN**

Topida Intimate Hygiene Sprey er einstaklega einfalt í notkun en aðeins þarf að spreyja á sýkta svæðið og endurtaka eftir þörfum. Spreyið virkar vel bæði á sýkta húð, í munn og á kynfæri kvenna og karla. Það er kælandi og dregur úr bólgu, sveppadrepandi og minnkar kláða ásamt því að lina þrota og pirring fljótt. Með viðvarandi notkun byggir líkaminn upp heilbrigða bakteríuflóru og jafnar pH-gildið, sem kemur í veg fyrir að sveppurinn fjölgi sér á ný.

**NÁTTÚRULEGT EFNI**

Topida inniheldur aðeins náttúruleg efni sem græða sýkta og auma húð og viðhalda góðri heilsu. Virku innihaldsefnin eru: hafþyrnis- (e. sea buckthorn), tetrés-, manuka-, kanil-, hvítlauks-, timjan- og fennelilmkjarnaolíur.

Topida inniheldur EKKI: stera, kortisón, hormón, paraben, sýklalyf, alkóhól eða peroxíð.




## MÆLIR MEÐ TOPIDA



Helga Torfadóttir hefur verið að kljást við þurrk í slímhúð líkamans eftir að hafa gengið í gegnum erfiða krabbameinsmeðferð. „Ég get hiklaust mælt með Topida Intimate Hygiene Sprey. Þetta er algjör snilld í úðaformi, sérstaklega vegna skjótrar virkni. Ég fann mun á mér um leið og ég hóf notkun og hefði viljað að þetta sprey hefði verið komið fyrr á markað hérlendis."


20-30-40% afsláttur
STÓRÚTSALA HAFIN
KLASSÍSK GÆÐAVARA FRÁ GERRY WEBER
TAIFUN - GARDEUR - CREENSTONE
FUCHS SCHMITT O.FL O.FL.
Sparidress - Sumaryfirhafnir - Peysur - Blússur - Bolir
www.laxdal.is
BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422



ÚTSALAN ER HAFIN!
Dranella jakki útsöluverð 16.790
Dranella bolur útsöluverð 8.390
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777



GERÐU GÆÐA-OG VERÐSAMANBURÐ
Loksins alvöru
INNOVATION svefnsófar
18 cm pokagormakerfi
Komdu og prófaðu!
Svefnsófi Cube 90 Deluxe
Stærð svefnflatar 90x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.
149.900
Svefnsófi Cube 140 Deluxe
Stærð svefnflatar 140x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.
199.900
Svefnsófi Supramax Deluxe
Stærð svefnflatar 155x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.
249.900
12 mán. vaxtalausar greiðslur - 3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum
KORTER.IS




# SUMARKJÓLAR FRÁ TÍSKUHÚSUNUM

**FRJÁLSLEG TÍSKA** *Kjólar eru mikið í tísku þetta sumarið. Þeir hafa sjaldan verið jafn fjölbreyttir, stuttir, hnésíðir eða gólfsíðir. Efni, mynstur og litir eru margs konar. Sumir velja sér einlita kjóla en aðrir vilja heldur blómamynstur.*

Þótt veðrið á höfuðborgarsvæðinu hafi verið blautt undanfarið þá er alltaf tilefni til að klæðast fallegum sumarkjól. Vinsælustu tískuhönnuðir heimsins sýndu alls kyns sumarkjóla þegar þeir kynntu sumartískuna 2014. Svo virðist sem maxíkjólar séu að koma á markaðinn og verða að öllum líkindum enn vinsælli þegar vetrar. Kjólarnir eru þunnir og þægilegir. Hnésíddin virðist sömuleiðis mjög vinsæl um þessar mundir. Margir kjósa að vera í ljósum litum á sumrin en sterka liti og pastelliti má sjá víða. Það er því mikið frjálsræði í sumartískunni sem margir fagna.



**FALLEGUR FRÁ DONNA KARAN** Sítt og frjálslegt.

**SMART FRÁ VICTORIU BECKHAM** Ákaflega fallegur, stuttur kjóll frá Victoriu.

**BLÓMLEGT FRÁ TOMMY HILFIGER** Stuttur, þægilegur og blómlegur kjóll.

**SPARILEGUR FRÁ DIOR** Fallegur kjóll en óvenjulegur í sniði sem Dior sýndi í París.

**SUMARLEGUR FRÁ CHLOE** Hvítir, frjálslegir kjólar eru alltaf klæðilegir.

**CHLOE TÍSKUHÚS** Fallegur og klassískur kjóll sem hentar vel í margs kyns veislur.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,**
bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,**
kolli@365.is, s. 512 5447







## HELSTU TÍSKUBORGIR

Þeir sem hafa brennandi áhuga á tísku og njóta einnig borgarferða ættu að skoða listann yfir helstu tískuborgir heims sem vefsíðan veryfirstto.com setti saman.

**PARÍS**
Tískuvika er haldin tvisvar á ári í París og laðar að sér heimsþekkta hönnuði. Gönguferð niður Champs-Elysées ætti að kitla alla sem hafa snefil af tískuáhuga.

**NEW YORK**
Fjölbreytt menning og tíska stóra eplisins gerir New York að einni tískulegustu borg heims.

**MÍLANÓ**
Hin ítalska borg býður ekki aðeins upp á glæsilegan arkitektúr og frábæran mat. Hér er nánast hægt að baða sig upp úr tísku enda eru hér höfuðstöðvar tískumerkjanna Armani, Valentino, Gucci, Versace og Prada.

**LONDON**
Þessi svala höfuðborg býr yfir fjölda afar fjölbreyttra verslana. Þar má finna allt frá hátísku til H&M og allt þar á milli.

**BARCELONA**
Borg súrrealismans býður upp



á allt það sem sannir tískuvitar óska sér. Iðandi mannlíf á Römblunni, mat, arkitektúr og ekki síst tísku af öllu tagi.

**TÓKÝÓ**
Borgin er miðdepill asískrar tísku. Götutíska Tókýó er heimsþekkt en hátískan vinnur einnig á. Ginza-hverfið þykir fullkomið til verslunarferða.

**AMSTERDAM**
Miðborg Amsterdam er vaxandi tískumiðstöð. Þar má finna yfir hundrað tískuhönnuði og borgin hýsir einnig hina árlegu Amsterdam International tískuviku.

# SUMARLEIKUR FJARÐARKAUPA

## TAKTU ÞÁTT Í SKEMMTILEGUM LEIK OG ÞÚ ÁTT MÖGULEIKA Á GLÆSILEGUM VINNINGUM!

Þátttaka er einföld. Þú verslar í Fjarðarkaupum, fyllir út miða og setur hann í sérmerktan kassa í versluninni og ert þar með komin/n í pottinn.



- Borgarferð fyrir 2 til Lissabon með Heimsferðum



- 2 barnareiðhjól frá Ellingsen



- Grill, Campingaz El-prado 2200W
- 4 x 15.000 kr. ÓB inneignarkort
- 10 x 10.000 kr. FK inneignarkort

Heimsferðir Ellingsen

Þú getur einnig geymt kassakvittunina og aukið vinningslíkur þínar með því að taka þátt í leiknum á www.sumarleikur.fjardarkaup.is.

Eftirfarandi vinningar eru eingöngu í netleiknum:



- 4 x Nokia Lumia 630 símar
- 4 x miði á Þjóðhátíð
- 100 x kippa af Appelsín krílum og fótbolti



VISA FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudag. www.fjardarkaup.is

FK FJARÐARKAUP




MARINA RINALDI BASLER MaxMara

Fylgist með okkur á
facebook.com/Parisartizkan

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



Verkjalaus hreyfing í sumar?

- Öflug blanda fyrir auma liði
- Styður við brjósk og eykur liðleika
- 10 g af kollagenum í hverjum skammti



SWANSON HEALTH INTERNATIONAL

Joint Health Mix

Swanson – ánægðustu viðskiptavinirnir í USA árið 2013.
Söluaðilar á Íslandi á www.swanson.is.



Rauðrófu„extrakt"
í hylkjum

Snerpa, orka og úthald - frábært fyrir íþróttafólk!

2 hylki á dag




100% náttúrulegt

www.gengurvel.is

Gengur vel

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaðanna




**MEISTARI** Edda Bára hefur í mörg ár sérsaumað kjóla og brúðarkjóla og starfaði meðal annars fyrir brúðarkjólabúðina Brides by Solo í Cambridge. Til hennar koma konur til að láta sauma á sig sparikjóla, hvunndagskjóla og brúðarkjóla en einnig til að láta laga eða breyta kjólum. MYNDIR/DANÍEL

# DRAUMAKJÓLLINN

**TÍSKA** *Kjólameistarinn Edda Bára Róbertsdóttir bróderar perlur og blúndur í handsaumaða brúðarkjóla. Hún mætir draumum kvenna við saumavélina.*

Eddu Báru er brennandi áhugi á handavinnu og saumaskap í blóð borinn.

„Þannig var ég öll menntaskólaárin á saumanámskeiðum á laugardagsmorgnum og sat heima við saumavélina þegar aðrir voru að djamma," segir Edda og hlær sínum dillandi hlátri.

Þegar aldarfjórðungur hafði mælst af ævi Eddu ákvað hún að leggja saumaskapinn fyrir sig og mennta sig í fatasaum, sníðagerð, bróderíi og kennsluréttindum við textílskóla í Kaupmannahöfn.

„Ég vissi að ég myndi njóta lífsins við saumavélina því ég hef gaman af því að gera einhvern glaðan með saumaskap. Þá finnst mér dásamlegt að kenna saumaskap og koma til móts við eldmóð og einlægan áhuga nemenda minna," segir Edda Bára kát.

Saumavélin hefur fylgt Eddu Báru um víðan heim því hún var um árabil flugfreyja hjá Atlanta og tók saumavélina með sér í allar ferðir.

„Í ferðum mínum um heiminn hef ég lagt mig fram um að bæta við mig kunnáttu í saumaskap og lærði þannig sníðagerð herrafata og búninga hjá virtum búningahönnuði við Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn ásamt því að verða óvænt fullnuma í gardínusaum þegar ég var verslunarstjóri Vogue og síðar gardínumeistari efnaða fólksins á Englandi."

## ENGAR TVÆR Í ALVEG EINS DRAUMAKJÓL

Meðfram flugi og annríki í Vogue saumaði Edda Bára spari- og brúðarkjóla í hjáverkum.

„Ég hef yndi af því að skapa fallega hluti og sérstaklega að hanna og sauma draumakjól kvenna," segir Edda Bára sem fyrst hittir konurnar til að kynnast þeim aðeins og sjá hvað þeim þykir fallegt, eins og úrklippur, efni og snið.

„Síðan tek ég málin, teikna upp draumakjólinn og sauma eins konar prufukjól úr lakalérefti svo ég þurfi ekki strax að klippa í silkið eða annað fínt kjólaefni. Með því sjá konurnar hvernig kjóllinn klæðir þær og í sameiningu komust við að niðurstöðu sem gerir draumakjólinn fullkominn."

Edda Bára sérpantar dýrðleg gæðaefni ásamt blúndum og borðum fyrir hvern og einn kjól og önnur sérverkefni.

„Sérsaumaður kjóll fellur vel að vexti hverrar konu og klæðir hana undurvel. Ég legg mikið upp úr því að fínir kjólar fyrir stærri tilefni henti áfram fyrir aðra sparilega daga og glansinn við sérsaumaðan kjól er óneitanlega sá að engin kona sem mætir þér er í eins kjól."

Að sögn Eddu Báru ætti að vera jafn eðlilegt að fara til kjólameistara til kjólakaupa eins og það er að kaupa sér tilbúinn kjól út úr búð.

„Á Íslandi starfa margir mjög hæfileikaríkir hönnuðir og saumakonur og beinlínis æðislegt að geta nýtt sér krafta þeirra í fallegan saumaskap og einstök klæði."





## KONUNGLEGA DJÚSÍ GARDÍNUR

Edda Bára flutti til Íslands um síðustu áramót eftir að hafa búið í Cambridge á Englandi síðastliðin þrjú ár með skoskum unnusta sínum.

„Í Cambridge tók ég við saumastofu fyrirtækisins Clement Jocelyne sem sérhæfir sig í innanhússhönnun, líkt og Epal hér heima. Þar sá ég um sérsaum á gardínum upp á breskan máta sem voru framleiddar fyrir heimili, stofnanir og hótel," segir Edda Bára um stássleg gluggatjöld Breta sem eiga lítið skylt við íslenska gardínutísku.

„Bresk híbýli eru verr einangruð en þau íslensku og því gömul hefð að setja vatterað millifóður í gardínurnar sem gerir þær djúsí, konunglegar og flottar. Í stíl eru svo rúmteppi og púðar og allt auðvitað handsaumað sem þykir það allra fínasta á Englandi," segir Edda Bára brosmild á vinnustofu sinni, Edda Bára Couture, í Fornubúðum við smábátahöfnina í Hafnarfirði, þar sem iðar allt af listalífi í gömlum bátaskýlum við sæinn.

„Hér er yndislegt að skapa og starfa og með haustinu verð ég með spennandi saumanámskeið í skemmtilegu plássi á loftinu ofan við vinnustofuna. Ég hlakka mikið til enda fátt eins meira kósí og að setjast við saumavélina þegar haustar að úti."

Sjá nánar á www.eddabara.com og á Facebook.

thordis@365.is

# ÞVOTTUR OG FATAVIÐGERÐIR

FIMMTUDAGUR **26. JÚNÍ 2014**

**Kynningarblað**
Margrét Sigfúsdóttir gefur góð ráð, saumaverkstæði, þvottaefni, þvottavélar og þvottaleiðbeiningar.




# Minna magn og betri virkni

Ariel-þvottaefnið er í stöðugri þróun. Í dag þarf mun minna magn af efninu í hvern þvott sem leiðir til minni mengunar, minni pakkninga og minni úrgangs. Með aukinni þróun fljótandi þvottaefnis þarf ekki lengur að þvo blettóttan þvott á miklum hita sem sparar orku.




Ariel hefur að markmiði að þróa þvottaefni sem fer sem best með þvottinn og leggur í það mikla vinnu," segir Katrín Eva Björgvinsdóttir, vörumerkjastjóri Ariel á Íslandi.

„Nýlega hefur Ariel endurbætt og þjappað þvottaduftinu enn betur saman en áður. Þannig þarf minna af þvottaefni í hverja vél en að sama skapi minnkar umfang pakkninganna," segir Katrín Eva og útskýrir að þetta sé gert í tvennum tilgangi, það er að bæta vöruna fyrir viðskiptavininn og umhverfið. „Þar sem pakkningarnar eru minni þarf að bera minna úr búðinni auk þess sem úrgangur minnkar. Þá þarf að nota mun minna magn í hvern þvott og við lægra hitastig en áður, samþjöppun hefur einnig jákvæð áhrif á kolefnisspor (e. carbon footprint) og því betra fyrir umhverfið," lýsir Katrín Eva. Þvottaefnið vinnur mjög vel á erfiðum blettum, verndar þræðina í þvottinum og viðheldur litnum betur. Ef hvíti þvotturinn er orðinn grár eftir marga þvotta segir Katrín Eva tilvalið að nota Ariel Regular í græna pakkanum. „Eftir þrjá þvotta sér maður mun og hvíti þvotturinn verður hvítari og hvítari við hvern þvott. Það sama má segja með litaðan þvott, þá er gott að nota Ariel Colour og liturinn verður bjartari og helst betur og lengur."

### Framúrskarandi blettahreinsir við 30°C

„Ariel er leiðandi á markaðnum með fljótandi þvottaefni. Boðið er upp á þrjár mismunandi gerðir, Colour fyrir litaðan þvott, Regular fyrir hvítan og ljósan þvott og Sensitive fyrir þá sem eru með viðkvæma húð," segir Katrín Eva. Hún bendir á að fljótandi Ariel megi nota sem blettahreinsi og virki efnið við einungis 30°C. „Þannig er óþarfi að setja þvottinn á 90°C, sem sparar orku og fer betur með fatnaðinn," segir Katrín Eva sem telur líklegt að flestir séu enn að þvo þvottinn sinn við 40°C eða hærra hitastig. „En með notkun Ariel má bæði nota minna magn af þvottaefni og við lægra hitastig."

Katrín Eva útskýrir að ef nota á fljótandi þvottaefni sem blettahreinsi sé best að bera dálítið af því á blettinn og nudda létt. Setja síðan í vélina og þvo við 30 gráðu hita.

„Mikilvægt er að nota tappann eða hulsuna sem fylgir með flöskunni til að setja þvottaefnið í. Tappinn fer síðan inn í vélina með þvottinum. Þannig næst besti árangur með notkun á fljótandi Ariel," lýsir Katrín Eva.

### Byltingarkennd nýjung

Þróunarstarfið heldur áfram hjá Ariel. Katrín Eva greinir frá því að væntanleg er á markað enn ein byltingarkennd nýjung frá merkinu. „Framleiðendur Ariel, Proctor&Gamble, vilja meina að nýjungin sé ein sú besta úr þeirra smiðju frá upphafi," segir Katrín Eva og bendir á að Proctor&Gamble sé einn stærsti framleiðandi í heimi og framleiði markaðsleiðandi vörur um allan heim. Nýjungin sem um ræðir er Ariel PODS 3in1. „Þetta eru þvottaefnakoddar sem hafa þrefalda virkni. Þeir hreinsa dýpra, lyfta óhreinindunum frá efninu og viðhalda bjartari litum í þvottinum. Þeir eru handhægir og auðveldir í notkun. Þú setur einfaldlega einn til tvo kodda, eftir óhreinindum, inn í vélina með þvottinum. Einfaldara getur það varla verið," segir Katrín Eva glaðlega og bætir við að með þessari nýjung þurfi fólk ekki að stressa sig á því hvort það sé að nota of mikið eða of lítið af þvottaefni.

Ariel PODS 3in1-vörurnar eru væntanlegar í verslanir á næstu vikum.

> **Þvottaefnið vinnur mjög vel á erfiðum blettum, verndar þræðina í þvottinum og viðheldur litnum betur.**


Tvinnakeflið ehf. er til húsa að Melabraut 29 í Hafnarfirði en var áður í vesturbæ Hafnarfjarðar. MYND/TVINNAKEFLIÐ EHF


Jakobína Kristjánsdóttir sinnir fataviðgerðum og -breytingum í Tvinnakeflinu.

# Fataviðgerðir í 14 ár

Jakobína Kristjánsdóttir kjólaklæðskeri flutti saumaverkstæði sitt nýlega úr vesturbæ Hafnarfjarðar að Melabraut 29 í Hafnarfirði. Tvinnakeflið ehf. annast fataviðgerðir og fatabreytingar og er starfsemin komin á fullt.

Ég hef stundað fataviðgerðir og breytingar á fötum í 14 ár og er bara rétt að byrja," segir Jakobína Kristjánsdóttir kjólaklæðskeri en hún rekur saumaverkstæðið Tvinnakeflið ehf.

Jakobína flutti verkstæðið nýverið í stærra og bjartara húsnæði að Melabraut 29 á Hvaleyrarholtinu í Hafnarfirði og er starfsemin komin á fullt.

Hún tekur að sér verkefni fyrir einstaklinga og fyrirtæki og á stóran hóp tryggra viðskiptavina, allt frá Suðurnesjum til Reykjavíkur.

„Ég fæ einnig þó nokkur verkefni utan af landi," segir Jakobína. „Aðallega er ég að stytta, síkka þrengja og víkka fatnað eins og buxur, jakka, pils, kjóla og yfirhafnir og skipta um rennilása. Þá er mikið um viðgerðir á vinnufatnaði. Í mörg ár hefur einnig verið mikið um að fólk komi með nýprjónaðar lopapeysur sem þarf að setja rennilása í. Öðru hvoru koma inn öðru vísi verkefni, sem eru alltaf skemmtileg áskorun en ég tek þó eingöngu að mér verkefni sem ég er viss um að gangi upp," útskýrir Jakobína.

En borgar það sig alltaf að láta gera við flík?

„Ég met alltaf hvað verkið myndi kosta og þá getur fólk ákveðið sig hvað það vill gera, ef það er með flík sem kostaði ekki mikið upphaflega. En maður myndar oft tilfinningasamband við fötin sín og oft þykir fólki vænt um sérstaka flík. Margir koma aftur og aftur með sömu uppáhaldsgallabuxurnar til að láta gera við þær við hvert nýtt gat. Fólk nýtir sér fataviðgerðir og -breytingar mikið og hefur í raun alltaf gert."

Afgreiðslutími Tvinnakeflisins er frá klukkan 12 til 17 virka daga. Lokað er á mánudögum. Nánari upplýsingar fást í síma 8474684 og einnig á Facebook-síðu fyrirtækisins.

# Fötin haldast falleg

Biotex er þekktast meðal Íslendinga fyrir blettaeyðinn sem hefur fengist hér um árabil. Ný þvottaefnislína frá Biotex er byggð á reynslu og þekkingu.

Þvottaefnislínan frá Biotex er byggð á 45 ára reynslu og sérfræðiþekkingu á bæði blettahreinsun og þvottaeiginleikum. „Kostir Biotex eru þeir að virku efnin í þvottaefninu ná að þvo þvottinn við aðeins 30°C. Með því að þvo við 30°C slitna fötin minna og peningur sparast," segir Brynja Georgsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Nathan & Olsen.

Biotex inniheldur ensím sem ráðast á erfiða bletti. Ensím gefa möguleika á að þvo bletti úr við lægra hitastig en ella og fer Biotex þar af leiðandi betur með flíkurnar. Ensímin eru virk upp í allt að 60°C.

„Þvottamarkaðurinn hefur breyst, fólk er meira farið að nota þvottaefni sem sérstaklega hentar fyrir hvern þvott. Þvottaefni sem eru ætluð hvítum og ljósum þvotti innihalda sterkari efni en þau sem ætluð eru marglitum og dökkum þvotti. Til þess að halda svörtum og mjög dökkum fötum fallegum er best að þvo þau með sérstöku þvottaefni fyrir svartan þvott. Biotex






Brynja Georgsdóttir segir helsta kost Biotex-þvottaefnanna þann að virku efnin í þvottaefninu nái að þvo þvottinn á aðeins 30°C. MYND/GVA

Black inniheldur ensím sem fjarlægja slitnar trefjar af yfirborði efnisins og gera þannig litina skýrari. Það er ekki svart litarefni í þvottaefninu svo óhætt er að nota það á dökk föt sem innihalda líka ljósari liti."

Fleiri nota nú fljótandi þvottaefni í stað hins hefðbundna þvottadufts. Brynja segir fljótandi þvottaefni hafa marga kosti fram yfir þvottaduftið. „Það leysist auðveldlegar upp í vatninu og því er engin hætta á að þvotturinn innihaldi leifar af þvottaefni eins og stundum vill gerast með þvottaduft. Af sömu ástæðu hentar fljótandi þvottaefni líka vel í handþvott og vélaþvott við lágt hitastig. Fljótandi þvottaefni fer einnig betur með viðkvæman þvott og föt úr mjög fínum efnum."

Ný viðbót í Biotex-línuna er Biotex Sport & Active, fljótandi þvottaefni sem sérstaklega er ætlað útivistarfatnaði úr vatnsheldum efnum og öndunarefnum svo sem skíðafatnaði, snjógöllum, regnfatnaði og fatnaði úr flís- og softshell-efnum. Slíkan fatnað ætti alltaf að þvo úr þar til gerðu þvottaefni þar sem venjulegt þvottaefni getur eyðilagt eiginleika efnanna í flíkunum.


Margrét Dóróthea Sigfúsdóttir er skólameistari Hússtjórnarskólans í Reykjavík. Hér teygir hún á ve

# Sjóðið óhreina

Margrét Dóróthea Sigfúsdóttir, skólameistari Hússtjórnar áranna rás kennt húsmæðrum íslenska lýðveldisins að þv mikilvægt að sjóða borðtuskur, viskastykki og handklæði

Algengustu mistök í þvottahúsinu er að sortera ekki óhreint tau eftir litum og lesa ekki þvottaleiðbeiningar í flíkum vegna mismunandi hitastigs."

Þetta segir Margrét skólameistari í þvottahúsi Hússtjórnarskólans.

„Öll handklæði, viskastykki, borðtuskur og bómullarnærföt þarf að sjóða með kröftugu þvottaefni með efnakljúfum. Þetta er óhreinasti þvottur heimilisins og á hann dugar hvorki milt þvottaefni né þvottakerfi á 40°C eða 60°C. Baðhandklæði til heimabrúks má gjarnan nota oftar en einu sinni en þau sem notuð eru á opinberum stöðum, eins og í sundi, leikfimi og líkamsrækt þarf að sjóða eftir hverja notkun. Þau geta dottið í gólfið þar sem fyrir er sveppagróður og vörtusmit og bakteríur í jafn óhreinum þvotti drepast ekki nema við suðu. Þannig drepst salmonella í borðtuskum eftir þvott á kjötskurðarbrettum ekki fyrr en við 70°C."

Margrét varar við notkun mýkingarefna sem séu í senn óvistvæn, ofnæmisvaldandi og fari illa með þvottavélar.

„Mýkingarefni mynda slepjulega skán innan í þvottavélum sem svo skapar sveppagróður og óhreinindi sem skila sér í illa lyktandi þvotti. Margir kannast við hvimleiða ullargærulykt af nýþvegnum fatnaði en það er sökum sveppagróðurs í vélinni og á ekkert skylt við nýþveginn, vellyktandi þvott."

Til að hreinsa þvottavélar af sveppagróðri er brýnt að nota kröftug þvottaefni á suðukerfi vélarinnar.

„Sápuskúffur þvottavéla eru líka víða ógeðfelldar með bleikum og svörtum sveppaskellum. Því er mikilvægt að þvo reglulega sápuhólf þvottavéla með heitu vatni og sápu og skilja sápuhólfið eftir opið eins og þvottavélahurðina til að þorni vel á milli notkunar."

### Best að þurrka úti

Að sögn Margrétar fæst besta lyktin af nýþvegnum þvotti með því að hengja hann til þerris utandyra. Eins sé hægt að setja poka með ilmjurtum í fataskápana.

## ÞVOTTUR OG RAFORKUNOTKUN

**Þvottur og** þurrkun taka til sín um tuttugu prósent raforkunnar á meðalheimili. Til að draga úr orkunotkun við þvottinn má fara eftir þessum þvottaleiðbeiningum.


Merkingar á fatnaði sýna hvaða hita fötin þola. NORDICPHOTOS/GETTY

- Fyllið þvottavélina alltaf af taui. Hálftóm vél eyðir álíka miklu rafmagni og full.
- Forþvottur er ekki nauðsynlegur nema í einstaka tilvikum. Ef forþvotti er sleppt sparast tuttugu prósent af rafmagnsnotkuninni.
- Því lægri vatnshiti sem þvegið er við, því minni rafmagnsnotkun. Oft dugar að þvo við 40°C í stað 60°C. Merkingar á fötum sýna hámarkshita sem fötin þola en eru ekki leiðbeiningar um hvaða hita skal nota við þvott.
- Ný þvottvél notar talsvert minna rafmagn en eldri gerðir. Vélar í flokki A, A+ eða A++ eru skilvirkari við þvottinn en aðrar.

*Heimild: Orkusetur.*

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Jónatan Atli Sveinsson, s. 512 5446, jonatan@365.is
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



l þvegnum borðdúk í þvottahúsi skólans. MYND/GVA

# n þvott

skólans í Reykjavík, hefur í
vo þvott sinn rétt. Hún segir
til að drepa bakteríur.

„Besta bleikiefnið er einnig að hengja út hvítan þvott í sól, þá braggast hvíti liturinn vel. Gallabuxur þarf hins vegar að hengja út á röngunni því sólin er undurfljót að upplita þvottinn.“

Margrét segir gott að eiga til mismunandi þvottaefni fyrir ólíkan þvott og þvottakerfi.

„Þá skal alltaf stilla notkun þvottaefnis í hóf eftir því hvað á að þvo og nota minna þvottaefni en mælst er til á umbúðum og er jafnan of mikið. Útkoman getur annars verið útbrot og kláði, ekki síst hjá börnum og þeim sem hafa viðkvæma húð.“

Á vordögum las Margrét í glanstímaritinu Vogue að henda ætti skyrtum sem væru orðnar gular eða brúnar í kraga og líningum því ekki væri hægt að ná gula litnum úr.

„Svona er spekin nú orðin en besta ráðið við að ná óhreinindum úr kraga og líningum er auðvitað að nudda svæðið með handsápu áður en flíkin fer í þvottavél. Það hvíttar vel og gerir flíkina eins og nýja.“

## HALDARAR Í POKA

**Brjóstahaldarar með** spöngum geta farið ansi illa með þvottavélar. Spangirnar geta stungist inn í tromluna og skemmt vélina. Yfirleitt er mælt með því að handþvo brjóstahaldara þar sem það fer best með flíkurnar. Þær sem ekki nenna slíku dútli og vilja nýta þarfasta þjóninn til verksins, ættu alltaf að nota svokallaða nærfatapoka. Þá eru brjóstahaldararnir settir í pokann sem kemur í veg fyrir að spangirnar fari á flakk í vélinni.

**Ekki skal** setja brjóstahaldara í þurrkara en best er að slétta úr honum og leggja hann snyrtilegan og flatan til þerris.





## SAGA ÞVOTTAVÉLARINNAR

**Fyrsta þvottatækið** var líklega hið klassíska þvottabretti sem talið er að fundið hafi verið upp árið 1797. Líklega er það langlífasta þvottatækið enda er það enn notað víða um heim til að handþvo föt og klæði.

Árið 1851 sótti Bandaríkjamaðurinn James King um einkaleyfi á fyrstu þvottavélinni þar sem notast var við tromlu. Tromlan gerði að verkum að tækið líktist nokkuð nútíma þvottavél en hún var samt sem áður handknúin.

Árið 1858 fann Hamilton Smith upp og fékk einkaleyfi á þvottavél með tromlu með handknúnu snúningskerfi.

Árið 1874 smíðaði William Blackstone frá Indiana í Bandaríkjunum afmælisgjöf fyrir eiginkonu sína. Þetta var vél sem fjarlægði og þvoði skít úr fötum. Líklega er þetta fyrsta vélin sem hönnuð var til notkunar inni á heimili.

Þvottavélin Thor var fyrsta rafmagnsknúna þvottavélin. Hún var kynnt til leiks árið 1908 af Hurley Machine Company frá Chicago. Uppfinningamaðurinn að baki Thor var Alva J. Fisher.






## AÐ ÞRÍFA STRAUJÁRN

**Það er** áríðandi að hafa straujárnið alltaf hreint áður en það er notað. Annars geta óhreinindi borist í flíkurnar þegar þær eru straujaðar. Þegar keypt er nýtt straujárn er mikilvægt að lesa leiðbeiningar um meðferð frá framleiðenda til að tryggja rétta notkun og að járnið endist lengur.

**Alltaf á** að þrífa járnið kalt. Það getur verið hættulegt að reyna að þurrka heitt straujárn. Ágætt ráð er að nota gluggaúða á járnið og þurrka síðan yfir það með rökum hreinum klút. Einnig virkar edik ágætlega.

**Ef efni** hefur fest við straujárnið er ágætt ráð að hita það örlítið en skrúbba síðan yfir plötuna með dagblaði. Látið síðan kólna áður en þurrkað er yfir með rökum klút. Til að þrífa holur í járnplötunni er best að nota bómullarklút og rúðuúða. Aldrei nota beitt verkfæri sem getur rispað á straujárnið.

**Til að** þrífa vatnshólf straujárnsins er gott að setja helming edik á móti vatni og setja í hólfið. Hitið járnið og látið gufa smá stund, úðið vatninu síðan úr eins og þegar straujað er. Slökkvið á járninu og losið eftirstöðvar ediksvatnsins úr hólfinu. Setjið síðan vatn aftur í járnið og gerið það sama aftur til að hreinsa edikið úr hólfinu. Aðra hluta straujárnsins, handfang og yfirborð, er hægt að þrífa með rúðuúða og hreinum klút.



## AÐ FESTA TÖLU

**1. Þræddu** nál með um það bil 30 cm löngum tvinna. Gerðu hnút á endann. Saumaðu eitt spor þar sem talan á að vera og svo annað þvert yfir svo eftir standi lítill kross.

**2. Stingdu** nálinni upp í gegnum efnið, í eitt af fjórum „hólfunum" sem krossinn myndar og í gegnum eitt gatið á tölunni. Stingdu nálinni svo niður gegnum gatið ská á móti og í gegnum efnið. Gerðu eins gegnum hin götin í tölunni og endurtaktu leikinn þrisvar. Passaðu að láta lofta örlítið undir töluna.



**3. Stingdu** nálinni upp í gegnum efnið en ekki gegnum töluna heldur vefðu þræðinum nokkra hringi undir tölunni.

**4 Stingdu** nálinni nokkrum sinnum gegnum vafninginn undir tölunni og klipptu hann að lokum þétt við vafninginn.

**5. Hnepptu** að þér.

*www.wsquire.com*

## NÝTTU TÍMANN ÞAR TIL FLUTT VERÐUR

**Ertu að** fara að flytja? Það getur verið ágætt að vera skipulagður og byrja strax að pakka eftir að kaupsamningur hefur verið samþykktur. Oft eru þrír mánuðir til afhendingar svo mjög gott er að nýta tímann sem best. Fyrst er hægt að fara í gegnum fataskápana. Ef þú flytur um sumar er gott að taka allar vetrarflíkur og -skó og pakka ofan í kassa. Öfugt ef flutt er að vetri til. Um leið er hægt að flokka föt sem enginn notar lengur og senda í fatasöfnun. Það er virkilega þægilegt, þegar flutningar nálgast, að vera búinn að þessu. Ágætt er að þvo fötin ef þess þarf og raða þeim fallega í lokaða kassa, þá er ekkert mál að taka þau upp og nota þegar veður fer aftur kólnandi. Sparistell og aðra muni sem notaðir eru sjaldan er einnig gott að þvo og setja í kassa. Þá er hægt að þrífa skúffur og skápa um leið.






# RISA LAGERSALA

## Enn meiri afsláttur!




## Nú 70% afsláttur af öllum fatnaði og skóm!

| | | | |
|---|---|---|---|
| Högl skór, | fullt verð 29.980 | – | verð nú 8.994 |
| Elinette leðurjakki, | fullt verð 54.980 | – | verð nú 16.494 |
| Apanage kjóll, | fullt verð 25.980 | – | verð nú 7.794 |
| Pulz Jeans blússa, | fullt verð 10.980 | – | verð nú 3.294 |
| Dranella buxur, | fullt verð 16.980 | – | verð nú 5.094 |

**Fatnaður úr verslununum**

TUZZI KRINGLUNNI og hjá Hrafnhildi

Erum í kjallaranum undir versluninni, gengið inn baka til. Hlökkum til að sjá ykkur!

hjá Hrafnhildi

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

Vertu vinur okkar á Facebook

## til sölu

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS S. 520 3500 • Ármúla 19 • 108 RVK • atv.is

### Kaffihús á Laugavegi til sölu



Kaffihúsið er í 128 fm húsnæði og tekur 28 manns í sæti. Tilbúin fyrir vínveitingar. Flottur matseðill, góð þjónusta. Gott tækifæri. Uppl. í síma 773-4700 eða sendu okkur email á oskar@atv.is

ÓSKAR MIKAELSSON, LÖGGILTUR FASTEIGNA OG FYRIRTÆKJASALI

## rýmingarsala

### Rýmingarsala á geymsluhillum

Fálkahúsið við Suðurlandsbraut 8 - bakhús

**Allt að 75% afsláttur**

Nú er rétti tíminn til að kaupa notaðar, vel með farnar hillur í geymsluna, bílskúrinn, safnið, lagerinn eða verslunina

Opið 24 júní til 27 júní frá kl 10 til 16
Upplýsingar: 511-1100



## Nudd

Tilboð - Nudd - opið frá kl.10:00-20:00. S. 5616254 / 8543454

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Fyrir veiðimenn




Heimavík ehf. S. 892 8655 www.heimavik.is



**VÖÐLUVIÐGERÐIR**
Eru vöðlurnar slappar og farnar að leka ? Við lekaprófum og gerum við vöðlur.
**Veiðiportið Grandagarði 3 S.552-9940**

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

Veitingarhús til sölu í 101 nánari uppl í síma 896-7776

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

4 herbergja 82fm íbúð til langtímaleigu, Eskihlíð 105 Rvík, 160.000 á mánuði, GSM 899-2758

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 M2 IÐNAÐARBIL**
Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu. 10 m2 milliloft mögulegt. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

The Laundromat Cafe seeks to hire experienced chefs for a full time job. please send a cv to laundromatcafe@gmail.com

**LOFTORKA REYKJAVÍK**
Óskar eftir vönum mönnum í malbik og vélamönnum.
**Upplýsingar í síma 565 0875 eða 892 0525**

**LOFTORKA REYKJAVÍK**
Óskar eftir vönum vélamönnum á gröfur
**Upplýsingar í síma 565 0875 eða 892 0525**

Starfsfólk óskast til afgreiðslu um helgar ekki yngri en 18 ára, umsóknir sendist á bakari.is og nánari upplýsingar veitir Jón/Soffía í s:555-0480

Bortækni óskar eftir starfsmönnum í steypusögun og kjarnaborun. Góð laun í boði Uppl í síma 6937700 eða senda ferilskrá á halldor@bortaekni.is

Smiðir og verkamenn óskast. Upplýsingar veitir Pétur í síma 8652300

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Skyndikynni. Konur sem leita skyndikynna auglýsa sterklega á Rauða Torginu, og gefa oftast upp símanr. S. 535-9923. Karlar heyra og svara augl. í s. 905-2000 og 535-9920.

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Eskiholt - Garðabæ



**Glæsilegt einbýlishús á útsýnisstað.**
Glæsilegt 302,5 fm. einbýlishús á tveimur hæðum/pöllum að meðt. 38,0 fm. tvöföldum bílskúr. Stórkostlegs útsýnis nýtur frá eigninni. Glæsilegar stofur með arni. Garðstofa. Fjöldi herberja. Flísalagðar svalir út af eldhúsi. Falleg ræktuð lóð með tjörn og fossi, fallegu holtagrjóti, fjölærum plöntum og fjölda trjártegunda. Tvö auka bílastæði eru við húsið og yfirbyggð tvö bílastæði eru fyrir framan bílskúr. **Eignaskipti koma til greina á minni eign. Verðtilboð.**

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

### Bröndukvísl 5 – 110 Rvk

**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL: 18:00 - 18:30**








Afar vel byggt og fallegt 175,6fm 8 herbergja einbýlishús ásamt 54,6fm bílskúr, samtals : 230,2fm. Endurnýjað járn á húsi og bílskúr. Glæsilegt hús og einstakur garður. Heitur pottur. 4-5 svefnherbergi. Sjón er sögu ríkari. **V-74millj.**



**Helgi Jónsson sölumaður verður á staðum**
**GSM : 780-2700.**

Runólfur Gunnlaugsson – Lögg. fasteignasali. Ásmundur Skeggjason – Lögg. fasteignasali.

## atvinna

### Lífsglaður og skemmtilegur leikskólakennari

Við á Leikskólanum Skerjagarði, Bauganesi 13 í Reykjavík erum að leita að lífsglöðum og skemmtilegum leikskólakennara til að starfa með okkur næsta vetur. Starfið er laust frá 4. ágúst. Ef þú hefur áhuga að vinna á litlum notalegum leikskóla þar sem gleðin er í fyrirrúmi...þá endilega hafðu samband á netfangið : **skerjagardur@skerjagardur.is** eða komdu í heimsókn.

**Óskum eftir vaktstjóra eða karlmanni sem getur tekið að sér ábyrgðarstöðu á bar í hafnarfirði, ekki yngri en 25 ára! Reynsla og meðmæli æskileg. Nánari upplýsingar í s. 694 3703 Kiddi**

IRISH PUB

### 109 Reykjavík — Kleifarsel







### Fallegt einbýli 227,4 m²



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

Eign sem hefur verið vel við haldið
Barnvænt hverfi /Bílskúr
Laust strax
Skipti á 2-3ja herbergja íbúð skoðuð



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **57,5 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA**
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Hlíðarás 6 – Hafnarfjörður – Glæsilegt einbýli



**Opið hús í dag milli kl. 17.30 og 18.**

Nýkomið glæsilegt nýlegt tvílyft einbýli með innbyggðum bílskúr samtals 320 fm. Frábær staðsetning og útsýni í Áslandinu. Fullbúin eign í sérflokki. **Verð 92 millj.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

## fasteignir

Stakfell FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1984
STAKFELL.IS | 535 1000 | GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI
LÖGGILTIR FASTEIGNASALAR: Aðalheiður Karlsdóttir | Berta Bernburg | Grétar Haraldsson

### TIL LEIGU

### Kistumelur - 116




Til leigu fasteignin Kistumelur 22, Reykjavík. Eignin er alls 3.600 fermetrar með millilofti.Um er að ræða stálgrindarhús, úr samlokueiningum, mikil lofthæð og alls 12 innkeyrsluhurðir.Leigusali, Fylkir ehf er tilbúinn til að leigja húsið allt eða í hlutum í því ástandi sem það er eða fullbúið að óskum leigutaka sem býður upp á stórkostlega möguleika.

SKÚLATÚNI 2 105 RVK stakfell@stakfell.is FÉLAG FASTEIGNASALA

**ZANUSSI**

– ekta ítalskt

– það er hrein UNUN að þvo með ZANUSSI



# *20%* AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ZANUSSI TÆKJUM

## – *í nokkra daga*



ZWGB6120K

Zanussi
þvottavél
1200 snú/mín
Tekur 6 kg

Verð áður: 89.900,-
***Tilboð: 71.920,-***



ZDF2010 - W/M

Zanussi
uppþvottavél
5 kerfi, 12 manna

Hvít–verð áður: 89.900,-
***Tilboð: 71.920,-***

Stál–verð áður: 99.900,-
***Tilboð: 79.920,-***



ZWF71460

Zanussi
þvottavél
1400 snú/mín
Tekur 7 kg

Verð áður: 119.900,-
***Sérverð: 89.900,-***

### Zanussi kæli- og frystiskápar:

10 gerðir af kæliskápum – kælir/frystir, kælir og frystir:
Hæð: 140 cm, 154 cm, 161 cm, 175 cm, 185 cm / Breidd: 60 cm

20% afsláttur af öllum skápunum ***Verð frá: 72.000,-***



ZCE64000WA

Zanussi eldavél
60 cm/br, 4 hellur

Verð áður: 119.900,-
***Tilboð: 95.920,-***

Keramik helluborð

Verð áður: 129.900,-
***Tilboð: 103.920,-***

**OPIÐ VIRKA DAGA KL.10-18**
**Lokað á laugardögum í sumar**

**ORMSSON**

**LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800**
**www.ormsson.is**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR · BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |



## 90 ára afmæli

**Gunnar Már Torfason**
**vörubílstjóri**
**Sólvangsvegi 3, Hafnarfirði,**

**Af því tilefni býður hann ættingjum og vinum að gleðjast með sér laugardaginn 28. júní kl. 17.00 í Turninum við Fjarðargötu (7. hæð í verslunarmiðstöðinni Firðinum).**

**Afmælisgjafir eru afþakkaðar en þeim sem vilja gleðja afmælisbarnið er bent á að baukur verður á staðnum til styrktar Björgunarsveit Hafnarfjarðar – fjarskiptadeild.**

---



Hjartans þakkir sendum við fyrir auðsýnda samúð og hlýju í veikindum og við andlát ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**SIGURÐAR EGGERTS DAVÍÐSSONAR**
**sagnfræðings og kennara,**

sem lést 15. maí síðastliðinn. Sérstakar þakkir fær starfsfólk sjúkrahússins á Akureyri og samstarfsfólk hans í Brekkuskóla, að ógleymdum snillingunum hans í 10. bekk.

**Ólöf Regína**
**Hólmfríður Helga**
**Guðbrandur Torfi**
**Ragnar Jón**
**Snæfríður Edda**
**Höskuldur Sölvi**

---



Ástkær eiginkona, móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR**
**Ársölum 5, Kópavogi,**

lést á LSH 11E laugardaginn 21. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 27. júní kl 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið.

**Erling Aðalsteinsson**
**Björg Erlingsdóttir**
**Ingimar Örn Erlingsson** — **Kristín Katrín Guðmundsdóttir**
**Auður Jóna Erlingsdóttir** — **Sigurður Haukur Gestsson**
**Guðbjörg Erlingsdóttir** — **Carl-Henrick Nilsson**
**Adolf Ingi Erlingsson** — **Þórunn Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**AÐALSTEINN EYJÓLFUR AÐALSTEINSSON**
**frá Hvallátrum á Breiðafirði,**
**til heimilis að Hraunbæ 103, Rvk.,**

andaðist 8. júní sl. Jarðarförin fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 27. júní kl. 13.00.

**Anna Margrét Pálsdóttir**
**Hafliði Már Aðalsteinsson** — **Jófríður Benediktsdóttir**
**Elín Ágústa Aðalsteinsdóttir** — **Ásbjörn R. Jóhannesson**
**Jón Valdimar Aðalsteinsson** — **Sigrún Davíðsdóttir**
**Páll Finnbogi Aðalsteinsson** — **Anna Reynisdóttir**
**Skúli Aðalsteinsson** — **Guðrún Brynjarsdóttir**
**Jóhanna Björg Aðalsteinsdóttir** — **Eiríkur Kr. Jóhannsson**
**Aðalsteinn Aðalsteinsson**
**Guðbjörg Aðalsteinsdóttir** — **Gísli Jón Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Þökkum fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, stjúpmóður og dóttur,

**HRUNDAR SIGURÐARDÓTTUR**
***sálfræðings.***

Sérstakar þakkir fær starfsfólk krabbameinslækningadeildar, dagdeildar blóð- og krabbameinslækninga og heimahlynningar Landspítalans.

**Aðalsteinn Ólafsson**
**Þorkell Ólafsson**
**Kristján Ólafsson**
**Sigurbjörn Már Aðalsteinsson**
**Bergmann Óli Aðalsteinsson**
**Ársól Ingveldur Aðalsteinsdóttir**
**Guðný Edda Magnúsdóttir**
**Sigurður R. Pétursson**
**og fjölskyldur okkar.**

---



**KRISTRÚN OG INGUNN** „Svo mildum við músíkina eftir því sem líður á tónleikana þannig að allir gangi út og hugsi: „Ó, hvað þetta var nú hugljúft.““
MYND/ÚR EINKASAFNI

# Íslensk flaututónlist í Listasafni Íslands

Kristrún Helga Björnsdóttir flautuleikari og Ingunn Hildur Hauksdóttir píanóleikari flytja hugljúfa flaututónlist í stóra sal Listasafns Íslands í hádeginu á morgun.

„Þetta er liður í röð tónleika Listasafns Íslands og Íslenska flautukórsins sem fara fram síðasta föstudag hvers mánaðar,“ segir Kristrún Helga Björnsdóttir flautuleikari um tónleika sína og Ingunnar Hildar Hauksdóttur píanóleikara í Listasafni Íslands í hádeginu á morgun. „Við í flautukórnum skiptum með okkur verkum, erum stór hópur sem skiptir sér niður í smærri einingar. Flautan er yfirleitt í forgrunni á þessum tónleikum, en það kemur fyrir ýmiss konar samspil og form.“

Kristrún segir hugmyndina að baki tónleikaröðinni vera að skapa líf í Listasafninu og tengja saman listform. „Við reynum að tengja efnisskrár tónleikanna því sem er í safninu hverju sinni, þannig að tónlistin sé í stíl við það sem er á veggjunum eða gólfinu.“

Efnisskrá tónleikanna á morgun samanstendur alfarið af íslenskri flaututónlist sem ýmist er samin eða útsett fyrir flautu og píanó. „Það er náttúrulega sumar og fullt af túristum og tilvalið að vekja athygli á því hvað við eigum góða íslenska flaututónlist,“ segir Kristrún. „Sýningin Píanó, sem sett var upp á Listahátíð, stendur enn þá yfir og við munum spila í þeim sal sem hún er í, stóra salnum niðri.“

Meðal þess sem er á efnisskránni er leikhústónlist eftir Atla Heimi Sveinsson og Hjálmar H. Ragnarsson. Verður dramatíkin í forgrunni? „Nja, það eru engir flugeldar,“ segir Kristrún og hlær. „Þetta er þægileg tónlist en íslensku áhrifin eru greinileg í hljómagangi og takti. Svo mildum við músíkina eftir því sem líður á tónleikana þannig að allir gangi út og hugsi: „Ó, hvað þetta var nú hugljúft.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 12.10 og standa í þrjátíu mínútur. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

fridrikab@frettabladid.is

---



Eiginmaður minn,

**JÓN E. KRISTJÁNSSON**
**fyrrv. bóndi í Köldukinn,**
**Brekkubyggð 22, Blönduósi,**

andaðist á Heilbrigðisstofnun Blönduóss föstudaginn 20. júní. Útförin fer fram frá Blönduóskirkju föstudaginn 27. júní kl. 14.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Margrét Á. Björnsdóttir**

---



Ástkær bróðir minn, mágur og frændi,

**ÁSGEIR PÉTUR ÁSGEIRSSON**
**fyrrverandi dómstjóri,**
**Boðaþingi 10, Kópavogi,**

andaðist á Landspítalanum sunnudaginn 15. júní. Að ósk hins látna fór útförin fram í kyrrþey frá Fossvogskirkju þann 25. júní.

**Ingibjörg Ásgeirsdóttir** — **Stefán Jónsson**
**Ásgeir Guðjón Stefánsson, Stefán Örn Stefánsson,**
**Friðfinnur Orri Stefánsson, Hákon Stefánsson**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR ÁRNASON**
**fv. stöðvarstjóri Pósts og síma,**

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar sunnudaginn 15. júní. Jarðsungið verður í Siglufjarðarkirkju laugardaginn 28. júní kl. 14.00.

**Regína Guðlaugsdóttir**
**Þóra Guðmundsdóttir**
**Helena Guðmundsdóttir** — **Böðvar Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR HREIÐAR ÁRNASON**
**Sóltúni 13,**

lést á Landspítalanum 20. júní sl. Útför verður frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 1. júlí kl. 15.00. Blóm afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarsamtök.

**Magnúsína Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Ólafsson** — **Lára Erlingsdóttir**
**Sjöfn Ólafsdóttir** — **Erlingur Hjaltason**
**Guðrún Ólafsdóttir** — **Magnús Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs sambýlismanns míns, pabba okkar, tengdapabba og afa,

**HAUKS ÞORGILSSONAR**
**Lækjarbrún 33, Hveragerði.**

**Hrefna Sighvatsdóttir**
**Svana Lára Hauksdóttir** — **Guðbjörn Kristvinsson**
**Katrín Hauksdóttir** — **Viktor Elfar Bjarkason**
**Haukur Jóhann Hauksson**
**Helga Margrét Hauksdóttir** — **Ben Mathew**
**Haukur Freyr Viktorsson og Ísak John Mathew**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
239 kr. 770g
Bónus Heimilisbrauð 770g
BÓNUS NÝBAKAÐ 198 kr. 4 stk.
Bónus nýbakaðar Mjúkar kringlur
998 kr. 760g
Bónus Gulrótarterta
79 kr. 500ml
Egils Pilsner
69 kr. 250ml
75 kr. 330ml
398 kr 125g
Bónus Lambhagablanda 125g
298 kr. kg
NÝIR Íslenskir Tómatar í lausu
498 kr. 8 x120ml
Cobana ístoppar 8 x 120 ml
298 kr. kg
NÝIR Íslenskir Kirsuberjatómatar
198 kr. kg.
Frá Spáni: Rauð vatnsmelóna
1598 krónur kg.
BÓNUS BACON/BEIKON
398 kr 200g
Bónus Spínat 200g
159 kr 570g
2013 SLÁTRAÐ
1198 krónur kg.
Kaupfél. Skagfirðinga Frosið heilt lambalæri FROSIÐ
2013 SLÁTRAÐ
1198 KR.KG
KS Lamba-Sirloinsneiðar FROSNAR
759 kr. kg
Sláturfélag Suðurlands
Frosinn grillsagður lambaframpartur
398 kr. 100g
Opera d'Italia Þurrskinka
MÁNUDAGA
MIÐVIKUDAGA
FÖSTUDAGA
198 kr. STK.
NÝJAR BÓNUS SAMLOKUR
149 kr 5 stk.
359 kr. 485g. 10 stk
119 kr 100g
Steiktur laukur 100g
359 kr. 454g
Amerískar Eggjahvítur 454g
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30



2 | KL. 20:05

**Grillsumarið mikla**

Vönduð íslensk þáttaröð þar sem töfrað verður fram ljúffengja og fjölbreytta grillrétti fyrir áhorfendur.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld

2 | KL. 20:25

**Masterchef USA**

Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



2 | KL. 22:35

**Those Who Kill**

Spennuþáttaröð sem byggð er á dönsku þáttaröðinni Den som dræber.



| KL. 22:00

**Ten Years**

Gamansöm mynd með Channing Tatum, Rosario Dawson og Chris Pratt í aðalhlutverkum.



| KL. 21:00

**Breaking Bad**

Fylgstu með vinsælasta spennuþætti samtímans frá upphafi. Það er Breaking Bad veisla á Gullstöðinni í allt sumar.



Krakka stöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 20:35

**The 100**

Spennandi þættir sem gerast í framtíðinni eða 97 árum eftir að kjarnorkusprengja lagði heiminn eins og við þekkjum hann í rúst.



Fáðu þér áskrift! 365.IS



## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 3 | | 7 | | 6 | |
| | | 7 | 8 | 1 | | | 5 | |
| 8 | | | 2 | | | | 7 | |
| | | 4 | | | 2 | | | |
| 9 | 3 | | 1 | 5 | | | | |
| 5 | 6 | 1 | | | | 9 | 2 | |
| | | | | 3 | 8 | | | 2 |
| | | 8 | 4 | | 6 | 7 | | |
| | | | 5 | | | 8 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 9 | | 7 | | | | |
| | 5 | 1 | 3 | | | 6 | | |
| | | | 9 | | | 1 | | |
| | | 6 | | 9 | | | 4 | |
| | | 8 | | 4 | 7 | | 2 | |
| 9 | 7 | | 1 | 2 | | | | 6 |
| 1 | | | 2 | | 4 | | | 7 |
| | | 3 | | | | | | 5 |
| | 2 | | | 5 | | | | 3 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | | | | | | 1 | 9 |
| | | 6 | | 3 | | 2 | | |
| | 8 | | | 6 | 2 | | 4 | 7 |
| 4 | | | | | | | | 2 |
| | | | | | 9 | 1 | 7 | |
| | 5 | 8 | | | | | | 6 |
| | 7 | | 3 | | | | | |
| | 1 | | 5 | | 8 | | | |
| 2 | | | | | 1 | 8 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 1 | 9 | 4 | 3 | 2 | 8 | 6 |
| 2 | 3 | 6 | 7 | 1 | 8 | 9 | 4 | 5 |
| 4 | 8 | 9 | 6 | 5 | 2 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 8 |
| 1 | 4 | 3 | 8 | 2 | 5 | 6 | 9 | 7 |
| 8 | 6 | 5 | 4 | 7 | 9 | 1 | 2 | 3 |
| 3 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | 1 | 9 |
| 6 | 9 | 2 | 5 | 8 | 1 | 7 | 3 | 4 |
| 7 | 1 | 8 | 3 | 9 | 4 | 5 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 4 | 5 | 9 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 |
| 3 | 9 | 7 | 6 | 2 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 2 | 6 | 3 | 9 | 8 | 5 |
| 5 | 2 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 3 | 4 |
| 9 | 3 | 8 | 1 | 5 | 4 | 7 | 6 | 2 |
| 2 | 6 | 9 | 8 | 7 | 1 | 5 | 4 | 3 |
| 7 | 5 | 3 | 4 | 9 | 2 | 8 | 1 | 6 |
| 1 | 8 | 4 | 5 | 3 | 6 | 2 | 9 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 8 | 4 | 2 | 3 | 9 | 7 | 5 |
| 5 | 7 | 3 | 8 | 9 | 6 | 1 | 2 | 4 |
| 9 | 2 | 4 | 5 | 1 | 7 | 6 | 8 | 3 |
| 2 | 5 | 1 | 6 | 7 | 4 | 3 | 9 | 8 |
| 3 | 6 | 7 | 9 | 5 | 8 | 4 | 1 | 2 |
| 4 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 | 7 | 5 | 6 |
| 7 | 3 | 6 | 2 | 8 | 1 | 5 | 4 | 9 |
| 8 | 4 | 5 | 7 | 6 | 9 | 2 | 3 | 1 |
| 1 | 9 | 2 | 3 | 4 | 5 | 8 | 6 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Bókasafn er fæðingardeild nýrra hugmynda, staður þar sem sagan lifnar við.“**

*Norman Cousins*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT 2.** sæti, **6.** í röð, **8.** tré, **9.** stefna, **11.** bókstafur, **12.** töng, **14.** yfirstéttar, **16.** númer, **17.** hlaup, **18.** annríki, **20.** tveir eins, **21.** faðmur.

**LÓÐRÉTT 1.** fituskán, **3.** tveir eins, **4.** eyja í Miðjarðarhafi, **5.** hallandi, **7.** hnöttur, **10.** skítur, **13.** starfsgrein, **15.** óhapp, **16.** bjargbrún, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sess, **6.** rs, **8.** eik, **9.** átt, **11.** ká, **12.** kjafi, **14.** aðals, **16.** nr, **17.** gel, **18.** önn, **20.** yy, **21.** fang.

**LÓÐRÉTT: 1.** brák, **3.** ee, **4.** sikiley, **5.** ská, **7.** stjarna, **10.** tað, **13.** fag, **15.** slys, **16.** nöf, **19.** nn.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Íslandsmeistari kvenna, Lenka Ptácníková (2.264), átti leik á móti alþjóðlega meistaranum Lukas Cernousek (2.456) í Teplice fyrir skemmstu.**

**Hvítur á leik**



**35. Hxf6+!** Svartur gafst upp enda mát eftir 35. ... Kxf6 36. He6+ Kf7 37. Dg6#. Lenka stóð sig frábærlega á mótinu. Lenka leiðir íslenska liðið á Ólympíuskákmótinu í Tromsö í ágúst. **www.skak.is** Guðmundur teflir í Finnlandi.


GLEÐILEGT
SUMAR
SJÓÐHEIT SUMARVERÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM
NÝTT VAR AÐ LENDA
NFC
Bluetooth
ARCTIC
ARCTIC S113
Margverðlaunaður þráðlaus Bluetooth ferðahátalari með 8 tíma rafhlöðu og NFC one touch pairing tækni
9.990
ÓMISSANDI Í ÚTILEGUNA:)
10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 24.900
MOBII P925
Öflug 9" Dual Core spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir og internetið á sjóðheitu sumarverði
14.900
SJÓÐHEITT SUMARVERÐ:)
VERÐ VÖRN
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur þá lækkum við okkar verð á staðnum
SAMSUNG
10" GALAXY TAB3
Stórglæsileg Galaxy Tab 3 með ótrúlegum 10.1" fjölsnertiskjá og öflugum Dual Core örgjörva
34.900
AÐEINS 1STK Á MANN!
4BLS
NÝR SJÓÐHEITUR SUMARBÆKLINGUR STÚTFULLUR AF SNILLD :)
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
TÖLVUTEK
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# Útgáfu-boð

Textar Einars Georgs fyrir Hjálma og Ásgeir Trausta hafa vakið mikla athygli. Í bókinni *HVERAFUGLAR* kveður hann sér hljóðs með ljóðum af ýmsu tagi. Bókin er myndskreytt af syni hans Ásgeiri Trausta.




Útgáfunni verður fagnað í Eymundsson, Laugavegi 77, fimmtudaginn 26. júní kl. 17.

ALLIR VELKOMNIR

Léttar veitingar í boði

Ásgeir Trausti og Þorsteinn úr Hjálmum leika fyrir gesti

Penninn Eymundsson




**UPPHAFSTÓNLEIKAR** Sænski hópurinn Ensemble Villancico leikur suðuramerískt barokk með dönsurum, sem aldrei hefur heyrst fyrr. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Þétt dagskrá í fimm vikur í Skálholti

**Sumartónleikar í Skálholti fagna fertugasta starfsári sínu með viðamikilli fimm vikna dagskrá sem hefst á sunnudaginn og stendur fram á verslunarmannahelgi. Fyrstu vikuna verða viðburðir á hverjum degi sem er nýjung.**

„Við byrjum á sunnudaginn með tónleikum Ensemble Villancico sem er sænskur barokkhópur og þau verða með mjög spennandi dagskrá þar sem þau flytja barokktónlist frá Ekvador, sem er mjög óvenjulegt þar sem mest af barokktónlist sem við heyrum er frá Evrópu,“ segir Þorgerður Edda Hall, framkvæmdastýra Sumartónleika í Skálholtskirkju. „Fyrsta vikan einkennist af tónleikum ýmissa norrænna hópa og dagskráin er mun þéttari en hún hefur áður verið.“

Sumartónleikar í Skálholti eru fjörutíu ára í ár og af því tilefni er meira lagt í dagskrána en oft áður, tónleikar oft í viku í fimm vikur. „Lengdin er sú sama og hún hefur verið,“ segir Þorgerður. „En það verða fleiri viðburðir en vanalega. Oftast hafa eingöngu verið tónleikar um helgar en núna verða viðburðir á hverjum einasta degi fyrstu vikuna og hinar vikurnar hefst dagskrá alla fimmtudaga. Við vildum hafa þetta viðameira núna vegna afmælisins og vegna hins norræna samstarfs gátum við fjármagnað það með norrænum styrkjum.“

Mánudaginn 30. júní mun Nordic Affect flytja glænýja tónlist á barokkhljóðfæri, meðal annars verk eftir Maríu Huld Markan, Úlf Hansson og Önnu Þorvaldsdóttur.

Skálholtskvartettinn kemur einnig fram þessa fyrstu viku Sumartónleika, með Jaap Schröder í fararbroddi sem leikur nú á Sumartónleikum í 22. skipti.

Fimmtudaginn 3. júlí verður svo hátindi vikunnar náð með úrslitakeppni EAR-ly – Third Nordic Young Early Music Competition, en þar koma fram þrír framúrskarandi ungir hópar ungs fólks sem flytur barokktónlist á upprunaleg hljóðfæri. Keppendurnir eru hóparnir Bastard Barock, Ensemble Flautino og Marini-Ollberg duo og koma frá Svíþjóð og Finnlandi.

Auk tónleikanna verða dagana 30. júní til 2. júlí opnir masterklassar og fyrirlestrar með virtum barokksérfræðingum eins og Jaap Schröder, Ann Wallström, Johannes Boer, Peter Pontvik og Höllu Steinunni Stefánsdóttur.

Eftir opnunarviku hátíðarinnar koma fram Kór og Kammersveit Listaháskóla Íslands, sem flytja fyrirlestur og tónleika tileinkaða Þorkeli Sigurbjörnssyni. Danski hópurinn Music for the Mysteries og Kammerkór Suðurlands flytja nýtt verk eftir danska tónskáldið Hanne Tofte Jespersen, sem byggt er á keltneskri sögu og tvinnar saman tónlist, dans, leiklist og sjónlist. Voces Thules flytur ásamt Lenu Willemark íslenska miðaldatónlist ásamt sænskri þjóðlagatónlist á tónleikum með spunaívafi. Bachsveitin í Skálholti verður á sínum stað með hinn danska Peter Spissky sem leiðara og Elfu Rún Kristinsdóttur og Jóhönnu Halldórsdóttur sem einleikara og -söngvara. Caput flytur tónleika tileinkaða Hafliða Hallgrímssyni. Kammerkórinn Hljómeyki flytur verk eftir staðartónskáld sumarsins, Pál Ragnar Pálsson, en hann hefur samið nýtt verk við Ljóðaljóðin fyrir tilefnið. Sumrinu lýkur á franska barokkhópnum Copro di Strumenti, með Steinunni Arnbjörgu Stefánsdóttur í fararbroddi, en þau munu m.a. sýna listir sínar með tónleikunum „Djúkox“, þar sem fiðluleikari hópsins leyfir tónleikagestum að panta lög á fóninn, en hann geymir í erminni fiðlupartítur og -sónötur Bachs, allar með tölu.



**ÞORGERÐUR EDDA HALL**

Auk þess að fagna fjörutíu ára afmælinu verður Helgu Ingólfsdóttur semballeikara minnst með sérstökum minningartónleikum, en í sumar eru fimm ár síðan hún lést. „Ann Wallström, barokkfiðluleikari, sem var fyrsti leiðari Bach-sveitarinnar í Skálholti og er því heimavön, ætlar að spila með Sigurði Halldórssyni og Guðrúnu Óskarsdóttur og allur ágóði af tónleikunum, sem verða tvisvar sinnum á miðvikudag og laugardag í næstu viku, rennur í minningarsjóð Helgu,“ segir Þorgerður.

Dagskrána má kynna sér í smáatriðum á vefsíðunni sumartonleikar.is og ættu flestir að geta fundið tónleika við sitt hæfi í þessari viðamiklu dagskrá.

fridrikab@frettabladid.is

# Tíu verkefni hlutu hæsta styrk

**Starfsstyrkir Hagþenkis hafa verið veittir. 31 verkefni var styrkt að þessu sinni.**

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, hefur úthlutað starfsstyrkjum fyrir árið 2014. Alls var úthlutað 31 styrk, samtals að upphæð 13 milljónir. Auglýst var eftir umsóknum um starfsstyrki Hagþenkis í apríl og barst 71 umsókn til félagsins. Til ráðstöfunar voru 13 milljónir. Niðurstaða úthlutunarnefndar var að 31 verkefni fær starfsstyrk. Tíu verkefni fengu hæsta styrk sem er 600.000 kr., eitt 500.000 kr., sex 400.000 kr., þrettán fengu 300.000 kr. og eitt 200.000 kr. Þá hlaut einn umsækjandi handritsstyrk en sex umsóknir bárust.

Í úthlutunarnefnd Hagþenkis 2014 voru Guðný Hallgrímsdóttir sagnfræðingur, Þorgerður H. Þorvaldsdóttir kynjafræðingur og Kolbrún S. Hjaltadóttir kennari og formaður nefndarinnar.



**STYRKÞEGAR** Veittir voru styrkir til 31 verkefnis, alls að upphæð 13 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# GRIFFILSVERÐ!

# FRÁBÆRAR FERÐATÖSKUR

KOMDU NÚNA!

NÝ SENDING



4 HJÓL, 77CM
9.999kr

4 HJÓL, 67CM
8.999kr

2 HJÓL, 50CM
7.999kr

FÁANLEGIR LITIR:

ÓTRÚLEGT VERÐ!

STÆRRI VERSLUN!

GRIFFILL



GRIFFILL SÍMI: 533-1010 –
WWW.GRIFFILL.IS – SKEIFUNNI 11
OPIÐ TIL KL. 18.00 ALLA DAGA

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. **Verð geta breyst án fyrirvara.**

# HUGAÐU AÐ HEIMILINU



4 LÍTRAR

málning

Vnr. 86297240
KÓPAL STEINAKRÝL
múrmálning, allir litir, 4 l.
7.295 kr.

4 LÍTRAR

málning

Vnr. 86647540-8440
KÓPAL Steintex,
margir litir, 4 l.
7.295 kr.

Harris®

Vnr. 83020210-30
HARRIS Premier,
pensill, 25, 38,
50 eða 75 mm.
Verð frá:
395 kr.

Vnr. 84100150
FIA málningarrúlla,
25 cm og
lengjanlegt skaft.
1.845 kr.

## NÝR SNJALLVEFUR

BYKO hefur opnað nýja og glæsilega heimasíðu fyrir allar tegundir snjalltækja.



**Netspjallið er opið**

Þjónustufulltrúar aðstoða þig alla virka daga frá 8:30-16:30. Hvernig getum við aðstoðað?

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

## STEINI & DVERGARNIR

**- ný tegund stólpa fyrir smáhýsi, sólpalla, girðingar, skilti og flaggstangir.**



Vnr. 0251673
Dvergur, Naggur, 120 cm, 95 kg.
KLÚBB verð 12.995 kr.
Almennt verð 15.495 kr.

Vnr. 0251672
Dvergur, Teitur, 80 cm, 65 kg.
KLÚBB verð 8.495 kr.
Almennt verð 9.995 kr.

Vnr. 0251670
Dvergur, Purkur, 60 cm, 50 kg.
KLÚBB verð 7.395 kr.
Almennt verð 8.695 kr.

Vnr. 0251669
Dvergur, Álfur, 30 cm, 30 kg.
KLÚBB verð 5.795 kr.
Almennt verð 6.850 kr.

Vnr. 0251675
Steini 40, 40 cm, 55 kg.
KLÚBB verð 6.995 kr.
Almennt verð 8.295 kr.

Vnr. 41624129
STEEL RATTAN stóll.
KLÚBB verð 2.895 kr.
Almennt verð 3.495 kr.



KLÚBB verð 2.995 kr.
Almennt verð 3.995 kr.
Vnr. 41624128
STEEL RATTAN borð.

Vnr. 41622106
Garðstóll, plast/bast.
Stálrammi.



KLÚBB verð 6.995 kr.
Almennt verð 8.995 kr.



KLÚBB verð 5.995 kr.
Almennt verð 7.595 kr.
Vnr. 41616080
OAKLEY stóll með sessu.
Samanbrjótanlegur.



KLÚBB verð 5.995 kr.
Almennt verð 7.995 kr.
Vnr. 41622160
Sólbekkur,
188x62x29 cm.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

facebook.com/BYKO.is



## 2 MANNA TJALD

Vnr. 88015950
2 manna tjald.
**2.795kr.**

### 3 MANNA TJALD
Vnr. 88015952
3 manna tjald.
6.995kr.

### 4 MANNA TJALD
Vnr. 88015959
4 manna tjald.
13.995kr.

### 5 MANNA TJALD
Vnr. 88015956
5 manna
braggatjald.
19.995kr.



Vnr. 87741450
Kælibox, 25 l.
3.495kr.

Vnr. 87977143
Rafmagnskælibox,
12V, 26,8 l.
12.995kr.

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



KLÚBB verð
5.995kr.
Almennt verð 6.995 kr.

Vnr. 41622138
Sólhlíf 200x300 cm.
Ekki með fæti.



Vnr. 41622141
Róla, 140x110x153 cm.

KLÚBB verð
12.995kr.
Almennt verð 16.995 kr.

## KASSEL



KLÚBB verð
2.495kr.
Almennt verð 3.990 kr.

Vnr. 65105785-6
Geislahitari, 1200W,
á vegg eða borð.



nr. 41622161
Garðsett, borð
og tveir stólar.

KLÚBB verð
11.995kr.
Almennt verð 16.995 kr.



Vnr. 55530509
Stóll, járn/viður.

KLÚBB verð
12.795kr.
Almennt verð 15.995 kr.

Vnr. 55530510
Borð, járn/viður.

KLÚBB verð
19.995kr.
Almennt verð 24.995 kr.

Aðeins til í Grænlandi

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 26. JÚNÍ 2014**

### Tónleikar

**12.00** Guðmundur Sigurðsson leikur á Klais-orgelið í Hallgrímskirkju. Tónleikarnir eru þáttur af Alþjóðlegu orgelsumri 2014. Aðgangseyrir er 1.700 krónur.

**20.00** Tom Odell kemur fram í Hörpu. Píanósnillingnum, sem er 23 ára, skaut upp á stjörnuhimininn á síðasta ári þegar hann gaf út plötuna Long Way Down. Hlaut hann í kjölfarið gagnrýnendaverðlaun Brit-verðlaunahátíðarinnar. Eins var hann tilnefndur til tveggja verðlauna í ár, Besti nýliðinn og Besti sólólistamaðurinn. Miða má nálgast á midi.is.

**20.00** Olga sækir Ísland heim. Sönghópurinn Olga er nýr og ferskur hópur sem hefur aðsetur í Hollandi. Olga var stofnuð árið 2012 í Tónlistarháskólanum í Utrecht. Hópurinn syngur allt án undirleiks og efnisskráin spannar fimm aldir, allt frá endurreisninni til rakarakvartetta og frá þjóðlögum til sönglaga. Hópurinn leggur upp með að færa tónlistina nær áheyrendum í leikrænni tjáningu og einlægum söng með vandaðri og metnaðarfullri tónlistarlegri túlkun. Miða má nálgast á heimasíðu midi.is.

**20.30** Mille des Fleurs tekur áheyrendur til Frakklands árið 1930 og syngur lög Edith Piaf, Maurice Chevalier og fleiri á Loft Hostel. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Í byrjun júní kom út þriðja breiðskífa **Klassart** sem ber heitið Smástirni. Af því tilefni ætlar hljómsveitin að halda tónleika víðs vegar um landið. Hljómsveitin Soffía Björg Band sér um upphitun en sveitirnar koma fram á Græna hattinum, Akureyri, í kvöld. Miðasala við dyr og á heimasíðu midi.is.



**21.00** Gítarleikarinn Andrés Þór heldur ásamt norrænum kvartett tónleika á Bryggjunni, kaffihúsi í Grindavík. Andrés er í tónleikaferðalagi í tilefni af útgáfu á diskinum Nordic Quartet. Gítarleikarinn Andrés Þór þykir einn af fremstu djassgítaristum hérlendis af sinni kynslóð og hefur hann fengið góða umfjöllun víðs vegar að um plötur sínar og tónleika. Einnig hefur hann reglulega verið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir plötur sínar og tónsmíðar og var núna nýlega útnefndur bæjarlistarmaður Hafnarfjarðar.

**21.00** Margrét Júlíana og hljómsveit flytja nýtt efni og gamla standarda í nýjum útsetningum á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

**21.00** Árið 2013 tók **amiina** þátt í verkefni þar sem fimm listamenn og hljómsveitir(amiina, James Blackshaw, Loney Dear, Tim Hecker og Yann Tiersen) voru fengin til að semja nýja tónlist við 100 ára gamlar kvikmyndir um hinn síðblinda stórglæpamann Fantomas. Tilefnið var 4K endurgerð Gaumont á myndunum fimm, en það er ein nákvæmasta og ítarlegasta leið sem hægt er að fara við endurgerð gamalla kvikmynda. Amiina mun flytja tónlistina við kvikmyndina í Mengi. Kvikmyndinni verður varpað á vegg. Miðaverð er 2.000 krónur.



### Sýningar

**09.00** Hreindýrasýning í Hörpu. Á sýningunni Villt hreindýr á Íslandi er hægt að sjá og fræðast um hreindýr og líf þeirra. Hreindýrasýningin er fullkomin blanda menningar, náttúru og tækninýjunga og er mikil upplifun fyrir alla aldurshópa. Sýningargestum gefst tækifæri til að komast í návígi við hreindýrin en gagnvirk innsetning Gagarín gefur fólki kost á að fá innsýn í og hrífast af lífemi og lífsháttum hreindýranna. Sýningin er í Flóanum í Hörpu og er miðaverð 1.900 krónur, miða má nálgast á heimasíðu midi.is.

**14.00** Gunnar Marel Hinriksson hefur undanfarið eitt og hálft ár ljósmyndað á farsíma innkaupakerrur víðs vegar um borgina með appinu Instagram. Innkaupakerrurnar eru myndaðar þar sem þær finnast yfirgefnar og ekki hreyfðar af ljósmyndaranum. Þær eru hlutgervingur einnota neysluhyggju, skildar eftir þegar hlutverki þeirra er lokið frá sjónarhóli neytandans. Þegar þær hafa verið yfirgefnar er ekki laust við að þær manngerist örlítið þar sem þær standa eða liggja einar og afskiptalausar í borgarlandslaginu, horfandi í tómið. Sýningin opnar í dagí Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

**17.00** Sýning um verðlaunað útskriftarverkefni, Vítamín Náttúra, jákvæð áhrif, verður opnuð í Listasafni Árnesinga, Hveragerði. Anna Birna Björnsdóttir, sem lauk nýverið meistaranámi frá Kunst- og designhögskolen í Bergen, Noregi, hreppti útskriftarverðlaunin við það tilefni. Lokaverkefni hennar, Vítamín Náttúra, fjallar um áhrif umhverfis á heilsu og samskipti og er líkan að endurhæfingastöð fyrir fjölskyldur.

**19.00** How to become Icelandic in 60 minutes er leiksýning sem leikin er á ensku, samin og flutt af Bjarna Hauki Þórssyni og leikstýrt af Sigurði Sigurjónssyni. Þetta er sprenghlægileg klukkustundarlöng sýning sem ætluð er öllum þeim sem vilja læra hvað það er að vera Íslendingur. Sýningin fer fram í Kaldalóni í Hörpu og er miðaverð 4.200 krónur. Miða má nálgast á heimasíðu midi.is.

**20.00** Boðið er upp á leiðsögn um sýninguna Ummerki sköpunar í fylgd með Ólöfu K. Sigurðardóttur, forstöðumanni Hafnarborgar. Á sýningunni eru valin verk úr safneign Hafnarborgar, sýningin kynnir aðföng síðustu tíu ára en verkin eru unnin á árunum frá 1952 til 2014. Sýningin beinir sjónum að safninu sem stað þar sem afrakstur sköpunar listamanna er varðveittur og honum miðlað.

### Hátíðir

**12.30** Sjötta Barokkhátíðin á Hólum að hefjast. Aðalgestur hátíðarinnar að þessu sinni er breski fiðluleikarinn og prófessorinn Peter Hanson sem heldur námskeið og stýrir Barokksveit Hólastiftis á lokatónleikumhátíðarinnar. Hátíðin hefst með hádegistónleikum í Hóladómkirkju klukkan 12.30 þar sem leikið verðu á virginalinn sem Barokksmiðjan eignaðist í fyrra og ýmis einleikshljóðfæri.

**20.00** Kammersveitin Reykjavík barokk heldur tónleika í Hóladómkirkju. Fluttar verða ýmsar perlur barokktímans og í flytjendahópnum er altsöngkonan Jóhanna Halldórsdóttir. Tónleikarnir eru fluti af Barokkhátíðinni á Hólum.

### Uppákomur

**14.00** Sýningin S.I.R.K.U.S. Sýninguna hefur Sirkus Íslands sett saman með yngri börnin í huga en þó ekki á kostnað eldri áhorfenda. Sirkus Íslands leyfir áhorfendum að skyggnast inn í annan heim þar sem draumar verða að veruleika, hægt er að furða sig á ótrúlegri færni hins íslenska sirkusflokks og jafnvel láta lítil hjörtu slá hraðar. Fimleikafólk virðist falla af himnum ofan, listafólk lætur hið ómögulega virðast auðvelt og stórskrítnar persónur draga áhorfendur inn í sýninguna. Sýningin er fjölbreytt samansafn sirkusatriða úr öllum áttum þannig að úr verður ógleymanleg skemmtun. Sýningin er í tjaldinu Jökla á Klambratúni og má miða nálgast á heimasíðu midi.is.

**17.00** Fyrsti grillviðburður ársins í Startup Reykjavík að Laugavegi 120. 2. hæð, Hlemmi. Fimm af teymunum tíu sem taka þátt í ár munu kynna hugmyndir sínar stuttlega fyrir gestum en að því loknu verður boðið upp á grillaða hamborgara, pylsur og meðlæti.

**17.00** Heima er best er stóra fjölskyldusýning Sirkus Íslands. Hún er alíslensk sirkusskemmtun þar sem öll fjölskyldan nýtur þess að horfa á ótrúlega leikni listamanna Sirkus Íslands. Öll tónlistin sem notast er við í sýningunni er íslensk svo útkoman er heimaræktaður íslenskur sirkus af bestu gerð. Sýningin er í tjaldinu Jökla og má nálgast miða á heimasíðu midi.is.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*



**SYNGJANDI SÆT** Kolbrún Eva Viktorsdóttir söngkona mun rifja upp gamla takta með hljómsveitinni Myst en hljómsveitin hefur ekki komið fram í nokkur ár.

# Spila saman á ný

**Hljómsveitin Myst hefur hafið störf á ný eftir nokkurra ára hlé. Sveitin er með nýtt lag á leiðinni og blæs til tónleika í kvöld á Café Deluxe í Hafnarfirði.**

„Við erum svona að rífa okkur upp, við vorum svo dugleg einu sinni,“ segir Kolbrún Eva Viktorsdóttir, söngkona hljómsveitarinnar Myst sem kemur fram á tónleikum í kvöld klukkan 21.00 á Café Deluxe í Hafnarfirði.

„Við gáfum út diskinn Take Me with You árið 2006 sem fékk mjög góða spilun,“ segir söngkonan. „En síðan fór maður bara í að eignast fleiri börn og við erum núna að halda fyrstu tónleikana í nokkur ár,“ segir Kolbrún og hlær.

Hljómsveitin ætlar sér ekki að fara rólega af stað heldur er hún nýkomin úr hljóðveri þar sem hún tók upp nýtt lag með aðstoð Jóns Ólafssonar tónlistarmanns. „Hann er alveg ótrúlegur,“ segir Kolbrún.

„Við vorum að fá lagið í hendurnar og ætlum að herja á útvarpsstöðvarnar og athuga hvort við fáum ekki einhverja spilun.“ Meðlimir Myst eru ekki af verri endanum en ásamt Kolbrúnu eru í sveitinni maðurinn hennar, Haraldur Gunnar Ásmundsson, bróðir hennar, Sigurvin Sindri Viktorsson, frændi hennar, Gunnar Leó Pálsson, og æskuvinur Sigurvins, Hermann Albert Jónsson.

> **En síðan fór maður bara í að eignast fleiri börn og við erum núna að halda fyrstu tónleikana í nokkur ár.**

„Þetta er algjör fjölskylda,“ segir söngkonan. „Það er æðislegt að vera á tónleikaferðalagi, það geta allir gist saman hjá ættingjum og svona. Mjög þægilegt,“ segir Kolbrún og bætir því við að þrátt fyrir náin tengsl hafi aldrei komið til árekstra í hljómsveitarstarfinu. „Við erum svo róleg öll, síðan er ekkert hægt að ljúga að þú sért að fara að gera eitthvað ef það er æfing því það vita allir hvað þú ert að gera,“ segir söngkonan og hlær.

baldvin@frettabladid.is

2 | Frelsi

Allir þættirnir á Stöð 2 Frelsi

Ein vinsælasta sjónvarpsþáttaröð síðustu ára er nú komin í heild sinni á Stöð 2 Frelsi

Piper Chapman er í hamingjusömu sambandi og starfar sem markaðsstjóri hjá ráðsettu fyrirtæki. Tilveru hennar er snúið á hvolf þegar hún er dæmd til fangelsisvistar fyrir áratugagamalt fíkniefnabrot. Þáttaröðin byggir á metsölubók Piper Kerman, Orange Is The New Black: My Year In a Women's Prison.




Fáðu þér áskrift! 365.IS

# TÍMAMÓTAVERK

## Vegahandbókin í snjalltækin




**Snjallsímaútgáfan fylgir bókinni.**

- Yfir 3.000 staðir
- Þúsundir þjónustuaðila
- Kort sem sýnir staðsetningu
- Sía, notandi ræður hvaða þjónustumerki birtast
- Leit, hægt að leita eftir stöðum og þjónustu
- Bókamerki, hægt að geyma og safna stöðum
- Tungumál, íslenska, enska og þýska

**NÝ ENDURBÆTT ÚTGÁFA!**

Nú er **Vegahandbókin** fáanleg í **snjallsímaútgáfu (App) fyrir síma og spjaldtölvur (iOS og Android)**. Í tilefni útgáfunnar fylgir hún með **nýju bókinni** á þremur tungumálum: **íslensku, ensku og þýsku**. Í snjallsímaútgáfunni er að finna alla þá staði sem eru í bókinni ásamt **þúsundum þjónustuaðila** um land allt.

**Einnig er hægt að nálgast snjallsímaútgáfuna í App Store og Play Store án bókarinnar.**

**VERÐ KR. 5.490**

Komdu með **gömlu bókina** og þú færð **1.000 kr. afslátt** af þeirri nýju! (aðeins í bókabúðum)

**FERÐUMST OG FRÆÐUMST, NJÓTUM LÍFSINS, LANDSINS OG SÖGUNNAR**

**VEGAHANDBÓKIN ehf. · www.vegahandbokin.is**
**Sundaborg 9 · 104 Reykjavík · Sími 562 2600**

## BÍÓFRÉTTIR
### AFMÆLISBARN DAGSINS



**Leikstjórinn Paul Thomas Anderson er 44 ára í dag**
Helstu myndir: There Will Be Blood, Magnolia, Boogie Nights, The Master.

### ELI WALLACH LÁTINN (1915–2014)



Tony- og Emmy-verðlaunahafinn Eli Wallach lést á þriðjudag, 98 ára að aldri. Leikarinn var þekktastur fyrir leik sinn í kvikmyndinni Baby Doll árið 1956 og sem hrottinn Tuco í spagettívestranum The Good, the Bad and the Ugly. Hann skilur eftir sig eiginkonuna Anne Jackson og þrjú börn – Peter David, Robertu og Katherine.

### GIBSON HEIÐRAÐUR Í PRAG



Leikarinn Mel Gibson verður heiðraður á alþjóðlegu Karlovy Vary-kvikmyndahátíðinni í Prag í Tékklandi fyrir framlag sitt til kvikmyndagerðar. Hátíðin hefst þann 4. júlí næstkomandi og lýkur 12. júlí. Hátíðin er nú haldin í 49. sinn og eiga Íslendingar fulltrúa á hátíðinni – Hafstein Gunnar Sigurðsson með kvikmyndina París norðursins.

### VONARSTRÆTI AÐSÓKNARMEST

Kvikmyndin Vonarstræti, í leikstjórn Baldvins Z og með þeim Heru Hilmarsdóttur, Þorvaldi Davíð Kristjánssyni og Þorsteini Bachmann í aðalhlutverkum, er orðin aðsóknarmesta myndin á Íslandi það sem af er árinu. Alls hafa tæplega fjörutíu þúsund Íslendingar séð myndina og hefur hún halað inn rúmlega 55 milljónir króna. Hún skákar þar með stórmyndum á borð við The Secret Life of Walter Mitty og Wolf of Wall Street.



### VINNA HAFIN VIÐ TOP GUN 2

Kvikmyndagerðarmaðurinn Jerry Bruckheimer segir að vinna við framhaldsmynd Top Gun sé farin af stað og að viðtöl hafi verið tekin við handritshöfunda síðasta föstudag. Top Gun sló í gegn árið 1986 með Tom Cruise í aðalhlutverki og er myndin eins sú vinsælasta sem þessi Íslandsvinur hefur leikið í. Aðdáendur kappans fagna því eflaust að hann hefur lýst yfir áhuga á því að taka þátt í Top Gun 2.





THE GRAND BUDAPEST HOTEL

## BESTU MYNDIRNAR
### það sem af er árinu

Spekúlantar vefsíðunnar Variety velja bestu myndir fyrri helmings ársins.

**PETER DEBRUGE:**

The Grand Budapest Hotel
Leikstjóri: **Wes Anderson**
How to Train Your Dragon 2
Leikstjóri: **Dean DeBlois**
Locke
Leikstjóri: **Steven Knight**
Stranger by the Lake
Leikstjóri: **Alain Guiraudie**
Le Week-end
Leikstjóri: **Roger Michell**

**SCOTT FOUNDAS:**

The Grand Budapest Hotel
Ida
Leikstjóri: **Pawel Pawlikowski**
The Immigrant
Leikstjóri: **James Gray**
Norte, the End of History
Leikstjóri: **Lav Diaz**
Nymphomaniac
Leikstjóri: **Lars von Trier**

**JUSTIN CHANG**

The Grand Budapest Hotel
Ida
Noah
Leikstjóri: **Darren Aronofsky**
Only Lovers Left Alive
Leikstjóri: **Jim Jarmusch**
Under the Skin
Leikstjóri: **Jonathan Glazer**

# „Þið verðið strokuð út!“

Fjórða Transformers-myndin, Transformers: Age of Extinction, var frumsýnd á Íslandi í gær. Mark Wahlberg kemur í stað Shia LaBeouf í aðalkarlhlutverkinu en leikstjórinn Michael Bay snýr aftur í leikstjórastólinn.

Transformers: Age of Extinction, fjórða Transformers-myndin, var frumsýnd á Íslandi í gær. Nú leikur leikarinn Mark Wahlberg aðalkarlhlutverkið og kemur í stað Shia LaBeouf sem var stjarnan í hinum þremur myndunum.

Myndin á að gerast fjórum árum eftir lokabardagann í Chicago úr þriðju myndinni, Transformers: Dark of the Moon. Mark leikur einstæðan föður ungrar stúlku sem má ekki fara á stefnumót vegna þess að hún á að einbeita sér að náminu en faðir hennar var sjálfur mjög ungur þegar hann eignaðist hana. Faðirinn vinnur sem uppfinningamaður og lifir á því að kaupa gamalt drasl og nota það í uppfinningar sínar.

Einn daginn kemst hann yfir gamlan og gatslitinn trukk en þegar hann byrjar að vinna við hann kemur í ljós að þetta er ekki venjulegur bíll.

Aðstandendur kvikmyndarinnar íhuguðu að fá Shia aftur í aðalhlutverkið en vildu nýja karlhetju. Happafengur þykir að hafa nælt í Mark því hann leikur í nítíu prósentum af áhættuatriðum sínum í myndinni.

Leikstjórinn Michael Bay ætlaði ekki að leikstýra þessari fjórðu Transformers-mynd en hann leikstýrði hinum þremur sem komu á undan. Roland Emmerich, Joe Johnston, Jon Turteltaub, Stephen Sommers, Louis Leterrier og David Yates þóttu líklegir til að hreppa leikstjórastólinn en Michael skipti um skoðun þegar hann sá Transformers-tækið í skemmtigarði Universal Studios. Þar voru hundruð aðdáenda sem biðu í röðum til að prófa tækið og þá gerði hann sér grein fyrir að hann var ekki tilbúinn til að slíta sig frá Transformers-seríunni.

Myndin var tekin upp í Hong Kong að hluta og mætti fjöldinn allur af aðdáendum til að horfa á tökurnar. Eftir að tökum lauk á viðamiklu sprengingaratriði notaði Michael gjallarhorn til að ávarpa fjöldann og sagði:

„Haldið þið að þið getið beðið þarna og verið í myndinni minni? Ég ætla að stroka ykkur út á stafrænan hátt!“

Auk Marks eru það Nicola Peltz, Jack Reynor, Ken Watanabe, John Goodman, Kelsey Grammer og Stanley Tucci sem leika í myndinni.

liljakatrin@frettabladid.is



**EINSTÆÐUR FAÐIR** Mark Wahlberg er nýja karlhetjan í Transformers-myndunum.




**MIKILL HASAR** Transformers-myndirnar eru gríðarlega vinsælar.

> **Haldið þið að þið getið beðið þarna og verið í myndinni minn?**
> *Michael Bay*

## Sigurganga Transformers-myndanna

- Fyrsta myndin í seríunni, sem hét einfaldlega **Transformers**, var frumsýnd árið 2007, halaði inn um 710 milljónir Bandaríkjadala, 81 milljarð króna, í kvikmyndahúsum á heimsvísu og var tilnefnd til þrennra Óskarsverðlauna fyrir brellur og hljóð. Kostnaður við gerð hennar var 150 milljónir dala, rúmir 17 milljarðar króna.
- Önnur myndin, **Transformers: Revenge of the Fallen**, var frumsýnd árið 2009. Hún halaði inn 837 milljónir dala, rúma 95 milljarða króna, á heimsvísu en kostaði tvö hundruð milljónir í framleiðslu, tæpa 23 milljarða króna.
- Sú þriðja, **Transformers: Dark of the Moon**, var frumsýnd sumarið 2001. Hún aflaði 1.124 milljarða dala, rúmra 128 milljarða króna, á heimsvísu og kostaði 195 milljónir dollara í framleiðslu, rúma 22 milljarða króna. Hún var tilnefnd til þrennra Óskarsverðlauna, eins og sú fyrsta – fyrir hljóð og brellur.






# BIOTHERM SUMAR

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRALIND, HOLTAGÖRÐUM, SKEIFUNNI, GARÐABÆ, SELFOSSI OG AKUREYRI 26. JÚNÍ – 2. JÚLÍ.

Fjöldi vara á góðu verði. Eau ilmir: body lotion 400 ml, á sama verði og 200 ml. Hreinsimjólk og andlitsvatn 400 ml pumpuflöskur á sama verði og 200 ml. Krem í 30 ml túpum tilvaldar í ferðalagið. Biotherm herra Aquapower rakakrem 100 ml á sama verði og 75 ml. Sólkrem í 400 ml pumpuflöskum, nýtt after sun í 200 ml krukku og margt fleira.

Þú getur valið eina af eftirfarandi Biotherm vörum sem kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir Biotherm vörur fyrir 8.500 eða meira:

Handklæði – strandtaska – snyrtitaska
Biotherm herrataska (ekki á myndinni).




*Einn kaupauki á viðskiptavin. Gildir meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# LÍFIÐ

## TREND Á TWITTER

### KASSAMERKIÐ #BANSUAREZ FÓR Á FLUG EFTIR LEIK ÍTALÍU OG ÚRÚGVÆ Á HM

Luis Suárez, framherji Úrúgvæ, beit varnarmann Ítalíu, Giorgio Chiellini, þegar Úrúgvæjar sigruðu Ítala á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu á þriðjudag. Er þetta í þriðja skiptið á ferlinum sem Suárez bítur andstæðing og fór Twitter nánast á hliðina eftir atvikið. Færslur með kassamerkinu #BanSuarez, eða #BönnumSuarez, eru orðnar nánast óteljandi eftir atvikið.



**Bianca ST**
**@Bianca1_**
Þetta er í þriðja skiptið. Eftir hverju erum við að bíða með að banna hann ævilangt? Hann er góður leikmaður en líka mjög hættulegur! #BanSuarez

**Joe Nuxoll**
**@joeracer**
Mig langar að sjá #bansuarez trenda alþjóðlega á twitter.

**Δ**
**@enigmacxnt**
#BanSuarez en hættið að hata landið okkar. Hættið að væla og undirbúið ykkur undir næstu heimsmeistarakeppni :D

**Matthew Lewis**
**@MattLewisAuthor**
Jæja, @FIFAWorldCup, hér er próf. Peningar og sýning eða íþróttaandi og fyrirmynd fyrir milljónir barna? #BanSuarez

**Steven Lewis Simpson**
**@REZBOMB**
Mike Tyson myndi jafnvel segja að #Suarez hefði gengið of langt með sínu PRIÐJA biti. #banSuarez

**Lee Hurst**
**@2010LeeHurst**
Luis Suarez gerir samning við nýjan styrktaraðila, tannkremsframleiðandann Fixodent #BanSuarez

## 19.6.2014 → 25.6.2014



### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ***1*** | ▶ | ***The Common Linnets*** | ***Calm After The Storm*** |
| 2 | ▲ | Júníus Meyvant | *Color Decay* |
| 3 | ▲ | Nico & Vinz | *Am I Wrong* |
| 4 | ▼ | Jón Jónsson | *Ljúft að vera til* |
| 5 | ▲ | Sam Smith | *Stay With Me* |
| 6 | ✱ | Amabadama | *Hossa Hossa* |
| 7 | ▼ | Michael Jackson & Justin Timberlake | *Love Never Felt So Good* |
| 8 | ▲ | Kaleo | *I Walk On Water* |
| 9 | ▲ | American Authors | *Best Day Of My Life* |
| 10 | ▼ | Coldplay | *A Sky Full Of Stars* |



### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| **1** | ▲ | ***GusGus*** | ***Mexico*** |
| 2 | ▼ | Dimma | *Vélráð* |
| 3 | ▶ | Ýmsir | *Fyrir landann* |
| 4 | ▶ | Kaleo | *Kaleo* |
| 5 | ▲ | Ýmsir | *This Is Icelandic Indie Music Vol. 1 & 2* |
| 6 | ▼ | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| 7 | ▲ | Samaris | *Silkidrangar* |
| 8 | ▲ | Pollapönk | *Bebebe-besta pollapönkið* |
| 6 | ▼ | Ýmsir | *SG hljómplötur* |
| 10 | ▶ | Mammút | *Komdu til mín svarta systir* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista
Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir
**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.


Íslenskur Dala Kastali – blár og hvítur

Mjúkir og bragðmildir mygluostar með ljúfu eftirbragði.
Tilvaldir einir og sér, tveir saman – eða með öðrum.
Gríptu með þér Kastala í næstu verslun.

NÝJAR UMBÚÐIR





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA











# KÖNNUKÖKUR SEM ALLIR GETA

Það er leikur einn að búa sér til köku í könnu ef löngunin í sætindi nær yfirhöndinni. Þessar uppskriftir miðast allar við eina köku og ætti hver sem er að geta hrært í svona köku á nokkrum mínútum. Ekki skemmir fyrir að þessar kökur eru líka einstaklega ljúffengar.

### 1. Oreo-kaka

¼ bolli hvítt súkkulaði
3 msk. mjólk
4 msk. hveiti
¼ tsk. lyftiduft
½ tsk. jurtaolía
2 Oreo-kökur

Blandið hvítu súkkulaði og mjólk saman í könnu sem þolir örbylgjuofn og hitið í um fjörutíu sekúndur. Hrærið vel þangað til súkkulaðið er bráðið. Bætið hveiti, lyftidufti og olíu saman við og hrærið. Myljið Oreo ofan í blönduna og hitið í örbylgjuofni í um eina mínútu. Leyfið kökunni að kólna í nokkrar mínútur áður en hún er borðuð.

**Fengið af síðunni www.kirbiecravings.com/**

### 2. Súkkulaði- og hnetusmjörskaka

3 msk. hveiti
2 msk. sykur
1 ½ msk. kakó
¼ tsk. lyftiduft
smá salt
3 msk. mjólk
1 ½ msk. jurtaolía
1 msk. hnetusmjör

Hrærið þurrefnum saman í könnu sem þolir örbylgjuofn. Bætið mjólk, olíu og hnetusmjöri við og hrærið vel. Hitið í örbylgjuofni í eina mínútu og tíu sekúndur. Berið strax fram.

**Fengið af síðunni www.passthecocoa.com/**

### 3. Kaffikaka

3 msk. hveiti
2 msk. sykur
1 msk. kakó
¼ tsk. lyftiduft
¾ msk. jurta- eða kókosolía
1 msk. sterkt kaffi
2 msk. mjólk
¼ tsk. vanilludropar

# Sátu saman að sumbli

## Tom Cruise og David Beckham fengu sér í glas saman í London.

Gestir barsins The Cow í Notting Hill-hverfinu í London ráku upp stór augu á mánudagskvöldið þegar stórstjörnurnar Tom Cruise og David Beckham heiðruðu þá með nærveru sinni. Cruise og Beckham sátu tveir saman að sumbli, drukku bæði vínflösku og bjór að sögn sjónarvotta. Gestir voru duglegir að birta myndir og setja statusa á Twitter um heimsókn Beckhams og Cruise enda ekki á hverjum degi sem skálað er við stórstjörnur. Félagarnir hafa verið vinir síðan 2003 og voru duglegir að hittast þegar knattspyrnuhetjan bjó í Los Angeles.



**GAMAN** Tom Cruise og David Beckham voru í góðu stuði saman á mánudagskvöldið. NORDICPHOTOS/GETTY

# Jóga frekar en eiturlyf

## Ellie Goulding er hrifin af líkamsrækt og háð jóga.

Söngkonan Ellie Goulding segist iðka jóga í stað þess að nota eiturlyf. Breska söngkonan segist vera háð jóga og segir að það líði ekki sá dagur að hún taki ekki eina jógaæfingu.

„Það má segja að ég fari í vímu þegar ég iðka jóga. Fólk skilur ekki að það er í raun alveg stórkostlegt eiturlyf sem inniheldur ekkert ólöglegt efni. Líkamsrækt er stór hluti af lífi mínu og ég verð að æfa á hverjum degi því það hefur áhrif á andlega líðan mína.“

Goulding er rísandi stjarna og er 27 ára gömul en hún fór í meðferð við áfengis- og eiturlyfjafíkn árið 2011.



**HÁÐ JÓGA** Ellie Goulding dásamar jóga. NORDICPHOTOS/GETTY





# GERT

Blandið þurrefnum vel saman í könnu sem þolir örbylgjuofn. Bætið olíu, kaffi og vanilludropum saman við og hrærið vel saman. Hitið í örbylgjuofni í 45 sekúndur og upp í mínútu. Skreytið með flórsykri og berið fram.

**Fengið af síðunni www.thehungryhedgehog.com/**

**4. Haframjöls- og Nutella-kaka**

| |
|---|
| 3 msk. mjólk |
| 1 msk. ólífuolía |
| 1 msk. sykur |
| 3 msk. hveiti |
| 1 ½ msk. haframjöl |
| 1 msk. fínt saxaðar pecan-hnetur |
| ¼ tsk. lyftiduft |
| 1/8 tsk. salt |
| ¼ tsk. kanill |
| örlítið múskat ef vill |
| 1 msk. Nutella |

Blandið mjólk, olíu og sykri saman í könnu sem þolir örbylgjuofn. Bætið hveiti við og blandið. Bætið síðan haframjöli, pecan-hnetum, lyftidufti, salti, kanil og múskati saman við og hrærið. Setjið Nutella á toppinn og hitið í örbylgjuofni í þrjátíu sekúndur, síðan í fimmtán sekúndur í senn þangað til efsta lag kökunnar er orðið þurrt.

**Fengið af síðunni www.thekitchn.com/-lkg**








JOTUN
PALLAOLÍA 3 ltr.
2.385kr
verð áður 3.295
Ódýrara lítraverð
Aðeins
795
kr/ltr
JOTUN
Treolje
Träolja/Træolie
GARÐADAGAR
lýkur um helgina
OUTBACK
Gasgrill
15.990
19.900
Omega 100
Grillflötur 500x360mm,
Hlíf yfir brennara, 6,2 kW
3000226
Gasgrill
45.490
56.900
Broil King
Great Barbecues Every Time
Broil King Gem
8,8 kW/h brennari
Postulínshúðuð grillgrind, Grillflötur: 32,5 x 49 cm
3000605
Gasgrill
62.990
78.800
Broil King
Great Barbecues Every Time
Gasgrill Broil King Monarch 320
3 ryðfríir brennarar: Dual Tube 8,8 kW/h
Grillflötur: 37,5 x 57,25 cm. Hitamælir í loki
3000603
Háþrýstidæla
17.995
24.995
Nilfisk
Háþrýstidæla með pallabursta
110 bar, 5m slanga.
440ltr/klst.
5254231
SPRENGIVERÐ!
Garðsett Kingfisher
10.990
16.900
4 stólar, borð og sólhlíf!
3899215
Garðstóll Dolmiti
2.690
4.690
3899428
Garðstóll
5.990
7.900
Garðstóll Kingsbury
Saman-brjótanlegur
3899087
Garðstóll
9.990
12.900
Garðstóll Kingsbury
Með stillanlegum örmum
3899088
Garðstóll
12.990
18.900
Garðstóll Toledo
UV Rattan, sessa fylgir.
3899434
Garðsett Vera
14.990
19.900
Garðsett Vera
2ja sæta sófi, 2 stólar og borð
3899214
Garðsett Firenze
67.450
87.900
Garðsett
Firenze, 4 stólar og borð 80 x 80 cm með 5 mm glerplötu,
grind úr áli, klædd með UV rattan, sessur fyglja með
3899433


25% afsláttur
Af hekk-og greinaklippum
10 Stjúpur
799
1.290
Sýpris
999
1.990
Tóbakshorn
799
1.390
Hansarós
690
1.999
Margarita
999
1.599
Slönguhjól
2.995
5.249
Claber slönguhjól
Tekur 60 m
af 1/2" slöngu
5081658
Geislasópur
2.490
3.790
Blátoppur
1.990
2.990
Birkikvistur
1.799
2.790
Götukústur
999
1.599
Malarskófla
1.299
Laufhrífa
999
Grasklippur
999
Götukústur
5044450/58
5082502
5084344
5084720
Nuddpottur
87.900
109.900
Uppblásinn rafmagnsnuddpottur
1,8m í þvermál, 700 lítra, 4 manna.
8089006
Úðabrúsi
5.996
7.995
Vandaður úðabrúsi
Pulsar 5, 3 ltr
5087350
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# Gunnars majónes í Kauphöll Íslands

BAKÞANKAR
Atla Fannars Bjarkasonar



Gunnars majónes fór á hausinn. Samt er majónes hollt samkvæmt lágkolvetnalífsstílnum sem selur fleiri bækur en Arnaldur Indriðason. Það þýðir samt ekki að dvelja í fortíðinni. Fyrirtækið þarf að komast aftur á flug og það hratt. Þúsundir samloka með rækjusalati eru í húfi.

**UPPGANG** Íslands síðustu ár má rekja til makríls og ferðamanna. Makríllinn er fluttur út en stöðugur straumur Þjóðverja með fulla vasa af brakandi evrum virðist hafa farið fram hjá Gunnars majónesi. Leiðin til að koma íslensku majónesi á kortið hjá þeim er augljós: Að rúlla kokteilsósu í trójuhesti á diskinn hjá hverjum einasta af þessum milljón ferðamönnum sem eru væntanlegir til landsins á næsta ári.

**VERKEFNIÐ** er strembið. Það fyrsta sem Gunnars majónes þarf að gera er að opna vefsíðuna cocktailsauce.com. Lénið er laust (ég athugaði). Þar myndi texti á borð við „Welcome to Iceland — home of the cocktail sauce“ blasa við netverjum ásamt ágripi um sósuna, hvað skilur hana frá svipuðum sósum sem önnur ríki þykjast framleiða og tillögum um hvernig skal neyta hennar. Framsetningin þarf að vera nútímaleg, skemmtileg og ögrandi.

**VIÐ** þurfum tvist sem fær ferðamanninn til að brosa og Íslendinga með í lið. Ef rétt er haldið á spilunum getur hver einasti sjoppustarfsmaður, leiðsögumaður og hvalaskoðunarskipstjóri tekið þátt í verkefninu. Hugmyndin er að fá þekktan grínista til að framleiða fimm útgáfur af uppruna kokteilsósunnar og leyfa fólki að kjósa um hver er líklegust til að vera sönn. Steindi myndi negla það.

**TENGING** við samfélagsmiðla er líka nauðsynleg. Við viljum að ferðamennirnir birti mynd af kokteilsósu á Instagram. Og merki með viðeigandi kassamerki: #CocktailSauceNation. Loks þarf að hressa upp á umbúðirnar. Horfa til hvernig Bandaríkjamenn pakka inn sósum. Nýju umbúðunum þarf svo að koma fyrir við hliðina á harðfisknum á vinsælum ferðamannastöðum, frá 10-11 í Leifsstöð til Staðarskála í Hrútafirði. Enginn ferðamaður yfirgefur landið án þess að dýfa franskri kartöflu í kokteilsósu og Gunnars majónes verður skráð í Kauphöll Íslands árið 2016.

# Vill að píanóið virki og gítarinn sé stilltur

## Breski tónlistarmaðurinn Tom Odell kemur fram á tónleikum í Hörpu í kvöld. Hann hlakkar til að koma til landsins og ætlar að spilar nýtt efni á tónleikunum.

„Ég hlakka mikið til að koma til Íslands, ég hef heyrt góða hluti um landið,“ segir tónlistarmaðurinn Tom Odell, en hann er kominn til landsins og kemur fram á tónleikum í Hörpu í kvöld.

Hann komst í sviðsljósið á síðasta ári þegar hann gaf út plötuna Long Way Down og hefur platan fengið prýðisdóma og hlaut til að mynda gagnrýnendaverðlaunin á Brit Awards á síðasta ári. Þá var hann tilnefndur til tvennra verðlauna í ár; sem besti nýliðinn og besti sólólistamaðurinn.

„Ég finn auðvitað einhvern mun á öllu eftir að platan kom út en ég hef verið á tónleikaferðalagi síðan hún kom út og í raun frá því áður en hún kom út. Ég er orðinn vanur því að vera á tónleikaferðalagi og finnst frábært að spila á tónleikum, helsti munurinn er kannski sá að áhorfendum á tónleikunum hefur fjölgað mikið,“ segir Odell spurður út í frægðina sem hann hefur öðlast að undanförnu.

Hann vinnur þó einnig hörðum höndum að nýrri plötu og nýtur þess að spila nýtt efni á tónleikum sínum. „Ég spila yfirleitt um fjögur til fimm ný lög á tónleikum, mér finnst gaman að sjá viðbrögð fólksins við nýju efni. Það er gott að geta prófað lögin á tónleikum áður en maður hljóðritar þau,“ útskýrir Odell. Hann gerir ráð fyrir að nýja platan komi út á næsta ári.

Breski tónlistarmaðurinn er alæta á tónlist og hlustar á allt mögulegt. „Ég hlusta á mismunandi tónlist, er til dæmis að hlusta á nýju Beck-plötuna um þessar mundir. Ég er alltaf að kaupa plötur því ég nærist á tónlist og elska að heyra nýja tónlist, þá lærir maður og uppgötvar svo margt.“

Tom Odell verður þó ekki einn á sviðinu í Eldborg því hann er með hljómsveit með sér. „Ég er með trommuleikara, bassaleikara og gítarleikara með mér, við höfum spilað saman í þrjú til fjögur ár og þeir eru stór hluti af því sem ég geri. Ég er heppinn að hafa þá, við tókum upp síðustu plötu saman og þeir hafa mikil áhrif.“

Odell er nægjusamur og er ekki að flækja hlutina þegar kemur að tónleikahaldi. „Ég er ekki með mikið af ljósum og ekki marga dansara, ég vil bara að píanóið virki og að gítarinn sé stilltur,“ segir Odell léttur í lundu.

Tónleikar Toms Odell hefjast klukkan 20.00 í kvöld og fara fram í Eldborgarsalnum í Hörpu.

gunnarleo@frettabladid.is



**ÁSTRÍÐUFULLUR ODELL** Tónlistarmaðurinn Tom Odell kemur fram í Eldborgarsalnum í Hörpu í kvöld. Hann ætlar að flytja nýtt efni í bland við eldra. NORDICPHOTOS/GETTY

### Hver er Tom Odell?

- Hann er fæddur 24. nóvember árið 1990 í Chichester á Suðaustur-Englandi.
- Tónlistarkonan Lily Allen uppgötvaði hæfileika kappans og líkti honum við David Bowie.
- Hann gaf út plötuna Long Way Down og hefur hún fengið prýðisdóma og hlaut til að mynda gagnrýnendaverðlaunin á Brit Awards á síðasta ári. Þá var hann tilnefndur til tvennra verðlauna í ár; sem besti nýliðinn og besti sólólistamaðurinn.
- Hann hefur hitað upp fyrir Elton John á tónleikum og þá hitar hann upp fyrir Neil Young í Hyde Park í næsta mánuði.
- Vinsælasta lag Odells er Another Love og hefur það verið spilað tæplega 32 milljón sinnum á YouTube.












Disney

DISNEY LEIKUR PEPSI OG SAMBÍÓANNA

# *Komdu á vit ævintýranna*



**TAKTU ÞÁTT**
með því að kaupa bíómiða á sambio.is eða slá inn síðustu 11 tölustafina á strikamerki bíómiðans þíns í leiknum okkar á sambio.is og á Facebook-síðunni okkar.

FJÖLDI GLÆSILEGRA VINNINGA Í BOÐI!

## Ferð fyrir 2 í Disney-stúdíóið í LA
## Samsung Galaxy S5

### 10 gjafabréf frá Ölgerðinni
### 3 árskort í Sambíóin
**10 gjafabréf í Sambíóin**

DISNEY-MYNDIR Í SUMAR:

**FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN**
FRUMSÝND 30. JÚLÍ

**GUARDIANS OF THE GALAXY**
FRUMSÝND 15. ÁGÚST

pepsi

Taktu þátt í leiknum og sjáðu sýnishorn úr myndum á
**WWW.SAMBIO.IS**

SAMBÍÓIN

## HM Í FÓTBOLTA

SPORT 2 **16.00 BANDARÍKIN – ÞÝSKALAND**
**20.00 S-KÓREA – BELGÍA**

Það kemur í ljós í dag hvort **Aron Jóhannsson** og félagar hans í bandaríska landsliðinu komist áfram í 16 liða úrslitin á HM í Brasilíu. Bandaríkjamenn mæta Þýskalandi og geta fallið úr keppni með tapi ef Gana vinnur Portúgal á sama tíma. Eitt stig tryggir þó Aroni og hans menn alltaf áfram. Belgar eru búnir að tryggja sér efsta sætið í H-riðli en Suður-Kórea þarf á litlu kraftaverki að halda til að komast áfram.



VÍSIR Allt um HM á Vísi

## STJARNA GÆRDAGSINS

Lionel Messi fór á kostum í 3-2 sigri Argentínu gegn Nígeríu í gær. Hann skoraði bæði mörkin í fyrri hálfleik, það fyrra á þriðju mínútu og það síðara í uppbótartíma. Seinna markið skoraði Messi beint úr aukaspyrnu en það er eitthvað sem Maradona tókst aldrei að gera á HM. Heldur nú metingurinn áfram á milli þeirra tveggja. Messi er markahæstur á HM ásamt Brassanum Neymar.



**Lionel Messi**
**Argentína**

## Annar Mónakó-milljónamaður að verða stjarna Kólumbíu á HM

Fyrir áramót var búist við því að Radamel Falcao, framherji Monaco, yrði stjarna Kólumbíu á HM. En hann sleit krossbönd og nú skín stjarna annars Kólumbíumanns sem Monaco keypti fyrir morð fjár skært. **James Rodríguez** er að stimpla sig inn sem eina af skærustu stjörnum mótsins en hann skoraði eða lagði upp mark á 45 mínútna fresti í riðlakeppninni.



## ÚRSLIT

### HM 2014 Í BRASILÍU

**E-RIÐILL**

**HONDÚRAS - SVISS 0-3**
0-1 Xherdan Shaqiri (6.), 0-2 Xherdan Shaqiri (31.), 0-3 Xherdan Shaqiri (71.).

**EKVADOR - FRAKKLAND 0-0**

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Frakkland | 3 | 2 | 1 | 0 | 8-2 | 7 |
| Sviss | 3 | 2 | 0 | 1 | 7-6 | 6 |
| Ekvador | 3 | 1 | 1 | 1 | 3-3 | 4 |
| Hondúras | 3 | 0 | 0 | 3 | 1-8 | 0 |

**F-RIÐILL**

**NÍGERÍA - ARGENTÍNA 2-3**
0-1 Lionel Messi (3.), 1-1 Ahmed Musa (4.), 1-2 Lionel Messi (45.+1), 2-2 Ahmed Musa (47.), Marcos Rojo (50.).

**BOSNÍA - ÍRAN 1-3**
0-1 Edin Dzeko (23.), 0-2 Miralem Pjanic (59.), 1-2 Reza Ghoochannejhad (82.), 1-3 Avdija Vrsajevic (83.).

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Argentína | 3 | 3 | 0 | 0 | 6-3 | 9 |
| Nígería | 3 | 1 | 1 | 1 | 3-3 | 4 |
| Bosnía | 3 | 1 | 0 | 2 | 4-4 | 3 |
| Íran | 3 | 0 | 1 | 2 | 1-4 | 1 |

**LEIKIR DAGSINS**

| | |
|---|---|
| G-RIÐILL: Bandar. - Þýskaland | kl. 16.00 |
| G-RIÐILL: Portúgal - Gana | kl. 16.00 |
| H-RIÐILL: Alsír - Rússland | kl. 20.00 |
| H-RIÐILL: S-Kórea - Belgía | kl. 20.00 |

### PEPSI-DEILD KVENNA

**ÍBV - FH 6-0**
1-0 Shaneka Gordon (8.), 2-0 Kristín Erna Sigurlásdóttir (10.), 3-0 Kristín Erna Sigurlásdóttir (42.), 4-0 Kristín Erna Sigurlásdóttir (70.), 5-0 Nadia Lawrance (80.), 6-0 Ármey Valdimarsdóttir (90).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjarnan | 6 | 5 | 0 | 1 | 23-6 | 15 |
| Þór/KA | 6 | 4 | 1 | 1 | 11-7 | 13 |
| Fylkir | 6 | 4 | 1 | 1 | 7-3 | 13 |
| Breiðablik | 6 | 3 | 1 | 2 | 18-6 | 10 |
| Valur | 6 | 3 | 1 | 2 | 16-11 | 10 |
| ÍBV | 6 | 3 | 0 | 3 | 12-8 | 9 |
| Selfoss | 6 | 3 | 0 | 3 | 15-13 | 9 |
| FH | 6 | 2 | 0 | 4 | 5-27 | 6 |
| Afturelding | 6 | 1 | 0 | 5 | 6-20 | 3 |
| ÍA | 6 | 0 | 0 | 6 | 4-16 | 0 |




**ÞRENNA** Kristín Erna skoraði þrjú mörk á móti FH. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Kristín Erna komin í gang

**FÓTBOLTI** ÍBV vann stórsigur á FH, 6-0, í lokaleik sjöttu umferðar í Pepsi-deild kvenna í gærkvöldi þar sem Kristín Erna Sigurlásdóttir skoraði þrennu.

Kristín er að komast á fullt eftir krossbandaslit og er nú búin að skora fimm mörk í síðustu tveimur leikjum sínum en hún setti tvö þegar Eyjakonur lögðu Aftureldingu í síðustu umferð.

Með sigrinum komst ÍBV upp í sjötta sæti deildarinnar með níu stig en verri sögu er að segja af FH-liðinu sem ekkert hefur getað undanfarnar vikur.

FH vann fyrstu tvo leiki sína í deildinni en hefur síðan tapað fjórum í röð og það sem meira er hefur liðið ekki skorað mark í síðustu fjórum leikjum.

- tom

# Íhuga að kæra KSÍ og borgina

Fyrirtæki sem ekki fengu tækifæri til að bjóða í flóðlýsingu KSÍ við Laugardalsvöll eru að skoða réttarstöðu sína. Formaður borgarráðs telur ekki að lög um opinber innkaup hafi verið brotin.

**MANNVIRKI** Þau fyrirtæki sem ekki fengu kost á að gera Knattspyrnusambandi Íslands tilboð í nýja flóðlýsingu á Laugardalsvelli eru ósátt við að verkið hafi ekki farið í útboð og skoða nú réttarstöðu sína. Þetta segir Arnar Þór Hafþórsson, sölu- og markaðsstjóri hjá Jóhanni Ólafssyni og co.

„Okkar lögfræðingar eru að kynna sér hvaða úrræði við höfum og hvaða líkur eru á því að málið yrði tekið fyrir. En þetta er eitthvað sem við höfum skoðað,“ segir Arnar Þór en fyrirtækið er ekki það eina sem er í þeirri stöðu samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Reykjafell, Rönning og Ískraft munu einnig vera að skoða málin.

Þann 4. júní greindi Fréttablaðið frá því að ný flóðlýsing Laugardalsvallar hefði ekki farið í útboð en Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, segir að ekki hafi gefist tími til þess.

„Þessi mál þurfti að afgreiða fljótt og vel,“ sagði Geir þá en KSÍ hafði fengið athugasemdir frá Knattspyrnusambandi Evrópu, UEFA, um að flóðlýsing vallarins stæðist ekki kröfur og að hana þyrfti að lagfæra fyrir fyrstu leiki íslenska landsliðsins í undankeppni EM 2016 í haust.



**AUTT MASTUR** Arnar Þór Hafþórsson hjá Jóhanni Ólafssyni og co. er óánægður með hvernig staðið var að kaupum á nýrri flóðlýsingu við Laugardalsvöll. Í baksýn má sjá mastur við Laugardalsvöll sem á að bera flóðlýsinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### Engin lög brotin

Verkið hefði þurft að fara í útboð samkvæmt þeim viðmiðunarfjárhæðum sem tilgreindar eru í lögum um opinber innkaup en kærunefnd útboðsmála hefur áður úrskurðað að KSÍ sé ekki skylt að fara eftir lögunum þar sem sambandið telst ekki opinber aðili.

Kaupin eru þó að hluta fjármögnuð með styrk frá Reykjavíkurborg en S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs, segir að borgaryfirvöld séu þess fullviss að lög hafi ekki verið brotin.



**S. BJÖRN BLÖNDAL**

„Hverju sem öðru líður mun Reykjavíkurborg borga innan við helming kostnaðarins,“ segir Björn en bendir á að nákvæm útfærsla á greiðslufyrirkomulagi borgarinnar til KSÍ sé enn í skoðun hjá borginni.

„Það var farið ítarlega yfir þetta á sínum tíma enda erum við ákaflega passasöm með innkaupareglur borgarinnar,“ segir Björn.

Upphaflega stóð til að málið yrði tekið fyrir á fundi ráðsins þann 8. maí en þáverandi formaður og núverandi borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, tók málið af dagskrá. Björn segir að málið verði ekki tekið fyrir á fundi borgarráðs í dag en vonast til að það verði gert á næstu vikum.

„Þetta er mál sem er ekki klárt að öllu leyti en verður upplýst með gegnsæjum og góðum hætti þegar þar að kemur.“

Geir Þorsteinsson vildi ekki tjá sig um málið með ítarlegum hætti í samtali við Fréttablaðið í gær. „Það eina sem vakir fyrir okkur er að tryggja fullnægjandi lýsingu á Laugardalsvelli fyrir næstu keppnisleiki íslenska landsliðsins í knattspyrnu,“ sagði Geir.

> **Það eina sem vakir fyrir okkur er að tryggja fullnægjandi lýsingu á Laugardalsvelli.**
> *Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ.*

eirikur@frettabladid.is

# Ekki fengið á sig mark síðan Þóra samdi

Íris Dögg Gunnarsdóttir, markvörður Fylkis, sættir sig ekki við að setjast á bekkinn þegar Þóra kemur.

**FÓTBOLTI** Íris Dögg Gunnarsdóttir, markvörður Fylkis, hélt enn á ný hreinu í fyrrakvöld þegar Fylkir vann 2-0 útisigur á Val í 6. umferð Pepsi-deildar kvenna. Íris hefur haldið hreinu í öllum leikjum nema einum í sumar og það eru aðeins Íslandsmeistarar Stjörnunnar sem hafa skorað hjá henni. Nýliðar Fylkis sitja líka í 3. sæti deildarinnar og eru aðeins tveimur stigum á eftir toppliði Stjörnunnar þegar þriðjungur er búinn af mótinu.

Fylkismenn ákváðu samt sem áður að semja við landsliðsmarkvörðinn Þóru B. Helgadóttur í byrjun júní. Íris Dögg var þá nýbúin að fá á sig þrjú mörk í tapleik á móti Íslandsmeisturum Stjörnunnar en hefur haldið marki sínu hreinu síðan fréttist af komu Þóru.

„Ég reyni helst ekki að hugsa um þetta. Ég tek bara einn leik í einu og vona það besta,“ sagði Íris Dögg Gunnarsdóttir í viðtali við Valtý Björn Valtýsson á Stöð 2 í gærkvöldi.

Nú eru liðnar 362 mínútur síðan Íris Dögg fékk síðast á sig mark í Pepsi-deildinni eða Borgunarbikarnum. Stjörnukonan Maegan Kelly skoraði það mark sem og hin tvö sem Íris fékk á sig í Garðabænum.

„Það hefur verið rosalega góð hvatning til að skoða hlutina hjá sjálfri sér, gera sitt besta og auglýsa sig smá,“ segir hún salleróleg í samtalinu við Valtý en Íris býst samt ekki við að vera mikið lengur hjá Fylki. „Það má ekkert lið á Íslandi hafa tvo svona góða markmenn þannig það verður eitthvað að gerast,“ segir hún og brosir. Íris Dögg á því kannski bara tvo deildarleiki eftir með Fylki.

„Það getur vel verið að ég fari [þegar glugginn opnast]. Ég hef reynt að standa mig vel þannig að vonandi opnast einhverjir gluggar hjá mér. Ég vil halda mér í toppbaráttunni í Pepsi-deildinni en það hefur enginn haft samband ennþá. Mér líður vel hjá Fylki og ég vil ekki fara í neinum leiðindum en ég vil ekki missa af þessu tækifæri og sitja á bekknum það sem eftir er af sumrinu. Það kemur ekki til greina,“ segir Íris Dögg Gunnarsdóttir. -óój

**FÆST MÖRK Á SIG Í LEIK Í PEPSI-DEILDINNI:**

| | |
|---|---|
| Íris Dögg Gunnarsdóttir, Fylki (3 mörk á sig/ 6 leikir) | 0,5 |
| Sandra Sigurðardóttir, Stjörnunni (6/6) | 1,0 |
| Sonný Lára Þráinsdóttir, Breiðabliki (6/6) | 1,0 |
| Roxanne Kimberly Barker, Þór/KA (7/6) | 1,2 |

**OFTAST HALDIÐ HREINU Í PEPSI-DEILDINNI:**

| | |
|---|---|
| Íris Dögg Gunnarsdóttir, Fylki | 5 sinnum |
| Sonný Lára Þráinsdóttir, Breiðabliki | 4 sinnum |
| Sandra Sigurðardóttir, Stjörnunni | 3 sinnum |
| Roxanne Kimberly Barker, Þór/KA | 2 sinnum |



**HÉLT HREINU FJÓRÐA LEIKINN Í RÖÐ** Íris Dögg Gunnarsdóttir í leiknum á móti Val. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




# HUNT'S — FULLT AF FJÖRI

Í 10-11 finnur þú frábært vöruúrval. Þú færð bragðgóðu tómatsósuna frá Hunt's í næstu verslun 10-11.

10-11

Fljótlegt og þægilegt

# DAGSKRÁ



**Stöð 2 Sport 2 kl. 15.50**

**Bandaríkin – Þýskaland**

Bein útsending frá leik Bandaríkjanna og Þýskalands á HM 2014.

## Í KVÖLD



**HM í fótbolta**

**SJÓNVARPIÐ KL. 19.50** Bein útsending frá leik Alsírs og Rússlands á HM í fótbolta.



**Weeds**

**STÖÐ 2 GULL KL. 20.30** Sjötta þáttaröðin um hina úrræðagóðu Nancy Boewden, sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.



**Grillsumarið mikla**

**STÖÐ 2 KL. 20.05** Vönduð íslensk þáttaröð með verðlaunakokkunum Bjarna Siguróla og Jóhannesi Steini. Þeir munu töfra fram ljúffenga og fjölbreytta grillrétti fyrir áhorfendur í allt sumar.

**Bylgjan kl. 10.00**
**Maskínan**

Siggi Hlö – Maskínan sjálf er á Bylgjunni alla virka daga klukkan 10–13 í allt sumar. Skemmtileg tónlist, óþarfa fróðleikur og fjör alla virka daga.




SPORT 2
HM stöðin




**Kemst Aron í 16 liða úrslit?**

Aron Jóhannsson og félagar í bandaríska landsliðinu mæta Þjóðverjum í stórleik í kvöld. Bandaríkjunum nægir jafntefli til að komast áfram í 16-liða úrslit. Tekst Jürgen Klinsmann að sigra landa sína eða er þýska stálið óstöðvandi?

**BANDARÍKIN – ÞÝSKALAND KL. 16:00**
**SUÐUR-KÓREA – BELGÍA KL. 20:00**

Fáðu þér áskrift! 365.IS


### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm in the Middle**
**08.30 Man vs. Wild**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 60 mínútur**
**11.05 Nashville**
**11.50 Suits**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Men in Black 3**
**14.50 The O.C.**
**15.35 Ozzy and Drix**
**16.00 Frasier**
**16.25 The Big Bang Theory**
**16.45 How I Met Your Mother**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Fóstbræður**
**19.40 Derek**
**20.05 Grillsumarið mikla** Vönduð íslensk þáttaröð með verðlaunakokkunum Bjarna Siguróla og Jóhannesi Steini. Þeir munu töfra fram ljúffenga og fjölbreytta grillrétti fyrir áhorfendur í allt sumar.
**20.25 Masterchef USA** *(24:25)*
**21.10 NCIS** *(18:24)*
**21.50 Person of Interest** *(21:23)*
**22.35 Those Who Kill**
**23.20 Mad Men**
**00.05 24. Live Another Day**
**00.50 Brooklyn's Finest**
**03.00 Taken From Me. The Tiffany Rubin Story**
**04.30 Black Dynamite**
**05.50 NCIS. Los Angeles**

### SPORT *besta sætið*

**14.35 Alfreð Finnbogason**
**15.15 Pæjumótið í Eyjum**
**15.55 Fram - FH**
**17.40 Pepsímörkin 2014**
**19.00 Norðurálsmótið**
**19.40 Icelandic Fitness and Health Expo 2012**
**20.10 Formúla 1 - Austurríki**
**22.30 Meistaradeild Evrópu.**
**00.15 Box - Provodnikov vs Algieri**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.10 Bosnía - Íran**
**08.50 Ekvador - Frakkland**
**10.30 HM Messan**
**11.30 Nígería - Argentína**
**13.10 Hondúras - Sviss**
**14.50 HM Messan**
**15.50 Bandaríkin - Þýskaland** Bein útsending frá leik Bandaríkjanna og Þýskalands á HM 2014.
**18.00 Ekvador - Frakkland**
**19.50 Suður-Kórea - Belgía** Bein útsending frá leik Suður-Kóreu og Belgíu á HM 2014.
**22.00 HM Messan**
**23.00 Portúgal - Gana**
**00.40 Algería - Rússland**
**02.20 HM Messan**
**03.20 Bosnía - Íran**

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing Jafet og viðskiptalífið **21.00** Auðlindakistan Umsjón Páll Jóhann Pálsson **21.30** Suðurnesjamagasín

### STÖÐ 3

**17.30 Top 20 Funniest**
**18.15 Free Agents**
**18.40 Community**
**19.00 Malibu Country** *(13:18)*
**19.25 Family Tools** *(9:10)*
**19.50 Ravenswood** *(4:10)*
**20.35 The 100** *(5:13)*
**21.20 Supernatural** *(21:22)* Fimmta þáttaröðin af yfirnáttúrulegu spennuþáttunum um Winchester-bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirnáttúrulegar furðuskepnur.
**22.00 True Blood** *(9:12)*
**23.00 Malibu Country**
**23.25 Family Tools**
**23.50 Ravenswood**
**00.35 The 100**
**01.20 Supernatural**
**02.05 Tónlistarmyndbönd**

### KrakkaStöðin

**07.00** Brunabílarnir **07.25** Latibær **07.47** Gulla og grænjaxlarnir **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Ævintýraferðin **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.25** Skógardýrið Húgó **10.47** Tommi og Jenni **10.55** Hókus Pókus **11.00** Brunabílarnir **11.23** Latibær **11.47** Gulla og grænjaxlarnir **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Ævintýraferðin **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.25** Skógardýrið Húgó **14.47** Tommi og Jenni **14.54** Hókus Pókus **15.00** Brunabílarnir **15.23** Latibær **15.47** Gulla og grænjaxlarnir **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Ævintýraferðin **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.25** Skógardýrið Húgó **18.47** Tommi og Jenni **18.55** Hókus Pókus **19.00** Astro boy **20.35** Sögur fyrir svefninn

### GULLSTÖÐIN

**18.25 Strákarnir**
**18.55 Friends**
**19.20 Seinfeld**
**19.45 Modern Family**
**20.05 Two and a Half Men** *(1:22)*
**20.30 Weeds** *(5:13)* Sjötta þáttaröðin um hina úrræðagóðu Nancy Boewden, sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.
**21.00 Breaking Bad** *(3:13)*
**21.50 Without a Trace** *(17:24)*
**22.35 Harry's Law** *(8:12)*
**23.15 Boss**
**00.15 Weeds**
**00.45 Breaking Bad**
**01.30 Without a Trace**
**02.10 Harry's Law**
**02.55 Tónlistarmyndbönd**

### BÍÓSTÖÐIN

**11.40 Henry's Crime**
**13.25 The Winning Season**
**15.10 The Bucket List**
**16.50 Henry's Crime**
**18.35 The Winning Season**
**20.20 The Bucket List**
**22.00 10 Years**
**23.40 The Watch**
**01.20 What's Your Number**
**03.05 10 Years**

### RÚV

**10.50 HM í fótbolta** *(Bosnía - Íran)*
**12.40 HM í fótbolta** *(Ekvador - Frakkland)*
**14.30 Ástareldur**
**15.20 HM-stofan**
**15.50 HM í fótbolta** *(Portúgal - Gana)* Bein útsending frá leik Portúgals og Gana á HM í fótbolta.
**17.50 HM-stofan**
**18.15 Fisk í dag**
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Vinur í raun** *(4:6) (Moone Boy)*
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 HM-stofan**
**19.50 HM í fótbolta** *(Alsír - Rússland)* Bein útsending frá leik Alsírs og Rússlands á HM í fótbolta.
**21.55 HM-stofan**
**22.15 Tíufréttir**
**22.30 Veðurfréttir**
**22.35 Lögregluvaktin** *(2:15) (Chicago PD)* Bandarísk þáttaröð um líf og störf lögreglumanna í Chicago. Meðal leikenda eru Sophia Bush, Jason Beghe og Jon Seda. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.20 Ari Eldjárn á RÚV**
**23.45 HM í fótbolta** *(Bandaríkin - Þýskaland)*
**01.30 HM í fótbolta** *(Suður Kórea - Belgía)*
**03.15 Fréttir**
**03.30 Dagskrárlok**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**15.20 The Bachelorette**
**16.50 Survior**
**17.35 America's Next Top Model**
**18.20 Dr. Phil**
**19.00 Emily Owens M.D**
**19.45 Parks & Recreation** *(2:22)* Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki. Pegar traust milli vinnufélaganna er lítið þá er auðvelt að plata þá til að hjálpa sér eins og Ron kemst að raun um.
**20.10 The Office** *(5:24)* Skrifstofustjórinn Michael Scott er hættur störfum hjá Dunder Mifflin en sá sem við tekur er enn undarlegri en fyrirrennari hans. Það er hrekkjavaka á skrifstofunni og ekki eru allir á eitt sáttir.
**20.30 Royal Pains** *(11:16)*
**21.15 Scandal** *(1:18)* 22.00 Agents of S.H.I.E.L.D. *(11:22)* Hörkuspennandi þættir úr smiðju teiknimyndarisans Marvel.
**22.45 Green Room with Paul Provenza**
**23.10 The Good Wife**
**23.55 Beauty and the Beast**
**00.40 Royal Pains**
**01.25 Scandal**
**02.10 Pepsi MAX tónlist**

### Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **13.00** Golfing World 2014 **13.50** PGA Tour 2014 **15.55** European Tour 2014 - Highlights **16.50** Champions Tour 2014 - Highlights **17.45** Inside The PGA Tour 2014 **18.10** Golfing World 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **22.00** Golfing World 2014 **22.50** Inside The PGA Tour 2014 **23.15** PGA Tour 2014 - Highlights

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# Allt fyrir baðherbergið

**Á MÚRBÚÐARVERÐI**

CERAVID

Þýsk gæði




CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og **hæglokandi seta.**

Þýsk gæðavara

**41.990**



# BOZZ sturtuklefi

80x80cm

**43.900**

Fást einnig í 90x90cm á **kr. 45.900**. Einnig eru til rúnnaðir 90x90 klefar á **kr. 45.900**

Sturtustöng og -brúsa fylgja.





**11.990**

**AGI-167 hitastýrð blöndunartæki fyrir sturtu fáanleg með upp stút.**

**Rósetturog hjámiðjur fylgja.** Vatnslás og botnventill frá McAlpine seldur sér á **kr. 1.290**

GUOREN

# Guoren hitastýrð blöndunartæki

LÁTUM FAGMENN VINNA VERKIN

EN 1111:1997



**Guoren** TLY Sturtusett
kr. **47.990**

**Málm handföng. Rósettur og hjámiðjur fylgja.**



**Guoren** 4F Hitastýrt baðtæki Exclusive
kr. **19.990**



**Guoren** 1L Hitastýrt baðtæki standard
kr. **17.990**

CE



**Guoren**-AL Hitastýrt tæki með uppstút
kr. **14.990**



**Guoren**-BO Hitastýrt tæki með niðurstút
kr. **14.990**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 9-12 & 13-18 |

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

## SUMARDRYKKUR ÁRSINS



**„Það er nauðsynlegt að eiga alltaf engiferöl inni í ísskáp, með nóg af klökum og lime. En þegar maður vill leyfa sér smá þá er whiskey sour í miklu uppáhaldi.“**

Ósk Gunnarsdóttir, dagskrárgerðarkona á Popp Tíví.

# Íslenska í japönsku sjónvarpi

Arnór Dan Arnarson er á meðal þeirra íslensku tónlistarmanna sem eiga þátt í gerð tónlistar í nýrri japanskri þáttaröð sem fer í sýningu í júlímánuði.

„Á tónleikaferðalagi með Óla Arnalds í Japan á árinu, fór ég á fund með Íslandsvininum Yuka Ogura, sem er nokkurs konar framleiðslustjóri þáttanna, því aðstandendur þáttanna vildu fá mig til að syngja hluta tónlistarinnar,“ segir tónlistarmaðurinn Arnór Dan Arnarson, en hann syngur þrjú lög í nýrri japanskri teiknimyndaþáttaröð sem ber nafnið Terror in Resonance.

Um er að ræða teiknimyndaþáttaröð sem er nokkurs konar spennutryllir með yfirnáttúrulegu ívafi fyrir börn og fullorðna. „Þau vildu hafa íslenska tungumálið í þættinum. Íslenska málið og íslensk tónlist hefur verið þeim innblástur,“ segir Arnór Dan og hlær.

Hann er þó ekki eini Íslendingurinn sem kemur að þættunum því fleiri íslenskir tónlistarmenn leggja hönd á plóg. Birgir Jón Birgisson sá um upptökurnar sem fram fóru í stúdíóinu Sundlauginni og Bragi Valdimar Skúlason bjó til íslenska texta. Magnús Trygvason Eliassen spilar á trommur, Andri Ólafsson á bassa, Hilmar Jensson á gítar og þá stjórnar Borgar Magnússon strengjasveit.

Þættirnir fara í sýningu í júlí og verða sýndir á einni vinsælustu sjónvarpsstöð Japans, Fuji TV.

„Ég hef alltaf elskað animateiknimyndir þannig að þetta er mikill heiður fyrir mig og því svo sannarlega æskudraumur að rætast.“ - glp



**Í JAPÖNSKU SJÓNVARPI** Arnór Dan Arnarson syngur í nýrri japanskri þáttaröð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hefur sólóferil undir nafninu Uni Stefson

Unnsteinn Manuel er landsmönnum þekktur sem forsprakki sveitarinnar Retro Stefson en í dag lítur sólóverkefni kappans dagsins ljós undir nafninu Uni Stefson. Hann vill ekki verða of upptekinn af því að vera poppstjarna á Íslandi.

„Í byrjun árs fór ég til Berlínar til þess að semja, aðallega til að byrja á næstu Retro Stefson-plötu. Það er fínt að vera í Berlín í einangrun og það komu dagar þar sem ég hitti engan og kom ekki einu sinni upp orði. Það var eftir nokkra þannig daga sem ég var alveg að farast vegna þess að mér fannst ég ekki geta sungið, og í miðri sjálfsvorkunninni mundi ég eftir þessu ljóði sem ég hafði lært í kórnum. Svo að ég tók upp gítar og söng nýja laglínu með alls konar hljómum undir. Og úr varð þetta lag,“ segir Unnsteinn Manuel Stefánsson, söngvari hljómsveitarinnar Retro Stefson, sem hyggst á næstu misserum gefa út lög undir nafninu Uni Stefson. Fyrsta lagið, Enginn grætur, lítur dagsins ljós í dag.

„Þegar ég er að semja tónlist þá reyni ég bara að vinna sem mest án þess að setja mig í stellingar fyrir eitthvert eitt ákveðið verkefni. Svo flokka ég lögin seinna, oftast með bróður mínum, og við sjáum hvaða lög henta í hvaða verkefni,“ útskýrir Unnsteinn, sem finnst best að semja nýtt efni í útlöndum eða í Bjarnarfirði. „Maður má ekki verða of upptekinn af því að vera poppstjarna á Íslandi,“ segir hann og hlær.

„Dagana eftir að ég samdi þetta lag þá fór ég að skoða gömul lög sem ég hafði alltaf ætlað mér í sóló-bankann og prófaði að skrifa nokkra íslenska texta. Mér fannst það mjög frelsandi sköpun með minna álagi á markaðsvitundina sem er innprentuð djúpt í huga flestra poppara. En það er einmitt markaðsvitundin sem gerir popptónlist að popptónlist. Hvað selur? Hvað fær spilun? Því popptónlist getur verið hvaða tónlistarstefna sem er, á meðan hún selur.



**SEMUR Á ÍSLENSKU** Unnsteinn Manuel Stefánsson hefur sólóferil sinn undir nafninu Uni Stefson í dag með útkomu lagsins Enginn grætur. MYND/SAGA SIG

Rammstein var popptónlist þegar þeir komu hingað 2001 og Schoolboy Q er popptónlist í dag, þótt þetta séu rappari og þungarokkshljómsveit ef við pælum í stefnunum.“

Fyrsta lag Unnsteins í sólóverkefninu er á íslensku, en hann syngur vanalega á ensku með hljómsveit sinni Retro Stefson. „Mér finnst mjög gaman að syngja á íslensku, fyrir utan smá tíma í kringum kosningarnar þar sem ég fékk algjört ógeð á því að syngja rómantísk ljóð á sama tíma og nokkrir einstaklingar í samfélaginu munduðu hakakrossinn í vasanum. En svo fattaði ég að þessi ljóð eru ekki síður hluti af mínum menningararfi og ég „má“ alveg syngja þau jafn mikið og hver annar söngvari. Ég held ég sé að komast að því að mér líður best í minni listsköpun þegar ég geri það sem ég vil, frekar en það sem fólk heldur að ég ætti að gera. Maður á aldrei að fara beinu brautina og aldrei að fá sér sæti, því um leið og þú sest í sófann þá ferðu að gera leiðinlega tónlist,“ segir Unnsteinn og hlær.

„Ég hef aldrei þorað að gefa út sólóefni vegna þess hvað fólk myndi halda að yrði um bandið. En ég lít á bandið sem kollektív af nokkrum krökkum úr Austurbæjarskóla sem munu koma saman næstu áratugina til þess að gleðja fólk og sjokkera til skiptis. Retro Stefson er kjarninn. Retro Stefson er popptónlist,“ segir Unnsteinn að lokum. olof@365.is

## Hljómsveitin Retro Stefson komin í hvíld en er ekki hætt

Þó að Unnsteinn sé um þessar mundir að leggja mesta áherslu á sólóferilinn segir hann að Retro Stefson sé ekki hætt. En hljómsveitin er í hvíld.

„Ef ég myndi gera það sem fólk býst við af mér, þá myndi ég setjast í sófann og semja Glow tíu sinnum í viðbót og gefa út plötu og spila á fullt af tónleikum. En það væri ekki gaman fyrir mig, hvað þá krakkana í bandinu. Við spiluðum yfir okkur á seinasta ári, en það var líka bara gaman. Það bjargaði hljómsveitinni að fá Hermigervil inn og bandið varð bara betra. En á meðan við spilum alltaf sama efnið þá verður lítil þróun í tónlistinni, það væri svo leiðinlegt að gefa út eins plötu og síðast. Allavega fyrir Retro Stefson, þar sem hver plata hljómar eins og ný hljómsveit. Mér finnst það mjög mikilvægt þema. Við erum núna að skipuleggja upptökur á næstu plötu. Æfingarnar byrja strax í haust og svo upptökur í janúar. Aðalmálið fyrir bandið er að fá erlendan upptökustjóra með nýja sýn á verkefnið.“

Lagasmíðarnar fyrir þá plötu hafa verið í gangi í einhvern tíma, en það er mikilvægt að restin af bandinu sé aktív á meðan í öðrum verkefnum. Nokkrir eru í myndlistarnámi og svo eru t.d. Logi (Young Karin) og Hermigervill með frábærar plötur á leiðinni.“




ÖNGSTRÆTI EFTIR LOUISE DOUGHTY

HÆGT AÐ MÆLA HÁSTÖFUM MEÐ




„Höfundur fetar sig hægt og rólega áfram í ótrúlega flottum stíganda þar til allt kemur í ljós. Bókin er mjög grípandi, spennandi og ekki síst óvænt, og hægt að mæla hástöfum með henni.“ – VIKAN

„Þið munuð hugsa ykkur um tvisvar áður en þið hefjið framhjáhald eftir lestur þessarar sögu“ – FRÉTTABLAÐIÐ

BJARTUR

SONOS

FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM



Sonos er kerfi þráðlausra hátalara og hljómtækja. Það sameinar stafræna tónlistarsafnið þitt og útvarpsstöðvar í einu appi sem þú getur stjórnað frá hvaða síma eða spjaldtölvu sem er.

Spotify Google play

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS


Mímir pollagallasett
á 9.900 kr.
66° NORÐUR
Smá úði þarf ekki að spilla sumarskapinu. Í vind- og vatnsheldum pollagalla frá 66°NORÐUR ertu fær í flestan sjó.
Opið alla daga vikunnar til kl. 21 í Faxafeni.
66north.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ekki tími fyrir partí

Í gærkvöldi frumsýndi Sirkus Íslands sýninguna Heima er best í nýju sirkustjaldi á Klambratúni. „Á frumsýninguna mættu meðal annarra **Dagur B. Eggertsson** borgarstjóri og Þóra Arnórsdóttir fjölmiðlakona með allan krakkaskarann,“ segir Margrét Erla Maack og bætir við að Vigdís Finnbogadóttir hafi átt að vígja tjaldið en ekki komist. Í stað hennar klipptu á borðann þrjú sirkusbörn sem hafa verið á námskeiði hjá Sirkus Íslands. Á morgun eru svo tvær sýningar og þrjár á föstudaginn þannig að enginn tími gafst fyrir frumsýningarpartí að sýningu lokinni. Sirkuslistafólkið þarf nefnilega að halda sér í góðu formi þar sem sýningunni fylgir mikið líkamlegt erfiðis. **-ebg**



### Fögnuðu afmæli í Hörpu

Fæðubótarefnaframleiðandinn Herbalife fagnaði fimmtán ára afmæli í Hörpu í vikunni. Þar mátti sjá íþróttastjörnur á borð við fótboltakappann Björgólf Takefusa og körfuboltamennina Loga Gunnarsson og Helga Má Magnússon. Einnig hélt fótboltamaðurinn Eiður Smári Guðjohnsen tölu ásamt því að John Tartol, einn af stofnendum Herbalife, kom fram. Þá var **Margrét Hrafnsdóttir** á svæðinu en hún er einn af upphafsmönnum fæðubótarefnisins hér á landi. Mikið stuð var í Hörpu þar sem hljómsveitin Kaleo skemmti viðstöddum. **-áp**



## Mest lesið VÍSIR

1. Sjáðu öll bitin hjá Suárez | Myndband
2. 10 ára stúlku neitað um vegabréf af Þjóðskrá
3. Kúga kærustur með grófri myndbirtingu
4. Kærðu brot hæstaréttardómara: Segir aulafyndni ekki við hæfi í svo alvarlegu máli
5. Suárez þarf að leita sér aðstoðar








